

22–23

26–27

28–29

Sveitastelpa frá
Gunnbjarnarholti
lærir flutningafræði
í Ástralíu

Eina sérsverslunin
í heiminum
með afurðir af
forystufé

Þurfum að
fara í öflugt
kynningarátak

Bændablaðið

18. tölublað 2015 • Fimmtudagur 24. september • Blað nr. 451 • 21. árg. • Upplag 32.000



Smalamennska og réttir standa nú sem hæst, en þessi mynd var tekin í Skaftárrétt á dögnum. Hér eru Þórunna Harðardóttir og Eypór Valdimarsson, bændur í Ásgarði við Kirkjubæjarklaustur, og sonurinn, Hörður Eypórsson. Þau voru hæstánægð með vænleika lambanna sem nú komu af fjalli.

Mynd / Hjörtur Leonard Jónsson.

Megn óánægja meðal bænda með samning stjórnvalda um niðurfellingu tolla af landbúnaðarvörum við ESB:

Reiðarslag og nær öruggt talið að margir þurfi að bregða búi

— nýr samningur veitir líka tollfrelsi á viðskiptum með lifandi apa, asna og sjávarspendýr sem og á frosnu hvalkjöti og selkjöti

„Hugmyndin um aukna niðurfellingu á tollum af innfluttu kjúklingakjöti er hreint reiðarslag fyrir framleiðendur kjúklingakjöts á Íslandi,“ segir Jón Magnús Jónsson, alifuglabóndi að Reykjum og varaformaður Félags kjúklingabænda.

„Tollar á magn umfram þessi þúsund tonn er föst krónutala og ég hef ekki heyrt neitt um að hún eigi að breytast umfram það sem hún er í dag. Gangi þetta eftir er ég hræddur um að framleiðendur verði alvarlega að hugsa sinn gang og jafnvel þakka

saman og hætta starfsemi,“ segir Jón. Samningar á milli Íslands og Evrópusambandsins um tollaniðurfellingar á landbúnaðarvörum kom íslenskum bændum og flestum öðrum mjög á óvart. Á sama tíma hafa forsvarsmenn innflutningsverslunarinnar fagnað tíðindunum, en fjölmargt í þessum samningum vekur samt furðu.

Alvarleg tíðindi

„Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir þær greinar og ég tel að stjórnvöld hafi

vanrækt að meta áhrif samningsins til fulls. Sama gildir að mörgu leyti um nautakjötsframleiðsluna. Ég taldi að það væri vilji stjórnvalda að efla þá grein en ekki flytja hana að enn stærri hluta til útlanda,“ segir Sindri Sigurgeirsson, formaður BÍ. Hann vekur athygli á því að stjórnvöld tilkynni um nýjan samning um tollamál sem stóð til að ræða um í viðræðum um nýja búvörusamninga.

Hljóta að vera með áætlun

„Svínabændur geta í raun gert lítið

til að bæta sinn hag án aðstoðar ríkisvaldsins verði tillagan um aukinn innflutning á svínakjöti samþykkt. Ég tel því víst að þau hafi hugsað málið til enda og séu með einhvers konar áætlun í huga, eða ég vona það að minnsta kosti,“ segir Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands.

Tollfrjáls viðskipti með hvalkjöt, selkjöt, apa og asna

Þegar litið ef yfir listann yfir afnám tolla á einstökum flokk-

um kemur margt undarlegt í ljós. Ríki Evrópusambandsins hafa á liðnum árum gagnrýnt Íslendinga harðlega fyrir hvalveiðar og einnig selveiðar. Þrátt fyrir það er að finna í samningnum að tollfrelsi verður á frosnu og söltuðu hvalkjöti og öðrum frosnum hvalaafurðum. Einnig á frosnu selkjöti, sæljónakjöti og rostungakjöti. Þá verða viðskipti með lifandi sæljón, rostunga og apa tollfrjáls. Sem og viðskipti með asna sem mikil þörf virðist vera talin á í samningnum.

/HKr: /smh /VH
– Sjá einnig bls. 4 og 8

Fréttir

Takmörkunum aflétt: Dreifing sæðis úr Bamba og Flekki

Fagráð í nautgriparækt hefur ákveðið að frá og með 1. október nk. verður takmörkunum á dreifingu sæðis úr Bamba 08049 og Flekki 08029 aflétt og þeir til frjálsra afnota svo lengi sem sæði úr þeim er til.

Hugsunin með þessari stýringu var að kalla eftir skipulegu vali bænda á kúm sem haldið væri undir þessi naut og tóm gæfist til þess óháð burðartíma. Það er ljóst að það hefur tekist og notkun, sérstaklega Bamba, hefur dreift á lengri tíma og val hans á kýr orðið markvissari og betri en ella. Auk þessa hefur stýringin tvímælalaust orðið til þess að allir hafa haft tryggan aðgang að sæði úr þessum nautum sem annars hefði reynst örðugra að tryggja. Fagráð í nautgriparækt vill þakka kúabændum og frjótæknum samstarfið við þessa stýringu og þann skilning sem þessi ákvörðun hefur mætt.



Strandasýsla:

Héraðssýning á lambhrútum

Stjórn Félags sauðfjárbænda í Strandasýslu stendur fyrir héraðssýningu á lambhrútum á Ströndum laugardaginn 10. október.

Verður hún haldin í tvennu lagi vegna sauðfjárveikivarna. Annars vegar í Bæ hjá Gunnari og Þorgerði klukkan 11.00 og hins vegar á Heydalsá hjá Ragnari og Sigríði klukkan 15.00. Allir áhugamenn um sauðfé velkomnir.

Framkvæmdastjóri Bústólpa:

Ekki farin að fá neitt korn

Hólmgeir Karlsson, framkvæmdastjóri Bústólpa, segir að félagið bjóði bændum nú í haust 37 krónur á kílólið af byggi, tæpar 46 krónur með virðisaukaskatti.

„Við keyptum 233 tonn af bændum í fyrra og tókum við 41 tonni til viðbótar til vinnslu fyrir þá, samtals um 274 tonn,“ segir hann, en mikið af því korni sem bændur rækta er súrsað heima á bæ og kemur því ekki til vinnslu hjá Bústólpa.

Virði þess korns sem kom til vinnslu hjá félaginu í fyrrahaust var nær 12,6 milljónir króna með virðisaukaskatti. Mun minna var ræktað af korni á liðnu sumri miðað við sumarid þar á undan, svo Hólmgeir segist ekki vita hvað raunhæft sé að tala um hversu mikið hefur glatast.

„Við erum enn ekki farin að fá neitt korn. Ef sú staða kemur upp að við fáum lítið eða ekkert bygg innanlands flytjum við meira inn, en þetta hefur reyndar frekar lítil áhrif þar sem lítill hluti af því korni sem við notum kemur af innanlandsmarkaði,“ segir Hólmgeir. /MBÞ



Smalað var í Miðfjarðarrétt þann 5. september síðastliðinn. Þangað mætti fjöldi fólks auk bænda af svæðinu og var mikill handagangur í öskjunni eins og vera ber. Hér er Gísli Grétar Magnússon, bóndi á Staðarbakka í Miðfirði, að draga í dilka. Mynd / Jóhann Ágúst Jóhannsson

Eyjafjörður og S-Þingeyjarsýsla:

Bróðurpartur af kornuppskeru sumarsins er ónýtur

— tjón hleypur á tugum milljóna króna, segir Guðmundur H. Gunnarsson hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar

Bróðurpartur af allri kornuppskeru í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu fór forgörðum á einni frostnótt í lok ágúst. Um er að ræða gríðarlegt tjón fyrir bændur og hleypur það á tugum milljóna króna.

Guðmundur H. Gunnarsson, starfsmaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar og ráðgjafi í jarðrækt hjá RML, segir að aðfaranótt 30. ágúst síðastliðinn hafi sveflköld frostnótt lagt stóran hluta af korni á ökrum bæði í Eyjafirði og S-Þingeyjarsýslu að velli. Frost mældist þessa nótt -3,9 gráður á Möðruvöllum í Hörgárdal og á annarri veðurathugunarstöð í Eyjafirði, Torfum í Eyjafjarðarsveit, mældist það -4,5 gráður. Frost var í allmarga klukkutíma, frá því fyrir miðnætti og allt fram til morguns.



Guðmundur H. Gunnarsson.

Seinna sáð en í meðalári

Guðmundur segir að vorið hafi verið bændum erfitt, kalt var í veðri og snjócoma í lok apríl bleytti akra sem þá voru að verða tilbúnir til jarðvinnslu. Það varð til þess að sáning fór víðast hvar ekki fram fyrr en um eða upp úr miðjum maí, en á síðustu árum hefur oft verið hægt að byrja að sá korni hér norðan heiða seinni partinn í apríl.

„Þetta var um hálfum mánuði og allt upp í þremur vikum seinna en vant er. Við tók svo óvenju kalt sumar, júní og júlí voru sérlega kaldir og seinkaði það verulega skriði kornsins þótt akrarnir litu að öðru leyti vel út þrátt fyrir kalt vor og sumar, því víðast hvar var vandað til verka en margir kornbændur á svæð-



Grund I, Eyjafjarðarsveit. Fallegur kornakur ónýtur eftir frostnótt 30. ágúst, mynd tekin 4. september 2015. Mynd / GHG



Hríshóll/Möðruvellir Eyjafjarðarsveit, dæmi um velheppnaða jarðvinnslu og sáningu, mynd tekin 23. júní 2015.

inu sóttu námskeið í kornrækt síðastliðinn vetur,“ segir Guðmundur.

Meðalhiti í Eyjafirði var töluvert undir meðallagi þessa sumarmánuði, í júní og júlí. Sem dæmi má nefna að meðalhiti var 8,4 gráður á Möðruvöllum í Hörgárdal í júlí og 8,7 gráður á Torfum í Eyjafjarðarsveit.

„Það er nálægt því að vera um 2–3 gráðum undir meðaltali síðustu

ára og hafði vissulega áhrif á þroska kornsins, sem varð hægari fyrir vikið,“ segir hann. Kornid var því víða skammt á veg komið í þroska þegar frostnóttin umrædda helltist yfir í lok ágúst.

Gremjulegt því útlit var fyrir þokkalega uppskeru

„Upp úr miðjum ágúst fór veðrið að skána verulega norðan heiða og útlitið var alls ekki slæmt. Margir akranna voru fallegir þrátt fyrir kalt sumar og uppskera hefði orðið þokkaleg því haustið hefur verið ágætt, fínasta veður í september. Vöxturinn hefði því tekið vel við sér og uppskera held ég að hefði síst orðið mikið minni nú í ár en var í fyrra,“ segir Guðmundur.

Hann telur að þar sem seint var sáð og kalt var fyrri hluta sumars hafi kornið ekki staðið af sér áfallið í kjölfar frostnæturrinnar. Korn þoli að jafnaði eina og eina frostnótt, en þá þurfi vöxtur að vera lengra kominn en raunin var.

„Kornið þolir ekki frostið þegar það er þetta skammt á veg komið

í þroska. Það fór því sem fór og er verulega gremjulegt. Eftir sitja bændur með sárt ennið og gríðarlegt tjón,“ segir Guðmundur.

Meðaluppskera í fyrra um 4–5 tonn á ha

Í fyrrasumar var korn ræktað á um 460 ha lands í Eyjafirði og S-Þingeyjarsýslu en Guðmundur telur að heldur minna land hafi verið nýtt undir kornrækt nú á liðnu sumri vegna þess hve seint voraði. Uppskeyra í fyrra var að meðaltali um 4–5 tonn á ha. Um 40 krónur fengust fyrir kílólið í fyrrahaust.

„Jarðabótaúttekt fer fram þessa dagana, því verki er ekki lokið, en það er alveg ljóst að um heilmikið tjón er að ræða, það nemur einhverjum tugum milljóna,“ segir Guðmundur.

Einnig má geta þess að nokkrir akrar á svæðinu skemmdust af völdum sveppasmits sem upp kom á ökrunum. Slíkt smit nær meiri útbreiðslu á köldu og blautu sumri.

/MBÞ

Ert þú að gefa rétt kjarnfóður?



Með réttu vali á kjarnfóðri má ná hámarks árangri

Fóðurráðgjöf er mikilvæg þegar niðurstöður heysýna liggja fyrir. Fóðurblandan býður upp á fóðuráætun viðskiptavinum sínum að kostnaðarlausu.

Hafðu samband og við hjálpum þér að finna hentugustu lausnina fyrir þig.



Sendum um allt land

**Hafðu
samband**
570 9800

FB Verslun Selfossi
Austurvegi 64a
570 9840

FB Verslun Hvolsvelli
Hlíðarvegi 2-4
570 9850

FB Verslun Hellu
Suðurlandsvegi 4
570 9870

FB Verslun Egilsstöðum
Kaupvangi 11
570 9860

Fréttir

Þróun kjötmarkaðarins á Íslandi og horfur í ljósi nýrra samninga við ESB:

Búast má við að hlutdeild innflutts kjöts á markaðnum stóraukist

Heildarstærð kjötmarkaðarins á Íslandi er 28.200 tonn. Er þá allt talið til, innlend framleiðsla sem seld er hér á landi, innflutt kjöt og innfluttar unnar kjötvörur. Árið 2014 var sala á innlendu kjöti 24.230 tonn eða um 86% af heildarmarkaðnum.

Innflutt kjöt er um 14% markaðarins. Sú hlutdeild hefur vaxið hratt síðustu ár, að því er segir í samantekt Ernu Bjarnadóttur, hagfræðings Bændasamtaka Íslands.

Þar kemur einnig fram að nú sé svo komið að yfir fjórðungur nautakjötsneyslunnar er innflutt kjöt, 13% alifuglakjötsneyslunnar og ríflega 13% neyslu á svínakjöti er innflutt kjöt.

Meðfylgjandi tafla sýnir hvernig hlutdeild innflutts kjöts hefur þróast í heildarmarkaðnum síðustu 5 ár. Þar er einungis horft til óunninna afurða en að auki voru flutt inn 137 tonn af söltuðu og reyktu kjöti og 248 tonn af unnum kjötvörum á síðasta ári. Ótalið er þá niðursoðið kjöt og kjöt í tilbúnum réttum eins og pitsum, pasta og þess háttar.

Núgildandi tollfrjálsir kvótar við ESB á hreinu kjöti nema alls 500 tonnum, 200 fyrir kjúklinga- og svínakjöt og 100 tonn í nautakjöti. WTO tollkvótar eru 95 tonn í nautakjöti, 64 tonn í svínakjöti og 59 tonn í alifuglakjöti. Stærstur hluti innflutnings er því að koma utan þessara tollkvóta, ýmist á svokölluðum opnum tollkvótum þar sem

Aðgangur ESB að íslenskum markaði samkvæmt nýjum samningi - Tollfrjálsir kvótar

Vöruflokkar	Núverandi kvóti	Viðbótarkvóti	Við gildistöku samnings	Á öðru ári frá gildistöku samn.	Á þriðja ári frá gildistöku samn.	Á fjórða ári frá gildistöku samn.	Heildarkvóti
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
Nautakjöt	100	596	149	149	149	149	696
Svínakjöt	200	500	250	250			700
Kjúklingakjöt	200	656	328	328			856
Kjúklingakjöt - lifraent/lausagöngu*	-	200	100	100			200
Saltað, þurrkað og reykt kjöt	50	50	50				100
Sérostur (PDO or PGI) (**)	20	210	55	55	55	45	230
Ostur	80	300	75	75	75	75	380
Pylsur	50	200	100	100			250
Unnar kjötvörur	50	350	120	120	110		400

*„free range“ - hugtak sem notað er yfir alifugla sem fá að ganga frjálsir í eldihúsum og geta líka komist undir bert loft.

Aðgangur Íslands að ESB markaði samkvæmt nýjum samningi - Tollfrjálsir kvótar

Vöruflokkar	Núverandi kvóti	Viðbótarkvóti	Við gildistöku samnings	Á öðru ári frá gildistöku samn.	Á þriðja ári frá gildistöku samn.	Á fjórða ári frá gildistöku samn.	Heildarkvóti
	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn	Tonn
Kindakjöt	1.850	1.200	400	400	400		3.050
Unnið kindakjöt	-	300	100	100	100		300
Svínakjöt	-	500	250	250			500
Alifuglakjöt	-	300	150	150			300
Skyr	380	3.620	905	905	905	905	4.000
Smjör	350	150	39	37	37	37	500
Ostur	-	50	14	12	12	12	50
Pylsur	100	-					100

tollar eru 1/3 af leyfilegum verðtollu eða á fullum tollum. Gott yfirlit yfir þetta fyrir árin 2010–2013 er að finna í Skýrslu starfshóps um tollamál á sviði landbúnaðar til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra frá desember 2014, töflur 18–20.

Útboð á tollkvótum

Tollkvótarnir eru boðnir út eftir fyrirfram ákveðnum leikreglum. Eftirspurn eftir kvótum frá ESB sem eru tollfrjálsir, hefur verið umtalsvert meiri en framboðið.

Tölur fyrir 2014 unnar af Bí úr tollskýrslum og skýrslum um framleiðslu og sölu búvara. Innflutningur er umreiknaður með stuðlinum 0,6 í tonnum (umbreytt í skrokka)						
	2010	2011	2012	2013	2014	
Kjúklinga- og kalkúna- kjöt	Heildarneysla	7.775	8.050	8.848	9.328	9.325
	Þar af innflutningur	585	1.001	1.047	1.440	1.409
	Innflutningur af neyslu (%)	7,50%	12,40%	11,80%	15,40%	15,11%
Nautakjöt	Heildarneysla	4.100	4.580	4.439	4.542	4.763
	Þar af innflutningur	184	724	329	443	1.263
	Innflutningur af neyslu (%)	4,50%	15,80%	7,40%	9,80%	26,52%
Svínakjöt	Heildarneysla	6.243	6.454	6.105	6.543	6.554
	Þar af innflutningur	218	600	493	776	855
	Innflutningur af neyslu (%)	3,50%	9,30%	8,10%	11,90%	13,05%

Þannig buðu innflytjendur í 615 tonn af svínakjötskvóta, um 820 tonn af alifuglakjötskvóta og 334 tonn af nautakjötskvóta á árinu

Ekki tekið tillit til umfangs markaða

— segir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands

Sumt er jákvætt en annað neikvætt að mati Sindra Sigurgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands. Samkeppnisstaða bænda mun í sumum tilvikum versna og breytingarnar koma hvað harðast niður á svína- og kjúklingabændum.

„Þetta eru alvarleg tíðindi fyrir þær greinar og ég tel að stjórnvöld hafi vanrækt að meta áhrif samningsins til fulls. Sama gildir að mörgu leyti um nautakjötsframleiðsluna. Ég taldi að það væri vilji stjórnvalda að efla þá grein en ekki flytja hana að enn stærri hluta til útlanda,“

segir Sindri. Hann vekur athygli á því að stjórnvöld tilkynni um nýjan samning um tollamál sem stóð til að ræða um í viðræðum um nýja búvörusamninga.

„Bændur hljóta að taka þessa nýju stöðu upp í yfirstandandi viðræðum um búvörusamninga, svo sem hvaða þýðingu samningurinn hafi fyrir landbúnaðinn í heild og einstakar greinar hans. Stjórnvöld þurfa að svara því hvernig samningurinn rímar við markmið þeirra af eflingu íslensks landbúnaðar og matvælaframleiðslu,“ segir Sindri. Hann telur að áhrif samningsins verði víðtæk.

„Það má vænta þess að breytingar verði á vöruframboði verslana í kjölfarið. Erlendar matvörur verða fyrirferðarmeiri og verðsamkeppni mun harðna. Íslenskir bændur og afurðasölufyrirtæki þurfa að mæta þessari nýju stöðu. Breytingarnar kunna að hafa áhrif á framleiðslu- magn búvara hér á landi,“ segir Sindri.

Gerum kröfur um heilnæmi og hollustu

„Þegar aukið magn erlendrar búvöru mun flæða inn í landið þurfum við að gera ríkar kröfur til heilnæmis og hollustu. Framleiðsluhættir eru að ýmsu leyti ólíkir á milli Íslands og margra landa í Evrópu. Hér er t.d. bannað að blanda dýralyfjum í fóður sem er leyfilegt víða annars staðar. Sýklalyfjanotkun er ein sú minnsta í Evrópu hér á landi sem er verðmæt staða. Við leggjum áherslu á að tekið sé tillit til þessa og gerðar sömu kröfur til framleiðenda innfluttra matvara og innlendra.“



Sindri Sigurgeirsson.

Aukinn markaðsaðgangur

Það jákvæða sem segja má um samningana að mati formanns Bí er að ríkisvaldið skuli gera tvíhliða samning um breytingar á tollaumhverfinu. Um leið og magn erlendra búvara hér á markaðnum eykst fá íslenskir bændur aukinn aðgang að Evrópumarkaði. „Afurðafyrirtæki bænda fóru fram á aukinn markaðsaðgang fyrir íslenskar búvörur á ESB-markað fyrir nokkrum árum. Nú liggur niðurstaðan fyrir. Útflutningstækifærin í samningnum eru vissulega jákvæð. Ákvæði um vernd vöruheita eru það líka. Það gæti t.d. haft í för með sér tækifæri til að lögvernda vöruheitið „Skyr“ á erlendum mörkuðum,“ segir Sindri.

Ekki tekið tillit til umfangs markaða

Að sögn Sindra hefðu samtökin viljað að meira tillit yrði tekið til

2014. Lætur nærri að þessi eftirspurn í alifugla- og svínakjöti svari til heildarinnflutnings á árinu.

Verð á tollkvótum mun lækka

Umtalsvert meira var hins vegar flutt inn af nautakjöti og þá á fyrrnefndum opnum tollkvótum. Það gefur því augaleið að með þeim samningum sem nú hafa verið gerðir um aukningu á tollfrjálsum kvótum, mun verð á tollkvótunum lækka og samkeppnisstaða innlendra framleiðenda því strax breytast umtalsvert. Þessu til viðbótar koma 550 tonn af pylsum og unnum kjötvörum auk niðurfellingar magnolla af ýmsum unnum matvælum sem innihalda kjöt. Uppistaða hráfnis í unnum kjötvörum er svína- og alifuglakjöt og mun þetta því enn höggva skörð í innlenda framleiðslu svo hundruðum tonna skiptir.

Mikil eftirspurn eftir tollkvóta fyrir unnar kjötvörur

Eftirspurn eftir tollkvóta fyrir pylsur, sem nú er 50 tonn, var ríflega 66 tonn í fyrra. Eftirspurn eftir tollkvóta fyrir unnar kjötvörur í fyrra var um 200 tonn, eða fjórfaldur tollkvótinn en á nú á þremur árum að aukast um 350 tonn. Það gefur því augaleið að hlutdeild innflutts kjöts í heildarmarkaðnum mun aukast hratt á næstu árum.

stærðarmismunar markaðanna en ekki samið um „tonn á móti tonni“ eins og nú var raunin í sumum tilvikum. Í Evrópu búi rúmlega 500 milljón manns en á Íslandi séu um 330 þúsund neytendur. Samningurinn veiti því ESB aðgang að margfalt stærri skerf af íslenskum markaði en Ísland fær á móti.

„Framleiðsluáðstæður, veðurfar og stærðarmunur búrekstrar á Íslandi og á meginlandinu gera það til að mynda að verkom að samkeppnisstaðan sé erfið. Á vef Landssambands kúabænda er dæmi tekið af mjólkurafurðum og þar kemur fram að mjólkurframleiðsla á Íslandi sé tæplega 1/1000 af framleiðslu ESB. Með samningunum er ESB veittur tollkvóti á osti, sem nemur tæplega tíu prósentum af ostamarkaði hér á landi. Markaðsaðgangur Íslands er um það bil 13 milljónir lítra af mjólk, eða sem nemur tæplega 0,009 prósentum af mjólkurframleiðslu aðildarríkja ESB. Líkleg áhrif á mjólkurmarkað ESB af 0,009 prósentu tollfrjálsum markaðsaðgangi Íslands eru sama og engin, en áhrifin af tíu prósentu markaðsaðgangi ESB til Íslands geta verið umtalsverð.“

Verðbreytingar þurfa að skila sér til neytenda

Sindri segir að það sé mikilvægt að tollabreytingar gagnast neytendum beint en verði ekki eftir hjá smásöluinni. Hann bendir á að öflugt verðlagseftirlit sé nauðsyn til þess að áhrif tollabreytinga skili sér að fullu til neytenda. Reynslan sýni að breytingar á tollum eða vörugjöldum skila sér ekki alltaf í lægra vöruverði. /smh

Nýir samningar við Evrópusambandið um viðskipti með landbúnaðarvörur

Fyrir viku kynnti atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið nýja samninga milli Íslands og Evrópusambandsins, sem fela í sér gagnkvæmar stækkanir á tollkvótum til tollfrjáls innflutnings á búvörum, niðurfellingar eða lækkanir tolla á fjölda vara og gagnkvæma viðurkenningu á afurðarheimum.

Innleiðing á tollkvótum mun eiga sér stað í áföngum. Fyrsta hluta við gildistöku samningsins en síðan í þremur skrefum á fjórum árum. Ætla má að samningurinn geti tekið gildi í árslok 2016 eða ársbyrjun 2017 sem þýðir að hann verður að fullu kominn í gildi 2021.

Kvóti Íslands þrefaldast en kvóti ESB fimmfaldast

Heildartollkvóti Íslands fyrir tollfrjálsan útflutning búvöru inn á Evrópusambandssvæðið hefur verið 2.680 tonn, þar af 1.850 tonn af kindakjöti. Hann hækkar upp í 8.800 tonn.

Heildarkvóti ESB inn á íslenska markaðinn er nú 750 tonn en hækka-

ar í 3.812 tonn við fulla gildistöku samningsins. Sjá nánar um skiptingu á kvóta eftir búvörutegundum í meðfylgjandi töflu. Tollkvótarnir verða auglýstir og boðnir út eins og áður. Greitt verður fyrir þá ef eftirspurn er umfram framboð. Tollar á vörum sem fluttar eru inn utan kvótanna breytast ekki. Jafnframt gilda heilbrigðisreglur áfram.

Gagnkvæm niðurfelling á 340 tollalínunum

Í samningnum eru ákvæði um gagnkvæma niðurfellingu tolla á 340 tollalínunum og lækkun á 20 til viðbótar. Tollnúmerin sem samningurinn snertir í heild eru rúmlega 1600. Þar er að mest um að ræða unnar matvörur eins og pitsur, pasta, súkkulaði, ávaxtasafa og fleira. Í sumum tilvikum er verið að samningsbinda lækkanir sem þegar hafa tíðkast. Ekki er þó um að ræða vörur sem falla undir tollkvóta. Hvað varðar þær 20 tollalínur sem samið var um lækkun á gildir það sama.

— frh. bls. 8

TÍMAMÓTATILBOÐ

Það eru tímamót þegar við getum boðið allt að
1.000.000 kr. lægra verð en aðrir á sambærilegum vélum



Bjóðum 3 stærðir af CaseIH Maxxum CVX dráttarvélum með stiglausri skiptingu

CaseIH Maxxum 110 CVX
með Alö Q46 ámoksturstækjum
143 hestafla, 590 nm tog

Verð aðeins kr. 12.150.000- án vsk.*
(kr. 15.066.000- m/vsk.)*

CaseIH Maxxum 120 CVX
með Alö Q56 ámoksturstækjum
154 hestafla, 634 nm tog

Verð aðeins kr. 12.490.000- án vsk.*
(kr. 15.487.600- m/vsk.)*

CaseIH Maxxum 130 CVX
með Alö Q56 ámoksturstækjum
163 hestafla, 676 nm tog

Verð aðeins kr. 12.820.000- án vsk.*
(kr. 15.896.800- m/vsk.)*

* Gengi EUR 145

Staðalbúnaður og mikið meira!

- 50 km. ökuhraði
- Stór snertiskjá
- Fjaðrandi ökumannshús
- Loftkæling
- Vökvaútskotinn dráttarkrókur
- 3 aflúttakshraðar
- 125 ltr. vökvadæla, Power beyond LS
- 4 tvívirkar vökvasneiðar rafstýrðar (8 úttök)
- 220V hitari fyrir mótór og girkassa
- Farþegasæti með belti
- Flotmikil dekk
- Ámoksturstæki EURO/SMS með vökvalás á fylgitæki

Kraftvélar í Edinborg

Árshátíðarferð starfsmanna Kraftvéla verður að þessu sinni haldin í Edinborg dagana 1.-5. október. Sökum frábærar mætingar á árshátíðina verða mjög fáir starfsmenn við vinnu á meðan á þessu tímabili stendur. Við biðjumst fyrirfram afsökunar ef þetta veldur töfum í símsvörun eða á annarri þjónustu frá Kraftvélum.



Nýr Weidemann á Þorvaldseyri

Feðgarnir Ólafur og Páll á Þorvaldseyri keyptu í síðustu viku nýja Weidemann skotbómulyftarann sem hefur slegið svo rækilega í gegn eftir hringferðina okkar. Við óskum þeim feðgum til hamingju með nýja tækið og bjóðum þá velkomna í viðskipti við Kraftvélar.



Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlisbúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeyrisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands. Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279

Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339

Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is

Blaðamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilundur Hansen vilmundur@bondi.is

Auglýsingastjóri: Auður Laila Jónasdóttir audur@bondi.is – Sími: 563 0303 – Frágangur fyrir prentun: Prentsníð.

Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is Netfang auglýsinga er augl@bondi.is Vefsíða blaðsins er www.bbl.is

Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsíðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

LOKAORÐIN

Fíflagangur

Það er margt skrítið sem fram kemur í samfélagsumræðunni þar sem fjölmiðlun á rafrænum vefmiðlum er flestum aðgengileg. Það er þó verra þegar slíkt lítt ígrunduð og ábyrgðarlaus umræða er tekin upp sem grunnur að umræðu og jafnvel ákvarðanatöku stjórnmalamanna.

Íslendingar hafa í auknum mæli horft upp á slíkt í umræðunni á Alþingi Íslendinga á liðnum árum. Þar hefur Alþingi sett niður fyrir botnlausan fíflagang og upphafningu á umræðuhefð sem ekki einu sinni leikskólabörn myndu nokkru sinni temja sér.

Alvarlegt dæmi um slíkt var þegar afleiðing samfélagsumræðunnar var tilefni samþykktar borgarstjórnar Reykjavíkur á dögum sem fól í sér viðskiptabann borgarinnar á ísraelskar vörur. Það er ekkert við það að athuga að fólk tali um slíkt sín á milli á samskiptasíðum, en að stjórn heils sveitarfélags vaði út á sömu braut að fyrir illa ígrunduðu máli, gengur bara alls ekki. Það sem alvarlegra er að þarna fór meirihluti stjórnar höfuðborgarinnar langt út fyrir sitt lögbundna valdsvið með ákvarðanatöku um utanríkismál.

Það var ekkert skrítið að mörgu landsbyggðarfólki hafi verið brugðið við þessi tíðindi. Engu var líkara en yfirstjórn borgarinnar væri með þessu að undirstrika alvarlegan klofning höfuðborgar og landsbyggðar þar sem Reykjavík var allt í einu orðið að sérstöku borgríki.

Fíflalegri ákvarðanatöku hafa landsmenn sjaldan horft upp á, en vissulega virðingarvert að borgarstjóri og hans sveit sæi loks að sér á endanum, þó með semingi væri.

Annar angí af heiftuðugri samfélagsumræðu lýtur að stuðningi við flóttamenn. Mjög hávær hópur hrópaði í samfélagsmiðlum um að íslensk stjórnvöld yrðu að sinna þessu fólki betur en gert hefur verið. Til Íslands „yrði“ að flytja fimm hundruð, þúsund eða fimm þúsund manns. Meira að segja var nefnt á Austurvelli að ekki væri lífvænlegt á Íslandi fyrir en tala íbúa væri komin í eina milljón. Sem sagt að flytja ætti inn 700 þúsund flóttamenn.

Þegar svo einhver nefndi að það þyrfti nú kannski að íhuga hvað þyrfti til í félagslegri aðstoð og peningum til að halda uppi svo og svo miklum fjölda, að sá sami var umsvifalaust dæmdur argasti rasisti.

– Já, menn sjá greinilega oftar flísar í augum náungans en ekki heilu bjálkana í sínum eigin augum. /HKr.

LEIÐARINN

Hraða verður búvörusamningum

Stjórnvöld kynntu síðdegis á fimmtudag nýjan samning sem þau hafa gert við Evrópusambandið. Samningarnir fela í sér að tollkvótar sem heimila tollfrjálsan innflutning á búvörum frá ESB hingað til lands eru stækkaðir verulega, sem og kvótar fyrir ýmsar búvörur sem flytja má tollfrjálst héðan til ESB.

Einnig var samið um niðurfellingar eða lækkanir tolla á fjölda vara og gagnkvæma viðurkenningu á afurðaheimum. Frekari grein er gerð fyrir efnisatriðum samningsins annars staðar í blaðinu. Bændum þótti illa fram hjá sér gengið á lokastigi samningaviðræðnanna, að málinu skyldi lokað án samráðs. Vissulega hafði legið fyrir lengi að viðræður væru í gangi en það kom óþægilega á óvart að heyra fyrst af niðurstöðum þeirra í fjölmiðlum. Ekki síst vegna þess að viðræður um búvörusamninga voru nýhafnar og þar stóð til að ræða um fyrirkomulag tollverndar á samningstímanum.

Það er rétt eins og fram hefur komið að afurðafyrirtæki bænda fóru árið 2010 fram á aukinn markaðsaðgang fyrir íslenskar búvörur á ESB-markað. Með samningnum verður hægt að auka útflutning á ýmsum búvörum frá Íslandi, aðallega skyri og lambakjöti, en einnig fleiri afurðum ef markaðir finnast. Þau tækifæri sem samningurinn geymir felast vitanlega þar og vonandi verða þau vel nýtt. Útflutningur á öðrum vörum byggir á því að áætlanlegir markaðir finnast.

Gagnkvæm viðurkenning afurðaheita

Í samningnum er samið um gagnkvæma viðurkenningu afurðaheita. Við viðurkenningu og skuldbindingu okkur til að vernda tæplega 1.300 afurðaheiti sem skráð hafa verið í ESB og hafa landfræðilega skírskotun. Engin heiti hafa verið skráð hér enn samkvæmt okkar löggjöf um slíkar skráningar. Ástæða er til að hvetja þær greinar sem eiga sóknarfæri á markaði ESB til að skoða þessa möguleika – ekki síst skyrið og lambið. Fjölmörg dæmi eru um skráningar á afurðum sem skírskota til heilla landsvæða, t.d. hafa Skotar fengið skráð „Scottish Lamb“ og mörg sambærileg dæmi má finna.

Það er um leið skynsamlegt að valið hafi verið að gera samning um gagnkvæmar tollabreytingar en ekki einhliða niðurfellingar eins og hagsmunar

samtök innflytjenda hafa ítrekað farið fram á. Flest ríki og ríkjasambönd eins og ESB líta á tollvernd sem verðmæti og hún er aldrei látin fyrir ekkert. Með tollabreytingum samningsins og öðrum tollabreytingum sem stjórnvöld áforma á næstu misserum er sennilega að verða lítið eftir af tollum yfirleitt til fyrir Ísland að láta á móti bættum markaðsaðgangi eins og til dæmis fyrir fiskafurðir. Fyrir það verður þá að greiða með öðrum hætti.

Samkeppnisstaða versnar

Samkeppnisstaða bænda mun í mörgum tilvikum versna. Breytingarnar munu koma harðast niður á svína- og kjúklingabændum, en einnig nautakjötsframleiðslu, sem bændur stóðu í þeirri meiningu að ætti frekar að efla heldur en hitt. Ekki verður séð að stjórnvöld hafi gert neina skipulega athugun á líklegum áhrifum samningsins, svo sem á samkeppnisstöðu einstakra búgreina, afurðastöðva, annarra úrvinnslufyrirtækja eða matvælaíðnaðar yfirleitt. Meta hefði þurft áhrif á afurðaverð til bænda, líklega þróun á markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu og tekjuleg áhrif að teknu tilliti til áhrifa aukins markaðsaðgangs. Öllu þessu tengjast störf og afkoma – ekki bara bænda heldur líka verkafólks í úrvinnslugreinum.

Ekkert tillit er tekið til stærðarmismunar markaðanna. Í ESB eru íbúar ríflega 500 milljónir manns en á Íslandi 330 þúsund, eða rúmlega 1.500 á móti einum. Samningurinn veitir því ESB aðgang að margfalt stærri skerf af íslenskum markaði en Ísland fær á móti. Áhrifin af útflutningi íslenskra búvara til ESB á markaði þar verða engin, en þau geta orðið veruleg hér. Nú þegar flytjum við inn tólf sinnum meira af landbúnaðarvörum frá ESB en við flytjum þangað.

Almennar heilbrigðisreglur munu gilda áfram en engin krafa er gerð um að innfluttar vörur séu framleiddar við sambærilegar aðstæður. Framleiðsluhættir eru að ýmsu leyti ólíkir á milli Íslands og margra landa í Evrópu. Hér er t.d. bannað að blanda dýralýfjum í fóður sem er leyfilegt víða annars staðar. Sýklalyfjanotkun er ein sú minnsta í Evrópu hér á landi sem er verðmæt staða, ekki síst nú þegar ónæmi fyrir sýklalyfjum er vaxandi vandamál víða um heim. Strangar reglur gilda að auki um dýravelferð. Þessar aðstæður eru

eitthvað sem íslenskir neytendur hafa tekið sem sjálfsögðum hlut. Þær eru það hins vegar fjarri því alls staðar og hafa auðvitað kostnað í för með sér. Séu ekki gerðar sambærilegar kröfur til innflutnings og innlendrar framleiðslu og um leið og upprunamerking er ekki almenn skylda, skapar það óhjákvæmilega ójafna samkeppnisstöðu. Með því er verðinu þrýst niður og í sumum tilvikum getur það kippt rekstrargrundvöllinum undan innlendu framleiðslunni. Tollar eru einmitt oftast notaðir til að leiðrétta ójafna samkeppnisstöðu en með samningnum nú er sú tollvernd þynnt verulega út.

Mikilvægt er að breytingar sem samningurinn hefur í för með sér gagnist neytendum beint. Öflugt verðlagseftirlit er nauðsynlegt til að það gangi eftir. Reynslan sýnir að breytingar á tollum, vörugjöldum eða gengisbreytingar skila sér ekki alltaf í lægra vöruverði. Það hefur til dæmis komið fram í verðkönnunum sem Alþýðusambandið hefur gert. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá því fyrr á þessu ári kemur jafnframt fram að arðsemi stórra fyrirtækja á dagvörumarkaði er 35–40% á Íslandi samanborið við 11% og 13% í Bandaríkjunum og Evrópu. Það er því höfuðnaðsyn að launþegahreyfingin og neytendur veiti birgjum og smásölum áfram virkt aðhald í verðlagsmálum.

Viðræðum um búvörusamninga verði hraðað

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar segir meðal annars:

„Ríkisstjórnin lítur á landbúnað sem eina af mikilvægustu atvinnugreinum framtíðarinnar. Vaxandi eftirspurn eftir mat á heimsvísu skapar íslenskum landbúnaði sóknarfæri með möguleikum á aukinni framleiðslu og margbreytilegum afurðum. Ríkisstjórnin mun gera íslenskum landbúnaði kleift að nýta þau sóknarfæri sem greinin stendur frammi fyrir. Með það fyrir augum er brýnt að kanna með hvaða hætti er unnt að auka verðmæta-sköpun og nýta sem best tækifærin sem felast í sveitum landsins.“

Í ljósi þessa samnings er það krafa bænda að viðræðum um búvörusamninga verði hraðað. Það þarf að ná niðurstöðu á allra næstu vikum og um hvernig eigi að ná fram ofangreindum markmiðum með tilliti til þeirra breytinga sem tollasamningurinn hefur í för með sér. /SSS



Ekki er annað að sjá en að þessar kindur hafi verið hoppandi glaðar með að vera loks komnar heim í Tungnarétt.

Líf og starf



Það er alltaf spennu í loftinu þegar réttað er á haustin yfir því hversu vænt féð komi af fjalli og hvort allt safnið skili sér. Myndir / Ruth Örnólfs.

Réttað í endurnýjuðum en 60 ára gömlum Tungnaréttum

Réttað var í Tungnaréttum í Biskupstungum þann 12. september sl. Þá voru liðin 60 ár síðan réttirnar voru teknar í notkun eftir breytt staðarval árið 1955.

Að venju var mikið fjör og margt um manninn þegar féð var rekið í réttina um fyrri helgi. Fjallkóngurinn var kona að nafni Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir frá Bræðratungu. Ekki var síður handagangur í öskjunni þegar dregið var í dilka og ekki var laust við að einn og einn dreypti á söngvatni.

Frá gamalli tíð stóðu Tungnaréttir á bakka Tungufljóts í landi Holtakota, rétt ofan við Koðralæk. Þær voru hlaðnar úr hraungrjóti eins og algengast var á þeim tíma. Árið 1955 var ráðist í að endurnýja rétt-



Fjölmenni var við hliðið þegar rekið var í réttina.

imar og þá voru þær færðar niður með fljótinu og reistar við fossinn Faxe eða á þeim stað þar sem þær eru núna.

Í febrúar 2012 stofnuðu heima-menn í Biskupstungum félagið Vini Tungnarétta gagnert til að endurbyggja réttirnar í uppruna-legri mynd. Stofnfélagar voru um 100 talsins. Á stofnfundinum kom strax í ljós að mikill áhugi var fyrir verkefninu og fjöldi stofnfélaga fór fram úr björtustu vonum.

Þann 14. september 2013 var fyrst réttað í nýjum Tungnaréttum í Biskupstungum og dregið í dilka sem eru 25 talsins. Hver þeirra tekur um 400 fjár og samtals rúm-ast því um tíu þúsund fjár í dilkum réttarinnar. Formleg vígsla réttarinnar fór svo fram laugardaginn 21. júní 2014 með borðaklippingu Sigurðar Inga Jóhannssonar landbúnaðarráðherra og Helga Kjartanssonar, þá nýkjörins odd-vita Bláskógabyggðar. Var þetta hans fyrsta embættisverk.

Það var Ruth Örnólfs sem



Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjórnin í Hveragerði.



Sigurður Sumarliðason og ljós-myndarinn Ruth Örnólfs.

,var fulltrúi Bændablaðsins í Tungnaréttum að þessu sinni og tók hún meðfylgjandi myndir.



Fjallkóngurinn Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir.



Guðni Ágústsson og Pétur Þorvaldsson frá Bildsfelli.



Einar með flottasta pelann í réttunum sem er tvöfaldur.



Bildsfellsfjölkskyldan.

MÆLT AF MUNNI FRAM 138

Davíð Hjálmar Haraldsson opnar mér annað slagið ljóðasjóði sína. Þar er enda úr miklu að móða. Davíð er bragvís með afbrigðum og myndrænn í besta máta. Sérlega eru limrur Davíðs læsilegar. Eftirfarandi limru orti hann þegar tilskipanir Evrópusambandsins flæddu hvað ákafast yfir og sást embættismönn-um yfir ýmsa agnúa sem illa sam-ræmdust okkar litla samfélagi:

Samkvæmt nýlegum úrskurði ESA skal annast um Huppu og Blesa með ráðum og dáð og reglugerð háð og Indriði læri að lesa.

Næstu vísur **Davíðs** eru ortar á ýmsum tímum liðins sumars. Orðfærið er myndrænt og ramm-íslenskt og ekki í daglegri notkun þeirra sem mest ríða ritvelli nú til dags.

Júnímorgunn:

Sekkur hratt í sólarljós syfjað næturstirni. Drúpir höfði dalarós, döggin frýs á þyrni.

Fjórði maí:

Gropnar klaki, grænkar tún, grugg úr flagi seytlar. Vörglaðir á vegarbrún vaxa góubeitlar.

Júnihret:

Þá í lundi þröstur hló, þegar féð var borið, undir djúpri dyngju af snjó Drottinn faldi vorið.

Jónsmessa á Árskógsströnd:

Leiftra daggir, loga brekkur, ljóma slær á fjallaskörð þegar eldrauð sólín sekkur síðla kvölds í Eyjafjörð.

Sumarkvöld:

Sigur værd á sunnanátt, sjatna báruvaldar. Nú er vestrið næturblið, norðrið rauðu tjaldar.

Ágústdagur:

Dúnurt smá í dalalind dýfir rötartánum. Nú er sól um Súlutind og sveppir undir trjánum.

Síðsumar:

Sofnar árla sólín löt, syfjar jarðargróður. Kominn er í ferðaföt fuglaskari hljóður.

Að endingu birtist ljóðkorn eftir **Davíð** sem hann nefnir Jónsmessu:

Fagnar allt og fer á stjá. Óðinshani er á spani út við flóðin fagurblá.

Rjóðrið þar sem reyrinn grær, dreifir angan daginn langan. Ilminn teygur austanblær.

Síli, vermt af sólarglód, er í leyni undir steini. Nú er gott á norðurslód.

Umsjón:

Árni Geirhjörtur Jónsson
kotabyggð1@gmail.com

Fréttir

Tollfrjáls innflutningur á kjúklingakjöti 1.000 tonn eftir fjögur ár:

„Reiðarslag fyrir kjúklingabændur“

— segir Jón Magnús Jónsson, varaformaður Félags kjúklingabænda

Innanlandsframleiðsla á kjúklingakjöti er um 8000 tonn af skrokkum á ári. Árið 2014 voru flutt inn um 1.000 tonn af frosnu og beinlausu kjúklingakjöti og voru 200 tonn af því tollfrjáls. Á næstu fjórum árum stendur til að auka tollfrjálsan innflutning á kjúklingum í 1.000 tonn.

„Hugmyndin um aukna niðurfellingu á tollum af innfluttu kjúklingakjöti er hreint reiðarslag fyrir framleiðendur kjúklingakjöts á Íslandi,“ segir Jón Magnús Jónsson, alifuglabóndi að Reykjum og varaformaður Félags kjúklingabænda.

Á síðasta ári voru flutt inn um 1.000 tonn af frosnu kjúklingakjöti og þar af voru 200 tonn tollfrjáls. Samkvæmt þeim tillögum sem liggja frammi um tollfrjáls viðskipti við lönd innan Evrópusambandsins á sá kvóti að hækka í 1.000 tonn á næstu fjórum árum.

Ógn við innanlandsframleiðslu

Jón Magnús segist óttast að aukinn tollfrjáls innflutningur þýði í raun að innflutningur á fuglakjöti verði frjáls til landsins.

„Tollar á magn umfram þessi þúsund tonn er föst krónutala og ég hef ekki heyrt neitt um að hún eigi að breytast umfram það sem hún er í dag. Gangi þetta eftir er ég hræddur um að framleiðendur verði alvarlega að hugsa sinn gang og jafnvel pakka saman og hætta starfsemi.“

Kjúklingabændur hafa rætt mikið saman að undanförmu og eru á einu máli um að þetta hafi verulegar forsendubreytingar í för með sér. Alls óvíst er hvernig þetta þróast áfram nema að ljóst er að innflutningur muni aukast verulega. Það muni þrengja enn frekar að innlendri framleiðslu og gera hana óhagkvæmari.

Ólík samkeppnisaðstaða

„Vegna smæðar íslenska markaðarins eru íslensk kjúklingabú agnarsmá miðað við meðalstór bú í löndum Evrópusambandsins. Á Íslandi eru víkmörk fyrir salmónellu 0% sem þýðir að komi upp smit í kjúklingabúi er öllum kjöti og fuglum fargað. Erlendis er smituðum fuglum víða slátrað og þeir settir matreiddir á markað. Þegar kemur að vörnum gegn smiti á kamfílóbakter stöndum við öllum þjóðum framar. Hér eru tekin sýni úr fuglum fyrir slátrun og finnst smit fer kjötið ekki ferskt á markað.“

Reyndar er sjúkdómastaðan og sýklalyfjanotkun hér allt önnur og mun minni en í öðrum Evrópulöndum og þeim löndum sem kjötið er flutt inn frá. Reglur um aðbúnað og þéttleika eru meiri hér en almennt í Evrópulöndum sem enn frekar ýtir



Jón Magnús Jónsson, alifuglabóndi að Reykjum og varaformaður Félags kjúklingabænda.

undir aðstöðumun í framleiðslu-kostnaði en auki velferð alifugla hérlandis,“ segir Jón Magnús.

Sér ekki fram á útflutning í bráð

Jón segist ekki sjá fyrir sér í fljótu bragði hvernig kjúklingabændur geti brugðist við aukinni samkeppni á markaði samfara auknum innflutningi á tollfrjálsu kjöti. „Það er nokkuð ljóst að við förum ekki í sókn í útflutningi fyrsta kastíð. Til þess að skapa okkur þá sérstöðu sem þarf til þess þarf mikið fjármagn og langan undirbúning.“

Eins og að fá blauta tusku í andlitíð

„Að mínu mati er um þessar mundir verið að reka fleyg í samstarf búgreina á Íslandi. Á sama tíma og sauðfjár- og kúabændum er gert kleift að auka sína framleiðslu sé alifugla- og svínabændum gert erfitt fyrir,“ segir Jón Magnús Jónsson, varaformaður Félags kjúklingabænda. /VH

Tollfrjáls innflutningur á frosnu svínakjöti 700 tonn eftir fjögur ár:

„Vona að stjórnvöld hafi hugsað málið til enda“

— segir Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands

Innflutningur á tollfrjálsu frosnu svínakjöti verður aukinn í 700 tonn á næstu fjórum árum verði nýr tollsamningur við Evrópusambandið samþykktur. Formaður Svínaræktarfélags Íslands segir svínabændur lítið geta gert til að rétta sinn hag í kjölfar samningsins án aðkomu stjórnvalda.

„Árið 2007 var gerður gagnkvæmur samningur um tollfrjálsan innflutning á 200 tonnum af frosnu svínakjöti frá löndum Evrópusambandsins og svínabændur töldu þá ljóst að þeir fengju sambærilegan útflutningskvóta á móti og gerðu kröfu til þess. Því var hafnað af landbúnaðarráðuneytinu á sínum tíma og kvótinn notaður til að flytja út lambakjöt í staðinn,“ segir Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands.

Heildarinnflutningurinn nærri 2.000 tonnum

„Núna er hugmyndin að auka innflutning í 700 tonn en við höfum ekki farið fram á að fá sama kvóta á móti til að flytja út kjöt og ætlum ekki að gera það. Auk þess er gert ráð fyrir verulegri aukningu í innflutningi á unnum kjötvörum. Þannig gæti heildarmagn innflutnings svínakjöts verið um 2.000 tonn að teknu tilliti til beinahlutfalls. Á síðasta ári, 2014, voru flutt inn tæp 600 tonn af frosnu svínakjöti til landsins, þar af voru 200 samkvæmt samningi frá 2007. Einnig var flutt inn svínakjöt í unnum kjötvörum en við höfum ekki tiltækar upplýsingar um magnið.“

Hljóta að vera með áætlun

„Svínabændur geta í raun gert lítið

til að bæta sinn hag án aðstoðar ríkisvaldsins verði tillagan um aukinn innflutning á svínakjöti samþykkt. Ég tel því víst að þau hafi hugsað málið til enda og vera með einhvers konar áætlun í huga, eða ég vona það að minnsta kosti.“

Keppt á ójöfnum forsendum

Samkeppnisstaða svínakjötsframleiðenda á Íslandi er engan veginn sambærileg við það sem gerist í Noregi og í löndum Evrópusambandsins að sögn Harðar. „Ef horft er til svínaræktar í Noregi þá nota stjórnvöld þar Olíusjóðinn til að tryggja byggð í landinu og sum af stærstu búunum þar eru eins og minnstu búin hér. Í löndum eins og Danmörku, Þýskalandi, Spáni og Póllandi eru aftur á móti mörg risastór bú þar sem hægt er að ná verðinu niður í krafti stærðarinnar. Notkun á sýklalyfjum í þessum löndum er víða látin viðgangast og sögð fyrirbyggjandi. Auk þess sem lyfjanotkunin eykur vaxtarhraða dýranna fyrirbyggja þau sjúkdóma og það lækkar kostnað.“

Hörður segir íslenska svínabændur ekki gera kröfu um að notkun sýklalyfja hér verði með sama hætti og í útflutningslöndunum þar sem þeir leggi mikla áherslu á hollustu afurðanna sem þeir framleiða. Læknar og sýklafræðingar hafa ítrekað varað við notkun þeirra og segja notkun á sýklalyfjum sem vaxtarhvata í landbúnaði tengjast mesta lýðheilsuvandamáli samtímans sem er sýklalyfjaofnæmi. Hann segir aftur á móti að ákvörðun um notkun þeirra sé stjórnvalda og vilji þau auka notkun í svínarækt hér á landi til að jafna samkeppnisstöðu bænda þá hlýði þeir þeim tilmælum.

„Það sem skiptir mestu í sambandi við samkeppnisaðstöðuna er hvernig kostnaður við framleiðsluna verður til. Orkukostnaður hér á landi er í sumum tilfellum lægri en í Evrópu en á móti þurfum við að nota meira af orku vegna veðurfarsins. Vextir hér á landi eru einnig hærri en þekkist annars staðar í Evrópu og það hefur líka sitt að segja.“

Líklegt að einhverjir bregði búi

Hörður telur líklegt að einhverjir hérlendir svínabændur muni bregða



Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands.

búi í kjölfar aukins innflutnings. „Annað er nánast óhugsandi. Hér á landi eru nokkur stór fyrirtæki sem koma að vinnslu afurða úr svínakjöti og ég veit ekki hvernig þau koma til með að bregðast við

innflutningnum. Sum þessara fyrirtækja hafa flutt inn talsvert af svínakjöti undanfarin ár og hugsanlega auka þau einfaldlega við hann,“ segir Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélagsins. /VH

Niðurfelling tolla og afsal á álagningarheimildum

Með samningunum við ESB lækkar tollur á frönskum kartöflum um 40% en hann er ekki felldur niður.

Annað dæmi um breytingu er að heimilt er að leggja 378% verðtoll og 50 kr/kg magntoll á bökunarkartöflur í tollskrá, en mörg undanfarin ár hafa stjórnvöld heimilað að þær séu fluttar inn tollfrjálst með árlegri útgáfu reglugerðar. Með samningnum afsalar Ísland sér þessari álagningarheimild gagnvart ESB og tollfrjáls innflutningur á bökunarkartöflum frá ESB er festur í sessi. Fjöldmörg sambærileg dæmi má finna í samningnum.

Gagnkvæm viðurkenning afurðaheita

Samið er um gagnkvæma viðurkenningu afurðaheita, það er að Ísland fær aðild að skráningar kerfi ESB um landfræðilega vernd vöruheita. Það þýðir að Ísland viðurkennir skráningar ESB á slíkum vöruheitum sem mörg eru vel þekkt, til dæmis fetaostur, Rioja skinka, Stilton-

ostur og fleira. Að sama skapi geta framleiðendur hér fengið afurðir sínar skráðar og verndaðar innan ESB, svo sem skyr eða aðrar vörur sem eiga rætur í íslenskri sögu eða hefðum, geti þeir sýnt fram á sérstöðu þeirra.

Nýir samningar koma í stað samninga frá 2001 og 2007

Í tilkynningu frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu kemur fram að formlegar viðræður hafi byrjað árið 2012. Þar kemur einnig fram að nýjum samningum sé ætlað að koma í stað samninga frá 2001 um viðskipti með unnar landbúnaðarvörur og 2007 um viðskipti með óunnar landbúnaðarvörur. Með þeim muni að mati ráðuneytisins vöruúrval aukast og vöruverð lækka til hagsbóta fyrir neytendur – auk þess að fela í sér veruleg ný tækifæri fyrir útflytjendur.

Samningarnir munu nú fara í lögfræðilega yfirferð og lokafrágang og verða lagðir fyrir til formlegs samþykkis ESB og íslenskra stjórnvalda.



Ekki náðist í Sigurð Inga landbúnaðarráðherra

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og skilaboð náðist ekki í Sigurð Inga Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, við vinnslu fréttar. Þar stóð til að spyrja hann um nýjan samning milli Íslands og Evrópusambandsins um tolla og verslun með búvörur. Þar á meðal hvort stjórnvöld hafi lagt mat á áhrif samningsins fyrir einstakar búgreinar og hvort til standi að veita þeim greinum sem verst koma út úr breytingunum stuðning. /VH

Íslenskt kjarnfóður í öll mál

Kjarnfóðrið frá Líflandi er íslensk framleiðsla



- Úrvals hráefni og aðföng.
 - Framleiðsla samkvæmt ströngum gæðakröfum.
 - Tæknivædd og nútímaleg fóðurverksmiðja.
 - Vöruþróun í samstarfi við Trouw Nutrition í Hollandi.
-
- Kjarnfóðurtegundir fyrir allar aðstæður.
 - Heysýnataka og fóðurráðgjöf með NutriOpt.
 - Persónuleg og lausnamiðuð þjónusta.
 - Skilvirk fóðurdreifing um allt land.

Allar nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum Líflands

Sala og ráðgjöf
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík
Óseyri, Akureyri

Efstubraut, Blönduósi
Borgarbraut, Borgarnesi

www.lifland.is
lifland@lifland.is


LÍFLAND

Fréttir



Lagt er til að ríkið móti sér eigendastefnu um nýtingu og aðra ráðstöfun landareigna í þess eigu.

Landnotkun í dreifbýli og sjálfbær landnýting:

Samræma þarf verklag hjá opinberum stofnunum

Starfshópur um landnotkun í dreifbýli og sjálfbæra landnýtingu hefur skilað tillögum sínum til umhverfisráðherra. Í skýrslunni er niðurstöðum hópsins skipt í þrjá meginflokka.

Í fyrsta lagi er fjallað um forsendur skipulags og ákvarðanatöku um landnotkun. Telur starfshópurinn meðal annars brýnt að samræma verklag hjá opinberum stofnunum við öflun, skráningu, viðhald og miðlun landupplýsinga á Íslandi.

Þá er lagt til að ríkið móti sér eigendastefnu um nýtingu og aðra ráðstöfun landareigna í þess eigu. Þannig hljóðar upphaf fréttar á heimasíðu umhverfis- og auðlinda-ráðuneytisins.

Í öðru lagi er fjallað um mikilvægi stefnumörkunar og lögleiðingar áætlana fyrir ólíka málaflokka, svo sem landbúnað, landgræðslu, skóg-rækt og ferðaþjónustu. Slíkar áætl-

anir fælu í sér stefnumótun til langs tíma og framkvæmdáætlanir til skemmri tíma. Leggur starfshópurinn til að mótuð verði stefna um stuðning ríkisins í þágu sjálfbærrar landnýtingar og náttúruverndar.

Loks er fjallað um stefnumörkun sem snýr meðal annars að sveitarfélögum. Leggur starfshópurinn til að hvert sveitarfélag móti sér stefnu um uppskiptingu bújarða, með hliðsjón af flokkun landbúnaðarlands, jarðalögum og eigin atvinnustefnu. Enn fremur þurfi að fjalla um loftslagsbreytingar, möguleg áhrif þeirra, aðlögun og mótvægisáðgerðir í áætlunum á vegum ríkis og sveitarfélaga, þar með talið í skipulagsáætlunum og áætlunum fyrir ólíka málaflokka.

Starfshópurinn skipuðu þau Björn Helgi Barkarson, formaður, Drífa Kristjánsdóttir, Einar Jónsson, Niels Árni Lund og Steinunn Fjóra Sigurðardóttir. /VH

Greiðslumark mjólkur fyrir næsta ár verði 137 milljónir lítra: Það var ekki tilefni til verðhækkunar á greiðslumarki eins og nú gerðist

– segir formaður kúabænda og bendir á að óvissa sé fram undan með greiðslumarkskerfið

Samstarfsnefnd Samtaka afurðastöðva (SAM) í mjólkuriðnaði og Bændasamtök Íslands (BÍ) hafa lagt til, við framkvæmdanefnd búvörusamninga, að greiðslumark mjólkur fyrir verðlagsárið 2016 verði 137 milljónir lítra. Á þessu ári er greiðslumarkið 140 milljónir lítra.

Þetta var ákveðið í kjölfar fundar samstarfsnefndar SAM og BÍ 18. september síðastliðinn þar sem fjallað var um framleiðslu, sölu og birgðir mjólkurafurða síðustu tólf mánuði og farið yfir áætlanir fyrir komandi verðlagsár 2016.

Í sölusamantekt SAM fyrir tímabilið frá september 2014 til ágúst 2015 kemur fram að sala mjólkurafurða umreiknuð á próteingrunn, var um 121,7 milljónir lítra, en umreiknað á fitugrunn var hún um 131,9 milljónir lítra. Söluáætlun til loka ársins 2015 gerir ráð fyrir að sala á fitugrunni verði um 133 milljónir lítra.

Söluáætlun SAM fyrir árið 2016 byggir á söluþróun mjólkurafurða síðustu tuttugu og fjóra mánuði og samkvæmt henni er búist við að sala mjólkurvara árið 2016, umreiknuð á fitugrunn, verði um 137 milljónir lítra.

Í tillögu samstarfsnefndar SAM og BÍ fyrir greiðslumark verðlagsársins 2015 var gert ráð fyrir fjórum milljónum lítra til birgðaaukningar, en samkvæmt söluáætlun til loka árs verður birgðaaukning nokkuð meiri. Ekki er aukningin það mikil að samstarfsnefndin telji ástæðu til að gera tillögu um skerðingu greiðslumarks til lækunar birgða vegna verðlagsársins 2016.

Forsendulaus verðhækkun á greiðslumarki

„Þetta auðveldar þeim sem hafa átt erfitt með að ná upp í sitt greiðslu-



Myndir / smh

mark hin síðustu ár, í þeim mikla vexti sem hefur verið. Þetta þýðir að greiðslurnar dreifast á heldur færri lítra. Að öðru leyti held ég nú að þetta komi lítið við kúabændur,“ segir Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda, um áhrifin af þessari lækkun. „Það hefur verið gefið út að það verði áfram greitt fullt verð fyrir alla mjólk, út næsta ár, þannig að áhrifin ættu ekki að verða mikil. Það sem er mikilvægast í þessu öllu saman er að það er áfram vöxtur í sölnunni – þótt hann sé ekki eins mikill og hann var – og birgðastaðan er orðin góð.“

Eftir tilboðsmarkað með greiðslumark mjólkur þann 1. september síðastliðinn kom í ljós að verð á greiðslumarki hafði hækkað um 50 krónur á lítrann. Sigurður segir að kannski spili inn í að það var farið að tala um að það væri að hægjast á sölnunni. „Að öðru leyti verð ég að segja að mér finnst þetta forsendulaus hækkun. Mér finnst gengið dálítið langt í það að bjóða í greiðslumarkið, það er að mínu mati ekki tilefni til þessarar hækkunar. Það er



Sigurður Loftsson, formaður Landssambands kúabænda.

til dæmis ekki nema eitt ár eftir af mjólkursamningnum – það hefur verið rætt um breytingar og það er langt síðan farið var að tala um þær. Svo bætist það líka við að ekki hefur mátt fyra greiðslumark frá 2010, til hagræðingar skattalega.“ /smh

Mjólkursamsalan býður smærri afurðastöðvum lægra verð fyrir hrámjólkina

Þann 16. september síðastliðinn sendi Mjólkursamsalan (MS) frá sér tilkynningu þar sem sú áherslubreyting var kynnt að smærri framleiðendur mjólkurafurða verði styrktir með því að lækka verð á hrámjólk til þeirra um rúm 11 prósent.

Frá og með 1. október næstkomandi munu því þeir sem framleiða úr mjólk bjóðast allt að 300 þúsund lítrar á sama verði og MS greiðir bændum, en það eru tæpar 85 krónur fyrir hvern lítra sem bændur framleiða.

Í tilkynningunni kemur fram að ákvörðun um þetta sé tekin til að koma til móts við sjónarmið um að nauðsynlegt sé að fleiri aðilar komi að framleiðslu í mjólkuriðnaði og með því verði hagur neytenda bættur og ýtt sé undir fjölbreytta framleiðslu og nýsköpun. Gert er ráð fyrir að þetta fyrirkomulag nái til næstu þriggja ára og framhaldið ráðist af því hvernig hefur tekist til.

Samfélagsleg skylda Mjólkursamsölunnar

Vonar MS að þetta muni leiða til þess að framleiðsla á mjólkurvörum verði enn fjölbreyttari og gróskumeiri en áður og í kjölfarið muni fleiri spennandi vörur líta dagsins ljós. „Jafnframt má segja að þessi jöfnun á aðstöðu stórs og lítilla aðila sé mikilvægt sanngirnismál og að MS

sé að mæta samfélagslegri skyldu með hliðsjón af markaðsstöðu sinni og stærðarhagkvæmni.

Einnig er þessi ákvörðun tekin með hagsmunum eigenda Mjólkursamsölunnar í huga en það eru 650 kúabændur um allt land. Þeir munu áfram selja jafnmikla mjólk og áður en vonandi til fleiri framleiðenda sem vilja spreya sig á því að þróa nýjar og áhugaverðar vörur sem unnar eru úr mjólk. Það gæti haft jákvæð áhrif á mjólkursölu frá bændum.

Jafnframt þessu hefur MS áhuga á að vinna með aðilum sem myndu vilja kaupa vörur á mismunandi framleiðslustigi, til að vinna áfram undir eigin vörumerki. Það gæti verið áhugavert fyrir frumkvöðla, t.d. aðila í ferðaþjónustu eða veitingastarfsemi,“ segir í tilkynningunni.

Styrkir rekstrargrundvöllinn hjá BioBúi

„Þessi verðlækkun kemur sér mjög vel fyrir okkur,“ segir Helgi Rafn Gunnarsson, framkvæmdastjóri BioBús, sem framleiðir lífrænt vottaðar mjólkurvörur. „Við borgum um 45 prósent meira fyrir þá mjólk sem við vinnum úr, en Mjólkursamsalan sér um að sækja hana á þá tvo bæi sem framleiða fyrir okkur; Búland í Austur-Landeyjum og Neðri-Háls í Kjós. Þetta gerir okkur kleift að byggja betur undir reksturinn.

Möguleikar okkar til að breikka vörulínuna takmarkast samt aðal-



Hálfán Óskarsson, framkvæmdastjóri Örnú. Mynd / HKr.

lega við framleiðslumagnnið sem er í boði á lífrænt vottaðri mjólk. Það eru svo fáir slíkir kúabændur og ég sé ekki fram á að það breytist mikið í nálægri framtíð. Við höfum verið að kaupa rúmlega þrjú hundruð þúsund lítra á ári af Mjólkursamsölunni, þannig að við erum að fá þarna lækkun á verði á hrámjólk um 11 prósent á ársgrundvelli og erum þakklátir fyrir það. Það gefur okkur vissulega einhverja aukna möguleika í vöruþróun því það er dýrt ferli. Við höfum ekki gefið út neina verðhækkun á vörum á síðustu mánuðum þrátt fyrir nýja kjarasamninga og verðhækkunir frá Mjólkursamsölunni. Þessi lækkun verður líklega til þess að við getum sleppt því í bili.“

Ánægður með tóninn í tilkynningu MS

Hálfán Óskarsson er framkvæmdastjóri hjá Örnú á Bolungarvík, sem sérhæfir sig í vinnslu á laktósafriðum mjólkurafurðum.

„Ég er mjög ánægður með þetta útspil hjá Mjólkursamsölunni. Við reiknum með að vinna úr um milljón lítrum á þessu ári, svo við fáum þarna verðlækkun á um þriðjung af þeirri hrámjólk – og það munar um þessar nokkrar milljónir sem þar sparast. Við erum alltaf á fullu í vöruþróun þannig að þetta hefur ekki bein áhrif þannig. Við höfum verið með sama verð á vörunum okkar frá því að við byrjuðum fyrir tveimur árum, þannig að þetta kemur sér vel að því leyti að við þurfum þá ekki að hækka í bráð.

Sex manns starfa hjá Örnú og að sögn Hálfánar er stöðugt verið að þróa nýjungar. „Reksturinn var nokkuð erfiður til að byrja með en það er alveg hægt að segja að þetta ár líti vel út. Vörunúmer eru um 18 og við erum alltaf með eitthvað á prjónunum. Við ætlum að halda áfram að sérhæfa okkur í laktósafriðum vörum og munum koma með nýjungar strax í þessari viku þegar við kynnum nýjan fetaost. Í saltlöginn sem osturinn verður í er notað sjávarsalt héðan úr Ísafjarðardjúpi, sem unnið er í Saltverki hér á Reykjanesi. Svo koma fleiri áhuga-verðar nýjungar í október.

Ég er mjög ánægður með tóninn í fréttatilkynningunni frá

Mjólkursamsölunni – þarna er greinilega alveg nýr hugsunarháttur. Bændur eiga auðvitað fyrirtækið og það er þeirra hagur að selja sem mesta mjólk. Það skiptir máli í þessu,“ segir Hálfán.

Mjólkurbúið Kú sendi frá sér til-



Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri hjá Mjólkurbúinu Kú. Mynd / HKr.

kynningu fljótlega eftir að greint hafði verið frá áherslubreytingu MS. Þar er þessum tíðindum fagnað og lækkunin sögð hafa mikla þýðingu, ekki síst að geta loks keypt hráefni til framleiðslu á jafnréttisgrunni. Um leið er áréttað að fyrirtækið hafi þurft að leita réttar síns hjá samkeppnisyfirvöldum þar sem málið sé enn til meðferðar.

„Við hjá Mjólkurbúinu Kú tökum í útrétta sáttahönd nýráðins forstjóra MS. Við horfum björt fram á veg og erum staðráðin í að nýta þetta skref til aukins jafnræðis til að efla starfsemi okkar íslenskum neytendum til hagsbóta,“ segir í tilkynningu Mjólkurbúsins Kú. /smh

SAMSUNG

Gæði og glæsileiki

TILBOÐ



48" eða 55" Samsung 4K UltraHD sjónvarp
með þráðlausu interneti

UE48JU6415 kr. 189.900.-

UE55JU6415 kr. 239.900.-



RB29FSRNDWW

Kællir - frystir

178 cm skápur. 192+98 ltr.
Blásturskældur og þarf aldrei
að afþýða. Hvítur eða stál.

Kr. 109.900,-



RB31FERNCS

Kællir - frystir

185 cm skápur. 208+98 ltr.
Blásturskældur og þarf aldrei
að afþýða.

Kr. 129.900,-



WF70F5E4P4W

7 kg Þvottavél

- Kolalaus mótur með 10 ára ábyrgð
- 1400 snúningar
- Ecobubble
- Demantatromla
- Orkunotkun A+++

Kr. 89.900,-



DV70F5E0HGW

7 kg Þurrkari

- Varmadæla sem sparar orku
- Barkalaus
- Demantatromla
- Rakaskynjari
- Orkunotkun A+++

Kr. 119.900,-

TILBOÐ



43" Samsung SMART sjónvarp með
þráðlausu interneti.

UE43J5505AK kr. 99.900.-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK - EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	---	---	--	------------------------------------

Fréttir



Ríkisjarðir til sölu:

Fjöldinn svipaður og undanfarin ár

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2016 er heimiluð sala á 16 lóðum og jörðum í eigu ríkisins. Fjöldinn er svipaður og undanfarin ár. Athygli vekur að land á Keldum á Keldnaholti og við Úlfarsá er á sölulistanum.

Óskar Páll Óskarsson, sviðsstjóri hjá Ríkiseignum, segir að stærstur hluti jarðanna sem er verið að setja á sölu núna séu sömu jarðir og hafa verið í söluferli undanfarin ár. „Til að selja jarðir í eigu ríkisins þarf heimild í fjárlögum að undanskildum jörðum sem seldar eru til sveitarfélaga eða ábúenda þar sem almenn sölueimild í jarðalögum er fyrir hendi. Jarðir er fara í almenna sölu fara aftur á móti í gegnum Ríkiskaup á grundvelli sölueimilda.“

Jarðirnar sem nefndar eru í fjárlögum fyrir árið 2016 eru til dæmis jarðir sem hafa losnað undanfarin ár

og eru ónýttar í dag og ekki búið að ráðstafa. Óskar segir að fyrsta skrefið í sölu ríkisjarða felist í því að leita heimildar í fjárlögum. Sé heimildin samþykkt á Alþingi sér Ríkiskaup um almenna sölu.

„Þegar ákvörðun er tekin um að selja jörð í ríkiseigu eru allar ákvarðanir teknar á grundvelli hagsmuna ríkissjóðs en ekki hagsmuna þeirra sem hafa áhuga á að kaupa jörð. Það er gert til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra ríkisins og hugsanlegra kaupenda. Sé ákveðið að selja jörð á almennum markaði er öllum landsmönnum gert mögulegt að bjóða í hana.

Jarðir til sölu hjá Ríkiskaupum eru seldar hæstbjóðanda en eigi jörð að fara í ábúð eða leigu er hæfasti umsækjandinn valinn úr hópi þeirra sem sækja um eftir almenna auglýsingu. /VH

Jarðasala í fjárlögum fyrir árið 2016

- Landspildur í eigu ríkisins í Garðabæ.
- Hluti af landsvæðum ríkisins við Litla-Hraun.
- Hluti Jarðasjóðs af jörðunum Torfastöðum I og II í Rangárbæ eystra.
- Selja eða leigja jarðirnar Gunnólfsvík I og II, Langanesbyggð.
- Heimila Jarðasjóði að selja ábúandanum á Reykhólum landspildur í grennd við jörðina.
- Selja land ríkisins á Keldum, á Keldnaholti og við Úlfarsá.
- Heimila Jarðasjóði að selja jörðina Nýrækt í sveitarfélaginu Skagafirði.
- Selja eða leigja landspildur ríkisins við Grindavík.
- Heimila Jarðasjóði að selja jörðina Strönd í Skaftárhreppi.
- Heimila Jarðasjóði að selja jörðina Rofabæ 1 í Skaftárhreppi.
- Heimila Jarðasjóði að selja jörðina Bakkakot 1 í Skaftárhreppi.
- Heimila Jarðasjóði að selja jörðina Höskuldastaði í Þingeyjar-sveit.
- Heimila Jarðasjóði að selja jörðina Litla-Kamb í Snæfellsbæ.
- Heimila Jarðasjóði að selja jörðina Þverárdal í Húnavatnshreppi.
- Selja hluta af lóð Vegagerðarinnar að Borgarbraut 66 í Borgar-nesi ásamt salthúsbyggingu sem er á lóðinni. Jafnframt að kaupa eða leigja lóð að Borgarbraut 66 af Borgarbyggð.

Dýraverndarsamband Íslands:

Ekki verði fluttar inn dýraafurðir sem stangast á við íslensk dýravelferðarlög

— augum ráðherra sértaklega beint að innfluttri gæsalifrarkæfu (foie gras)

Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) hefur sent áskorun til Sigurðar Inga Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, um að setja reglugerð um bann við innflutningi og sölu á dýraafurðum sem eru framleiddar í andstöðu við íslensk lög um velferð dýra.

„Það er afstaða Dýraverndarsambandsins að marklaust sé að auka velferðarstig íslenskra húsdýra sem leggja okkur til afurðir, ef innflutningur afurða sömu dýra sem alin eru erlendis við lægra velferðarstig er óheftur,“ segir Hallgerður Hauksdóttir, formaður DÍS.

„Sérlega ógeðfelldar afurðir eru til dæmis foie gras-kæfa sem augljóslega er framleidd með hætti sem ekki yrði leyfður hér vegna dýraverndarsjónarmiða. Þetta er selt hér á landi. En jafnframt er hann meiri þáttur hinna vanalegu búfjárafurða sem fluttar eru inn og jafnframt framleiddar hér heima þar sem huga þarf að velferð dýra. Við teljum áriðandi að stuðla að góðum búskap þar sem bóndi býr að bústofni sínum, en sporna við þaueldi.“

Neytendur kynni sér velferð dýra sem nýtt eru til matar

„Jafnframt þessu teljum við áriðandi að neytendur kynni sér velferð þeirra dýra sem leggja til afurðir. Þar er annars vegar fyrrnefnt sjónarmið um innflutning og hins vegar vottun á dýraafurðum hér heima. Dýraverndarsamband Íslands vinnur að undirbúningi velferðarvottunar búfjárafurða í íslenskum búskap.“

Áskorunin sem stjórn Dýraverndarsambands Íslands sendi ráðherra er svohljóðandi:

„Á Íslandi hefur tíðkast að selja sem sælkeramat í verslunum og á veitingastöðum anda- og gæsalifrarkæfuna foie gras, sem framleidd er erlendis. Hefðbundin foie gras kæfa



Aðferðirnar sem notaðar eru til að ala gæsir sérstaklega vegna lifrarinnar eru mörgum þynnrir í augum.



Áhrifamikið plakat þýskra andstæðinga hefðbundinna framleiðslu-aðferða á gæsalifur. Þarna er búið að setja konu í hlutverk gæsarinnar og verið að troða í hana fóðri.

er framleidd með aðferð sem er andstæð dýravelferð og ljóst er að slík framleiðsla yrði ekki leyfð hér á landi. Fóður er þvingað með röri niður um háls fuglanna, með það að markmiði að framkalla ofvaxna lifur, svokallaða fitulifur. Þetta er ill meðferð á dýrum hvernig sem á



Gæsalifur, sem á finu veitingahúsmáli heitir „Foi gras“, þykir eftirsótt lúxusfæða.

það er lítið.

Við hvetjum ráðherra til að setja reglugerð um bann við innflutningi og sölu á dýraafurðum sem eru framleiddar í andstöðu við íslensk lög um velferð dýra (nr. 55/2013). Heimild er til þess í 25. gr. laganna, um dreifingu og merkingu dýraafurða.

Stjórn DÍS telur óásættanlegt að heimilt sé að selja hér á landi afurðir sem byggja á illri meðferð dýra og einnig vörur sem framleiddar eru með minni dýravelferð en leyfð er hér á landi.

Jafnframt hvetjum við neytendur til að sniðganga þessar vörur og benda söluaðilum á að þessi vara sé framleidd með óverjandi aðferðum. Við hvetjum einnig veitingahús og verslanir til að hætta sölu á foie gras. “ /HKR.

Landgræðsluskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna:

Þrettán nemendur frá sjö löndum útskrifast

Nemarnir þrettán sem útskrifuðust frá Landgræðsluskólanum í ár koma frá Eþíópíu, Gana, Mongólíu, Úganda, Malaví, Namibíu og Kirgistan. Sjö konur og sex karlar.

Útskrift nema úr árlegu sex mánaða námi skólans fór fram síðastliðinn fimmtudag, 17. september.

Markmið Landgræðsluskólans er að byggja upp færni sérfræðinga frá þróunarlöndum í landgræðslu, umhverfisstjórnun og sjálfbærri landnýtingu. Þetta er gert með því að þjálfa sérfræðinga sem starfa við landgræðslu- og landnýtingarmál í samstarfslöndum Landgræðsluskólans í Afríku og Mið-Asíu.

Sérfræðingarnir sem koma til náms við Landgræðsluskólann hafa allir háskólagráðu sem tengist viðfangsefnum skólans og starfa við stofnanir í heimalandi sínu.

Landgræðsluskólinn hefur starfað frá árinu 2007 og standa Landbúnaðarháskóli Íslands og Landgræðsla ríkisins að rekstri skólans. Landgræðsluskólinn er fjármagnaður af íslenska ríkinu sem hluti



Nemendurnir við útskriftina ásamt starfsmönnum Landgræðsluskólans og stjórnarmönnum hans.

Mynd / Landgræðsla ríkisins.

af framlagi Íslands til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Í ávörpum við útskriftina var lögð áhersla á mikilvægi landgræðslu og sjálfbærrar landnýtingar í baráttunni gegn landeyðingu og vísað í því samhengi í ný alþjóðamarkmið SP um sjálfbæra þróun sem verða samþykkt á allsherjarþingi SP í lok þessa mánaðar.

Landgræðsluskólinn vinnur í anda

þess að stöðva landeyðingu, græða upp illa farið land og koma í veg fyrir eyðingu lands með því að stuðla að sjálfbærri nýtingu landvistkerfa.

Ávinningurinn af því að bæta landgæði mun auka fæðuöryggi og minnka þar með hungur og fátækt, stuðla að betri heilsu og tryggara aðgengi að hreinu vatni og draga úr áhrifum loftslagsbreytinga. /VH

JEPPADEKK

DEEGAN
MTZ
BAJA CLAW

MICKEY THOMPSON

jeppadekkin hafa sannað sig á Íslandi

M/T merkið er þekkt um allan heim sem hágæða jeppadekk og felgur.

Stærðir 32" - 54"

Icetrack ehf. Sími 773 4334

netfang: mtdekk@mtdekk.is / www.mtdekk.is

HRINGFERÐ - 2015



5. OKT. MÁNUDAGUR

HVANNEYRI - BÚTÆKNIHÚS

KL. 10:00-13:00

SNÆFELLSNES - VEGAMÓT - N1

KL. 14:30-15:30

BÚÐARDALUR - N1

KL. 17:30-19:30

6. OKT. ÞRIÐJUDAGUR

BARÐASTRÖND - BJARKARLUNDUR

KL. 9:00-10:30

FLÓKALUNDUR

KL. 13:00-14:30

ÞINGEYRI - N1

KL. 17:00-18:30

7. OKT. MIÐVIKUDAGUR

HÓLMAVÍK - KAUPFÉLAGIÐ

KL. 10:00-12:00

HRÚTAFJÖRÐUR - STAÐARSKÁLI

KL. 14:30-16:00

MIÐFJÖRÐUR - LAUGABAKKI

KL. 17:00-19:00

8. OKT. FIMMTUDAGUR

BLÖNDUÓS - N1

KL. 10:00-12:00

HÖFSÓS - KS

KL. 14:00-16:00

VARMAHLÍÐ - KS

KL. 17:00-19:00

9. OKT. FÖSTUDAGUR

AKUREYRI - VÉLFANG

KL. 10:00-16:00

FORMLEG OPNUN VÉLFANG AKUREYRI

KL. 18:00-22:00

ALLIR VELKOMNIR, LÉTTAR VEITINGAR

12. OKT. MÁNUDAGUR

PINGEYJARSVEIT - ÝDALIR

KL. 10:00-12:00

ÁSBYRGI - SÖLUSKÁLINN

KL. 13:30-15:00

ÞÓRSHÖFN - SÖLUSKÁLINN

KL. 16:00-17:00

VOPNAFJÖRÐUR - OLLASJOPPA

KL. 18:30-20:00

13. OKT. ÞRIÐJUDAGUR

EGILSSTAÐIR - FRUMHERJI

KL. 10:00-13:00

HORNAFJÖRÐUR - NESJUM - N1

KL. 16:00-18:00

14. OKT. MIÐVIKUDAGUR

FREYSNES

KL. 9:00-11:00

KIRKJUBÆJARKLAUSTUR-SKAFTÁRSKÁLI

KL. 13:00-15:00

VÍK - VÍKURSKÁLI

KL. 16:00-18:00

15. OKT. FIMMTUDAGUR

HVOLSVÖLLUR - HLÍÐARENDI

KL. 10:00-13:30

HELLA - PAKKHÚSIÐ

KL. 14:30-16:00

ÞYKKVIBÆR

KL. 16:30-17:30

16. OKT. FÖSTUDAGUR

SELFÖSS OG NÁGRENNI - PINGBORG

KL. 10:00-12:00

FLÚÐIR - FÉLAGSHEIMILIÐ

KL. 13:00-15:00

REYKHOLT - ARATUNGA

KL. 16:00-17:30

Komið og kynnið ykkur

það nýjasta frá CLAAS

DRÁTTARVÉL MORGUNDAGSINS



VÉLFANG VERKIN TALA

Gylfafiöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200 • www.velfang.is • Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.claas.is

CLAAS



Fréttir

Malarnám á bökkum Fnjóskár:

Óþarfa áhyggjur af að áin breyti um farveg

— segir sveitarstjórinn í Grýtubakkahreppi

„Þarna hefur verið malarnám í áratugi og nú í sumar var ekki um að ræða mikið magn sem tekið var,“ segir Þröstur Friðfinnsson, sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi, um malarnám Vegagerðarinnar á bökkum Fnjóskár skammt ofan við ósa árinna.

Bergvin Jóhannsson, bóndi á Áshóli, lýsti yfir áhyggjum sínum yfir malarnáminu í síðasta Bændablaði og óttaðist að afleiðingar þess gætu orðið þær að áin fyndi sér annan farveg í kjölfarið og kynni jafnvel að

flæða yfir tún á jörðunum við Laufás og Áshól.

Unnið í samráði við veiðifélagið

Þröstur segir að malarnámið nú í sumar hafi verið unnið í samráði við veiðifélag árinna og að leiðarljósi haft að lágmarka líkur á að áin breyti sér. Ekki megi taka mól beint upp úr ánni. „Það hefur enginn kvartað við mig vegna þessa og ég held að áhyggjur Bergvins séu óþarflega miklar,“ segir Þröstur. */MPB*



Bæjarráð Norðurþings um viðhald flugvalla:

Fallið verði frá áformum um að skerða framlög

Bæjarráð Norðurþings hefur skorað á stjórnvöld að falla frá áformum um að skerða framlag til viðhalds flugvalla á landsbyggðinni, en slík áform koma fram í fjárlagafrumvarpinu.

Í bókun bæjarráðs Norðurþings vegna málsins er vitnað í fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2016, þar sem segir að gert sé ráð fyrir að fjárheimild vegna þessa liðar lækki um ríflega 516 milljónir króna að raungildi frá fjárlögum yfirstandandi árs. Annars vegar sé gert ráð fyrir að 500 milljón króna tímabundið framlag til viðhalds flugvalla á landsbyggðinni falli niður og hins vegar er lagt til 16,5 milljón króna lækkan útgjalda til að mæta aðhaldsmarkmiðum í frumvarpinu.

Unnið verði að nauðsynlegum úrbótum

Bæjarráð vekur athygli á því að starfsemi á Húsavíkurflugvelli hefur aukist og eflist undanfarin ár. Fram undan er mikil atvinnuuppbygging á svæðinu og jafnframt hefur ferðamannafjöldi aukist hratt. Á sama tíma hefur lengi legið fyrir brýn þörf á viðhaldi og úrbótum á búnaði á Húsavíkurflugvelli. Fulltrúar Isavia kynntu bæjarráði Norðurþings áform fyrirtækisins um viðhaldsaðgerðir á fundi fyrir nokkrum mánuðum. Bæjarráð fer fram á það að nauðsynlegar úrbætur verði framkvæmdar á Húsavíkurflugvelli og ríkisvaldið

sinni þar með þeim innviðum sem því ber í samgöngukerfi landsins.

Framkvæmdir og ferðamenn

Stjórn Framsýnar hefur látið málið til sín taka og í ályktun frá félaginu eru stjórnvöld hvött til að hefjast þegar í stað handa við lagfæringar á flugvöllinum. „Ekki síst í ljósi þess mikilvæga öryggishlutverks sem hann gegnir auk þess sem flugumferð um völinn hefur stóruð vegna framkvæmdanna sem tengjast Bakka og fjölgunar ferðamanna,“ eins og segir í ályktuninni.

Stjórn félagsins fagnar mikilli aukningu farþega um Húsavíkurflugvöll milli ára og skorar á flugmálafyrvöld og Isavia að hraða viðgerðum á völinum til að auka flugöryggi. Fyrir liggi að ljósabúnaður er ófullkominn og eins sé aðkallandi að ráðast í lagfæringar á slitlagi flugbrautar.

Öryggishlutverk vegna sjúkraflugs

„Húsavíkurflugvöllur er ekki einungis notaður fyrir farþegaflug heldur gegnir hann mikilvægu öryggishlutverki varðandi sjúkraflug. Nú þegar miklar framkvæmdir eru að hefjast á Húsavíkarsvæðinu sem tengjast uppbyggingu á orkufrekum iðnaði á Bakka er afar mikilvægt að öryggi Húsavíkurflugvallar verði tryggt sem best.“ */MPB*

Vélfang á hringferð um landið í október

Þann 5. október nk. mun Vélfang leggja af stað í hringferð um landið og verður fyrsti sýningarstaðurinn á Hvanneyri og sá síðasti í Reykholti í Biskupstungum þann 16. október.

Alls eru viðkomustaðirnir 28 og er m.a. farið um Vestfirði að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Vélfangi.

Starfsfólk Vélfangs hefur staðið í samningaviðræðum við veðurguðina og hafa þær viðræður að sögn gengið vel. Veður og færð gætu samt spilað stóra rollu á þessum árstíma en allt verður lagt undir til að tímasetningar standist.

Þann 9. október verður svo haldin stórsýning við Vélfang á Akureyri að Frostagötu 2a frá 10–16 þar sem öllu verður til tjaldað. Um kvöldið fer svo fram formleg opnun umboðs Vélfangs á Akureyri enda ekki seinna vænna þar sem opnað var í desember 2014. Veislan hefst klukkan 18 og mun standa til 22 og verða léttar veitingar í boði.

Allir sem heimsækja Vélfangsmenn í ferðinni geta dottið í lukkuspottinn og verður dregið í lok ferðar. Til þess þarf þó að skrá sig á þar til gerð eyðublöð og setja í stóra pottinn.



Kristján Fr. Kristjánsson og sonur hans og aðstoðarmaður, Kristján Fannar Kristjánsson, á nýju 30 metra löngu göngubrúnni sem ætlað er að koma göngufólki á þurrum fótum inn í Þórsmörk. Eins og sést er hún á hjólum og því auðvelt að færa hana úr stað og forða henni frá tjóni þegar hætta er á miklum vatnavöxtum í Krossá.

Myndir / Jakob Yngvason

Færanleg göngubrú yfir Krossá fyrir Þórsmerkurfara

— með hjólabúnað úr Mercedes Benz og hægt að forða henni í vatnavöxtum

Rangárþing eystra ákvað að láta lagfæra nokkrar eldri brýr í Þórsmörk og smíða þrjár nýjar færanlegar göngubrýr sem áttu að vera á hjólum. Nú er búið að smíða eina slíka hjólabrú sem væntanlega á eftir að nýfast gangandi ferðamönnum vel.

Í aðdraganda að smíð nýrra göngubrúa var farið í vettvangskonunnun síðla árs 2014 til að kanna aðstæður og meta ástand þeirra brúa sem lagfæra þyrfti. Þessi framkvæmd var hugsuð til að bæta aðgengi fótgangandi ferðamanna um svæðið. Niðurstaðan var sú að í fyrstu atrennu yrði smíðuð 30 metra löng færanleg brú á hjólum.

Hugmyndin var að uppistaðan í brúarsmíðinni yrði gamlar kranabómur eða álíka grindur. Var Vélsmiðjan Magni ehf. á Hvolsvelli fengin til verksins. Undirverktaki vélsmiðjunnar er K2 tækniþjónusta. Hefur eigandinn, Kristján Fr. Kristjánsson, annast útfærslu og stærstan hluta brúarsmíðinnar, en haft starfsmenn Vélsmiðjunnar Magna sér til aðstoðar.

Kristján segir að stálgrindurnar sem fengust hafi ekki reynst haft nægan styrk einar og sér. Voru þær því styrktar með skúffubítum að neðanverðu og eins var smíðað handrið sem er hluti af burðarvirkinu. Jafnframt var brúin lítillaga forspennt. Hjólabúnaður brúarinnar eru framöxlur úr Mercedes Benz vörubíl með beygjubúnaði sem



Brúin er með samanbrjótanlegum stigum á báðum endum til að auðvelda flutning á henni með skömmum fyrirvara.

hægt er að tengja við dráttarbeisli.

Kristján segir að smíðin hafi verið miðuð við að hafa þetta sem einfaldast en um leið að brúin yrði örugg fyrir þá sem nota hana. Hún er hönnuð til að þola þriggja tonna þunga. Tekur hann fram að brúin sé eingöngu hugsuð sem göngubrú fyrir fólk og alls ekki ætluð fyrir hross né annað búfé.

Brúin var flutt inn að Krossá í lok júlí í tveim hlutum sem dregnir voru með dráttarvél frá Hvolsvelli. Síðan var allt boltað saman á staðnum.

Helstu stærðir.

- Breidd um 0,9 metrar.
- Lengd: 30 metrar
- Burður: 3 tonn.
- Burðarefnið er stál, en brúargólf er úr timbri.

Fram undan er síðan smíði á tveim færanlegum göngubrúum til viðbótar og að lagfæra eldri göngubrýr á svæðinu sem hafa látið mjög á sjá. Greinilega veitir ekki af í ljósi aukins ferðamannastraums og því að ein göngubrú sem er við Langadal í Þórsmörk skemmdist í vatnavöxtum í Krossá á dögnum. */HKr.*

Alvöru vambir verða í boði

Bæði Sláturfélag Suðurlands og SAH Afurðir verka vambir í yfirstandandi sláturtíð.

Samkvæmt upplýsingum frá Ólafi Júlíussyni hjá Kaupási verður boðið upp á þrjár kalóneraðar vambir saman í poka strax í þessari viku á sláturmörkuðum í Krónunni á Selfossi og Nóatúni í Austurverí. SAH Afurðir eru þegar farnir að selja vambir í verslun sinni á Blönduósi og ætla að eiga vambir til sölu í samræmi við þá eftirspurn sem verður.

SS aftur byrjað að kalóna vambir

Kaupás fær sínar vambir frá Sláturfélagi Suðurlands sem er aftur farið að kalóna vambir eftir árs hlé.

Í sláturtíðinni í fyrra heyrðust háværar óánægjuraddir neytenda með það að ekki væri hægt að fá alvöru vambir í verslunum. SAH



Vambirnar komnar á borðið.

Mynd / HKr.

Afurðir á Blönduósi brugðust við og undir lok sláturtíðar var hægt að

fá vambir frá Blönduósi á tilteknum sláturmörkuðum Krónunnar. */smh*

TRYGG SNJÓKEÐJUR
Nøstet Kjetting as

Vertu viðbúinn vetrinum
Mest seldu snjókeðjur á Íslandi
LÉTTAR – STERKAR – TRAUSTAR



Ísnet Húsavík s. 5 200 555
Ísnet Akureyri s. 5 200 550
Kristbjörg Ólafsfjörður s. 5 200 565
Ísnet Sauðárkrúkur s. 5 200 560

Hafðu samband og kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna

ÍSFELL
www.isfell.is

Ísfell ehf • Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5 200 500 • isfell@isfell.is

SAUNA TUNNUR

“Sauna böð hafa góð áhrif á blóðrásina, losa um streitu og stuðla að bættri vellíðan. Sauna tunnur úr Cedrusvið í miklu úrvali og einfaldar í uppsetningu.”

sauna.is
- Fjórðing í vellíðan



Bændablaðið
Smáauglýsingar 56-30-300

Tökum bleikan bíl!



Styrkjum starfsemi Krabbameinsfélagsins
Hreyfill/Bæjarleiðir er styrktaraðili árvekniátaks Krabbameinsfélagsins í október og nóvember
Með hverri pantaðri ferð styrkir þú verkefni Krabbameinsfélagsins og baráttuna gegn krabbameini hjá konum.
Af því tilefni höfum við sérmerkt bílana okkar enn á ný með bleikum taxaljósum.

HREYFILL
5 88 55 22

Bleika slaufan

Taktu bleikan bíl næst þegar þú pantar leigubíl!
„Bleika slaufan” er til sölu í bílunum okkar frá 1. – 15. október.

Sæktu þér Hreyfils appið og pantaðu bleikan bíl.
SÆKTU APPID
á heimasíðu Hreyfils: hreyfill.is eða í App Store og Google Play

TAXI

ChitoClear®

NÝSKÖPUNARVERÐLAUN ÍSLANDS 2012

SÁRASPREY FYRIR ÖLL DÝR

- Einstaklega græðandi
- Hægir á blæðingu
- Dregur úr sársauka og kláða
- Myndar filmu og hlífir sári
- Vinnur gegn bakteríu- og sveppamyndun
- Íslensk framleiðsla

Fæst hjá dýralæknum, hesta- og búvöruverslunum um land allt

primex

Síglufjörður • Sími 460 6900 • info@primex.is • www.primex.is

Auglýsing um ljósleiðaravæðingu í Kjósarhreppi

Kjósarhreppur hefur hug á því að ljósleiðaravæða sveitarfélagið á næsta ári. Í kjölfar þess vill Kjósarhreppur kanna hvort einhver hagsmunaaðili hyggst leggja ljósleiðara um svæðið á næstu 3 árum.

Viðkomandi aðili er vinsamlega beðinn um að hafa samband, fyrir **15. október 2015**, við skrifstofu Kjósarhrepps í síma: 566-7100 eða með tölvupósti sigridur@kjos.is

Sigríður Klara Árnadóttir
Framkvæmdastjóri veitumála Kjósarhreppi

STEEKUR

Verur alsettar augum

Englar eru sendiboðar sem flytja boð Guðs milli himins og jarðar og hver þeirra flytur eitthvað af dýrð hans með sér. Komu þeirra fylgir söngur og birta.

Í Biblíunni eru englar sagðir í mannsmynd og vængjalausir, nema kerúbar og serafar.

Kerúbar eru gæslumenn Paradísar, þeir geta haft tvo, fjóra eða sex vængi og stundum eru vængir þeirra þaktir augum. Í fyrstu Mósebók segir: „Og hann rak manninn burt og setti kerúbana fyrir austan Edengarð.“ Í Opínberunarbók Jóhannesar er kerúbum lýst þannig: „Fyrir miðju hásætinu og umhverfis hásætið voru fjórar verur alsettar augum í bak og fyrir. Fyrsta veran var lík ljóni, önnur veran lík uxa, þriðja veran hafði ásjónu sem maður og fjórða veran var lík fljúgandi erni. Verurnar fjórar höfðu hver um sig sex vængi og voru alsettar augum, allt um kring og að innanverðu.“

Serófum er lýst í Jesajabók: „Umhverfis hann stóðu serafar. Hafði hver þeirra sex vængi. Með tveimur huldu þeir ásjónu sína, með tveimur huldu þeir fætur sína og með tveimur flugu þeir.“ Kerúbar og serafar virðast vera sérstakir englar sem eru í himnaskaranum sem er næst Guði.

Englar hafa lengi verið vinsælt myndefni og til er ótölulegur fjöldi englamynda af öllum stærðum og gerðum, elsta englamynd sem þekkist er frá annarri öld eftir Krist. Myndin sýnir boðun Maríu, engillinn er ungur, vængjalaus maður í hvítum kyrtli.

Það er ekki fyrr en á 4. öld sem farið er að sýna vængjaða engla á myndum. Á 15. öld fara englar að verða kvenlegir og á endurreisnartímanum eru þeir sýndir sem börn með vængi og kallast angeli minor. Vængimír eru tákn þess hversu fljótir þeir eru í förum.

Erkienglar eða höfuðenglar eru yfiringlar sem stjórna herskara Guðs.

Í Gamla testamentinu eru aðeins nafngreindir þrír erkienglar, Mikjáll, Gabríel og Rafael, og í þann hóp er stundum bætt Úríel sem kemur fram í apokrífu bókunum. Menn eru ekki á einu máli um fjölda erkienglanna, múslímarnar viðurkenna eingöngu fjóra en kristnir menn og gyðingar virðast sammála um að þeir séu sjö.

Af höfuðenglum hefur Mikjáll verið í mestum metum hér á landi og er 29. september kenndur við hann. Mikjáll var talinn eins konar herforingi engla og messa hans sungin af kappi við upphaf norrænnar kristni. Dæmi eru um að skuldalúkningar miðist við Mikjálsmessu. Samkomur voru haldnar á Mikjálsmessu, enda bar hana upp um svipað leyti og heyskaparlok, fjárleitir og upphaf sláturtíðar. Á Íslandi voru fimmtán kirkjur helgaðar Mikjáli.

Vítisenglar eru fallnir englar sem gert hafa uppreisn gegn Guði. Þar er fremstur í flokki sjálfur Lúsifer, yfirskratti í neðra, en hann var einn af erkienglum áður en hann féll.

Nokkrar sögur um engla er að finna í þjóðsagnasöfnum Jóns Árnasonar og Sigfúsar Sigfússonar og eflaust víðar sé að leitað.

Trúin á engla virðist að mestu horfin úr trúarlífi Íslendinga og leifar hennar helst að finna í gömlum bænum eða í tengslum við ungbörn. Þegar börn hjala í vöggu sinni er sagt að þau tali englamál og að þau séu að tala við englana. /VH

UMHVERFISMÁL & LANDBÚNAÐUR

Vistvæn(n) er margrætt lýsingarorð – 1. grein

Í Á Íslandi eru ekki margar náttúruauðlindir en þær eru gjöfular og dýrmætar. Í hefðbundnum skilningi er um að ræða lífríkið í hafi og á landi, fallvötnin, jarðveginn, jarðhitann og jarðefni til mannvirkjagerðar. Með nokkurri einföldun:

Tíu til fimmtán fisktegundir, allmargar jurtir, vötn og laxveiðiár, jökulár til virkjana, land til ræktunar og beitar, jarðhiti til hitunar og raforkuframleiðslu og loks sandur, möl og grjót í vegi, hafnir, flugvelli og byggingar. Stór auðlind hefur svo bæst við á undanförnum áratugum: Landslag og lifandi náttúra sem slík, frammi fyrir þeim sem njóta ferðabjónustu.

Auðvitað má benda á spendýr í sjó eða hveraörverur eða sjávargróður og fleira en meginauðlindir eru það ekki. Svo geta auðlindir eins og drykkjarvatn, vindorka og sjávarorka, jafnvel olía, orðið mikilvægar með tímanum hvað sem efasemdum líður.

En aðalatriðið er þó þetta: Við eigum fáar afkastamiklar auðlindir og þær eru undirstaða samfélagsins.

II Hvernig nýtum við meginauðlindir landsins? Nota má hugtök eins og vistvæn, sjálfbær eða skynsamleg nýting um æskilegar aðferðir og afkrasturinn. Um innihald orðanna er hins vegar deilt. Það er eðlilegt og líður í þróun samfélaga á borð við það íslenska sem standa jafn þétt upp að gjöfulli en bæði hverfulli og oft óblíðri náttúru og við gerum.

Hvað sem ólíkum skoðunum eða áherslum líður hefur smám saman orðið einsýnt að horfa ber á allar hliðar nýtingarinnar – sýnin verður að vera heildræn og stefna mótuð bæði til skamms og langs tíma í senn. Auðlindin jarðvegur og nýting hans verður til dæmis ekki slitin úr samhengi við umhverfismál, ekki frekar en við efnahagsmál. Hvað er ræktað og framleitt og hvar? Hver eru þolmörk nýtingar á hverjum stað? Hvað er notað af efnum sem hafa vafasöm áhrif á náttúruna og hve mikið? Hvað af aðföngum er innflutt og hvað innlent? Hverjar eru vegalengdir til afurðastöðva eða neytenda?

III Ræktanlegur jarðvegur á Íslandi er allur yngri en um það bil 11.000 ára. Hann skiptist í tvo flokka miðað við ræktun: Moldríkur (oft þykkur) jarðvegur sem hentar til landbúnaðar, þurr eða

framræstur, og svo laus jarðvegur á berangri neðan 400 metra, sem unnt er að vinna upp í hinn flokkinn með trjárækt, lúpínu, melgresi og öðrum heppilegum gróðri. Reyndar er slík framþróun mjög hæg.

Auðlindin hefur rýrnað harkalega á umliðnum 11 öldum, bæði vegna ofnotkunar jarðargæða (gildir einu hvort brýn nauðsyn bar til eða ekki), langra og kaldra tímabila og ýmissa annarra áfalla í náttúrunni. Á stórum landsvæðum á þetta reyndar ekki við en í virka gosbeltinu og nálægt því er slíkt því miður raunin.

Örfoka land og stór svæði með mikið rofnum jarðvegi þekkjum við öll en ég hef reynt af því að margir, ekki hvað síst innlendir og erlendir þéttbýlisbúar, sjá ekkert athugavert við slíkt landslag; telja það náttúrulegt. Sennilega hafa a.m.k. 25–30% gróins jarðvegs rýrnað verulega eða horfið með öllu á einu árpúsundi. Núna er þessi öflugþróun snúin við, þegar á heildina er lítið.

IV Hvernig má líta á skynsamlega nýtingu auðlinda í landbúnaði?

Flestar þjóðir hafa lýst yfir að landbúnaður þeirra skuli vera sjálfbær. Á Íslandi er það sammannleg skylda okkar, við okkur sjálf jafnt sem aðra, að framleiða sem mest af matvælum á sem vistvænastan og hagfelldastan hátt miðað við tæknistig hér og nú, og hér eftir.

Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sp (FAO) staðhæfir í skýrslu 2014 (The state of food and agriculture 2014):

„Fjölskyldurekin býli eru hluti lausna sem þarf til að tryggja matvælaöryggi og sjálfbæra þróun í dreifbýli; matvælaöryggi heims og vistvæn veröld er háð þeim ríflega 500 milljón fjölskyldubúa sem mynda burðarásinn í landbúnaði flestra þjóða.“

Hvarvetna í Evrópu og einnig í Norður-Ameríku er sótt að þessari gerð býla og fátt til sparað við að stækka hlut stóriðjureksturs í landbúnaði og ýta undir einokunarþróun; því miður. Um það bera mót-mælaaðgerðir bænda og hagtölur vitni. Undir það síðasta hafa svo æ fleiri neytendur tekið undir gagnrýni á þróunina.

V Landbúnaður á Íslandi tekur að stórum hluta til hefðbundinnar kinda/nautakjöts- og mjólkurframleiðslu en einnig tuga annarra búgreina og þjónustu. Langflest eru

Nú er´ða grænt, maður

Umhverfismál og landbúnaður í víðasta skilningi er áhugaverður málaflokkur.

Í næstu tölublöðum Bændablaðsins, eitthvað fram á næsta ár, mun ég skrifa greinar um ýmsar hliðar hans; allt frá áhrifum loftslagshlýnunarinnar til nýrra orkugjafa og innflutnings landbúnaðarvara. Greinarnar eiga að vera eins hlutlægar og unnt er, vekja vonandi spurningar og ýta undir umræður, hvort sem er manna á milli eða í þessu blaði, eða öðrum fjölmiðlum. Fyrsta greinin fjallar um náttúruauðlindir á Íslandi og nýtingu þeirra en þannæsta grein um áhrif hlýnunar á auðlindirnar og ábyrgð þeirra sem þær nýta. Fylgist með frá byrjun!

Ari Trausti Guðmundsson

Höfundur

Ari Trausti Guðmundsson nam við Háskóla Íslands og í Osló, með áherslu á jarðeðlisfræði og jarðfræði og vann við rannsóknir, kennslu og ferðaþjónustu til 1987. Eftir það hefur hann verið sjálfstætt starfandi og sinnt ýmiss konar faglegri ráðgjöf, fyrirlestrum, ferðaþjónustu, kynningu á vísindum, viðamiklum ritstörfum og dagskrárgerð fyrir sjónvarp og útvarp; nú síðast haft umsjón með vinsælum þáttum um vísindi, nýsköpun og umhverfismál hjá Sjónvarpinu.

Hann hefur m.a. leitt ferðahópa til Mongólíu, Nýja-Sjálands, Ekvador og Suðurskautlandsins og stundað fjallamennsku og ferðalög hér heima og heiman.

Ari Trausti hefur unnið margvísleg ritstörf, s.s. þýðingar, skrif vegna landkynningar og menningarmála, stjórnmálaskrif og skáldskap. Eftir hann liggja um þrír tugir bóka um náttúruna, þ.á m. eldvirkni, jökla, umhverfismál, ferða- og fjallamennsku, ásamt sjö ljóðabókum, stutt-sögusafni og fjórum skáldsögum.

Meðal verkefna hans eru sýningar og söfn, t.d. Orkuveridd Jörð á Reykjanesi, Vísindasýningar í París 2004 og London 2005 og upplýsingamiðstöðin um Eyjafjallajökulsgosið á Þorvaldseyri.



Ari Trausti Guðmundsson á erlendum vettvangi. Mynd / Luis Turi

býlin einmitt fjölskyldurekin og í jafn litlu samfélagi og hér verður svo um langa framtíð.

Í vistvænum breytingum á hefðbundnu greinunum og í nýjabruminu liggur einn helsti lykill að sjálfbærni landbúnaði og lífvænlegu dreifbýli sem æ fleiri munu sennilega kjósa sér með aukinni tækni og betri samgöngum. Breytingarnar eiga aðallega að taka mið af vandaðri verndarstefnu gagnvart umhverfinu, af sparnaði í notkun jarðefnaeldsneytis, aukinni þekkingu á búskap og náttúru og síðast en ekki síst af kröftugri nýsköpun. Um hana fjallar

einmitt skýrsla FAO og verður þess getið í annarri grein. Hugtakið vistvæn(n) káfar kirfilega upp á annað hugtak sem oft er flaggað:

Hagkvæmni. Heildræn stefna í landbúnaði tekur mið af því að hagar fólks felst ekki bara í krónum heldur líka í ástandi umhverfisins þar sem það ætlar að nota krónum. Þetta skilja ekki nógu margir enn þá og þess vegna reynist erfitt að samræma útreikninga, stefnumótun og ákvarðanir í landbúnaði báðum hliðum raunveruleikans: Ytri lífs-skilyrðum okkar og beinhörðum aukum.



Ný reglugerð um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu

Matvælastofnun hefur sent sauðfjárbændum bréf til að vekja athygli á að þann 18. júní 2015 tók gildi ný reglugerð nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Með útgáfu reglugerðarinnar voru gerðar talsverðar breytingar á ákvæðum fyrri reglugerðar sem lúta að efnislegum kröfum landbótaáætlana. Breyting á ofangreindum ákvæðum reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu hefur áhrif á þær landbótaáætlanir sem unnar höfðu verið á grundvelli fyrri reglugerðar og ekki töldust uppfylla ákvæði um ástandsflökkun lands samkvæmt umsögn Landgræðslu ríkisins.

Helstu breytingar sem nýja reglugerðin felur í sér:

- Með breytingu reglugerðarinnar er Matvælastofnun veitt heimild til þess að staðfesta landbótaáætlanir þótt við-

mið um ástand lands náist ekki í lok gildistíma, að uppfylltu skilyrði um að dregið sé úr beitarálagi.

- Ef við gerð landbótaáætlunar er ljóst að viðmið um ástand lands næst ekki á gildistíma áætlunar skulu ítarlegar upplýsingar um með hvaða hætti verði dregið úr beitarálagi fylgja viðkomandi landbótaáætlun, svo sem, með fækkun fjár, aðgangi að öðru beitarlandi og styttri beitar tíma og hvernig komið er í veg fyrir beit á landi í ástandsflökki 5.
- Þær landbótaáætlanir sem gerðar voru samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 10/2008 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu skulu uppfærðar í samræmi við efni reglugerðar þessarar. Núgildandi landbótaáætlanir halda gildi sínu til 1. mars 2016.

- Vinnu við gerð og uppfærslu landbótaáætlana í samræmi við kröfur reglugerðarinnar skal lokið fyrir 1. mars 2016.
- Með breytingu reglugerðarinnar er Landgræðslunni veitt heimild til þess að aðstoða framleiðendur við gerð landbótaáætlana og áritar Landgræðslan þær landbótaáætlanir sem unnar eru í samstarfi við stofnunina. Aðrar landbótaáætlanir mun Matvælastofnun senda til umsagnar til Landgræðslu ríkisins.

Í stuttu máli þýða breytingarnar að uppfæra þær landbótaáætlanir þannig að þær falli að þeim kröfum sem gerðar eru með nýrri reglugerð og skal þeirri vinnu vera lokið fyrir 1. mars 2016.

Matvælastofnun vill hvetja framleiðendur til að nýta sér þann möguleika að leita til Landgræðslu ríkisins við gerð landbótaáætlana.

www.n1.is

facebook.com/enneinn



Rekstraraðili óskast á Patreksfjörð

N1 óskar eftir rekstraraðila fyrir þjónustustöð félagsins á Patreksfirði.

Til sölu er veitingarekstur og vörubirgðir núverandi rekstraraðila í húsnæði félagsins.

Rekstraraðili mun jafnframt verða umboðsaðili N1 á Patreksfirði.

Hlutverk hans verður að þjónusta viðskiptavinum á neytendamarkaði félagsins.

Miklir möguleikar fyrir einstakling eða samhent hjón sem vilja reka sitt eigið fyrirtæki.

Áhugasamir vinsamlega sendið tölvupóst á pallorn@n1.is eða hafið samband við Pál Örn Líndal í síma 440-1022 eða 660-3365.

ISLANDIAKATLA IS EINN 70234 0915

Hluti af landsbyggðinni



“COW POW” NÝTT GJAFAKERFI FYRIR NAUTGRIPI Á ÍSLANDI

Berustaðabúið ehf hefur hafið innfluttning á “Cow Pow” gjafakerfi fyrir nautgripi frá Írska fyrirtækinu O’Donovan sem selt hefur “cow pow” í yfir 20. ár á Írlandi og nágrenni. “Cow Pow” er frábrugðið öðrum gjafakerfum að því leytinu að kýrnar ýta átgrindunum sjálfar að fóðrinu og hafa því óheftan aðgang að fóðri.



Rannsóknir benda til:

- Hægt sé að gefa 1-2 svar í viku
 - Hægt sé að spara allt að 70% tíma í gjafir
 - Betri nýting á plássi
 - Lægri fjárfestingarkostnaður
 - Heilbrigðari kýr, minni meiðsli og minna stress
 - Stöðugt aðgengi að gróffóðri stuðlar að berti nytum og meira áti.
-
- Sveigjanlegt í umgengni:
 - Átgrindurnar færast fram um 220.cm (þ.m.t það sem kýrin nær)
 - Hliðarmottur fyrir öryggi
 - Þriggjastiga læsingar



Varðveisla myndefnis frá Landsmótum tryggð

Myndbönd frá Landsmóti hestamanna 2014 eru nú aðgengileg áskrifendum WorldFengs. Samstarfssamningur milli tölvudeildar Bændasamtaka Íslands og Landsmóts ehf. var undirritaður á dögunum.

Samningurinn felur í sér að WorldFengur tekur að sér að varðveita og vinna myndbönd frá Landsmótum hestamanna og gera aðgengileg á WorldFeng.

Nú geta áskrifendur upprunaættbókarinnar WorldFeng skoðað myndbönd af hrossum frá Landsmóti hestamanna 2014 með því að kaupa sérstakan aukaaðgang. Með tíð og tíma munu þau myndbönd sem eru í eigu Landsmóts ehf. og Landssambands hestamannafélaga fara inn á gagnagrunninn. Mun það veita hestamönnum og áhugamönnum um ræktun á íslenska hestinum skýrari upplýsingar um sögu og þróun íslenskrar hrossaræktar.

Þeir Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH, og Jón Baldur Lorange, verkefnastjóri WorldFengs, undirrituðu samstarfssamning vegna verkefnisins þann 17. september síðastliðinn. Mestur kostnaður felst í að vinna efnið inn á vefinn en tekjur af áskriftargjöldum verða notaðar til að greiða þann kostnað. Notendur munu sækja um áskrift af efninu og munu tekjur skiptast á milli Landsmóts og WorldFengs í ákveðnum hlutföllum sem samningsaðilar hafa komið sér saman um.

Fagmennska, tækni og metnaður

„Við sem störfum innan hesta-

mennskunnar höfum meðal annars þær skyldur að varðveita allt það efni sem verður til og gefur mynd af þróun hestamennskunnar í víðu samhengi. Allt það myndefni sem orðið hefur til á Landsmótum er dýrmætur hluti sögunnar og gefur mynd af ræktunargripum og gæðingum og þróun þeirra. Það var orðið ljóst að útgáfa CD mynddiska heyrir sögunni til og því fórum við hjá LH að skoða hvaða möguleikar væru í stöðunni þannig að efnið nýttist greininni, yrði varðveitt og skapaði tekjur,“ segir Lárus Ástmar.

„Ýmislegt var skoðað en fljótlega fóru spjótin að beinast að þeim gagnagrunni sem er okkur hestamönnum svo mikilvægur og í raun mjög merkilegur í stóru samhengi sem er WorldFengur. Þar er til staðar fagmennska, tækni og metnaður sem hentaði okkar markmiði vel. Fljótlega náðust samningar milli aðila. Ég er sannfærður um að þessi samningur á eftir að nýttast okkur hestamönnum faglega vel, tryggja varðveislu efnis hjá fagfólki á öruggum stað og skapa WorldFeng og Landsmóti tekjur.“

Óumdeildur ávinningur

Markmið WorldFengs er að gagnagrunnurinn innihaldi upplýsingar, á hvaða formi sem tiltæk eru hverju sinni, til að tryggja ræktunarmarkmið, hreinræktun íslenska hestsins og aðrar þær ættbókarupplýsingar sem tryggja stöðu WorldFengs sem upprunaættbókar íslenska hestsins, samkvæmt Jóni Baldri. Þannig varðveittir WorldFengur gögn um stofnskráningu hrossa, ætt, auðkenni, eigendur, ræktendur, upprunastað, afkvæmi,



Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra, Lárus Ástmar Hannesson, formaður LH og formaður Landsmóts ehf., ásamt Jóni Baldri Lorange, verkefnisstjóra WorldFeng, á heimsmeistaramóti íslenska hestsins í Danmörku í sumar þegar ráðherra opnaði formlega LM myndbönd í WF.

kynbótadóma, kynbótamat, erfðamörk (DNA) til ætternissönnunar, flutningssögu milli landa og fleira.

„Það eru mörg ár síðan farið var að vista myndir af hrossum og nú er stórt skref stigið með því að geyma myndbönd af hrossum frá Landsmótum hestamanna. Það er reyndar um áratugur síðan ég nefndi þetta við fyrirtækið sem þá sá um upptökur frá Landsmótum en það skilað ekki árangri þá. Við byrjum sem sagt á myndböndum frá Landsmótinu 2014 og er þegar búið að vinna á þriðja hundrað myndbönd. Í samningi okkar við

Landsmót ehf. þá er markmiðið að vinna einnig myndbönd frá Landsmótunum árinna 2011 og 2012. Nokkur vinna er við að klippa hvert myndband, þar sem hvert hross fær sitt myndband frá viðkomandi Landsmóti skráð í upprunaættbókina. Þar verður það varðveitt um ókomna tíð og aðgengilegt fyrir áskrifendur WorldFengs sem keypt hafa LM myndbönd viðbótina. Vinna við klippingu felst jafnframt í því að laga hljóð og vinna myndbönd af mismunandi upplausn og gæðum, og svo þarf að sjálfsgöðu að skrá

hvert myndband í gagnagrunn WorldFengs, og vista á öflugum miðlara,“ segir Jón Baldur.

Aðspurður um hvort ætlunin væri að bæta við fleiri Landsmótum en þeim sem þegar hafa verið nefnd, segir Jón Baldur að það hljóti að taka mið af viðtökum sem og möguleikum samningsaðila að nálgast myndbönd frá eldri Landsmótum. „Ávinningurinn fyrir íslenska hrossarækt og unnendur íslenska hestsins væri aftur á móti óumdeildur ef myndefni frá eldri Landsmótum yrði hluti af upprunaættbókinni í framtíðinni.“

Bækur

Byggðasöfn á Íslandi:

Uppruni, saga og þróun

Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands sendi nýlega frá sér bók þar sem fjallað er um uppruna og sögu fjórtán byggðasafna á landinu.

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, prófessor í safnafræði við Háskóla Íslands, sem er ritstjóri bókarinnar, segir að í henni sé að finna fjórtán ritgerðir um jafnmörg byggðasöfn á landinu ásamt inngangi.

„Í innganginum fjalla ég um sögu byggðasafnanna á landinu, mótunarár þeirra, hvatann fyrir stofnun þeirra og hverjir lögðu þar hönd á plóg. Í ritgerðunum er svo fjallað um það hvernig starf safnanna hefur mótast og þróast á hverjum stað fyrir sig.“


Búnaðarsamtökin dyggir stuðningsaðilar

Elsta safnið sem fjallað er um í bókinni er byggðasafnið á Ísafirði sem er stofnað 1941. Sigurjón segir að í flestum tilfellum sé töluverður aðdragandi að stofnun byggðasafna en að þau eigi mörg það sameiginlegt að Ragnar Ásgeirsson, ráðunautur hjá Búnaðarfélagi Íslands, kom þar að málum.

„Ragnar var á sínum tíma ráðinn af Búnaðarsamtökunum til að sinna málefnum byggðasafnanna og kom við sögu við stofnun fjölmargra þeirra. Þegar saga byggðasafnanna er skoðuð kemur greinilega í ljós að Búnaðarsamtökin voru dyggir stuðningsaðilar þess að byggðasöfnunum var komið á fót. Þau samþykktu ályktanir þess efnis að hið opinbera ætti að hvetja til

stofnunar byggðasafna og leggja til fjármagn svo að slíkt væri mögulegt. Ungmennafélögin í landinu voru einnig hvetjandi þáttur í stofnun margra þeirra en að mínu mati voru Búnaðarsamtökin afgerandi hvað það varðar.“

Sigurjón segir að byggðasöfnin byggji oft mikið á söfnum áhugasamra einstaklinga sem hafi viðað að sér alls kyns munum og flytja þá síðan á sameiginlegt byggðasafn. „Í raun eru byggðasöfn samsett að munum sem þúsundir einstaklinga um allt land hafa fært þeim að gjöf.“



Fyrsta bók af tveimur

Höfundar ritgerðanna í bókinni eru blanda af safnafólki, safnstjórum og



Sigurjón Baldur Hafsteinsson.

fyrirverandi nemendum í safnafræði og sérfræðingum í safnafræðum. Að sögn Sigurjóns eru byggðasöfn á landinu milli 30 og 40 og söfnin sem fjallað er um í þessari séu þau rötgrónustu.

„Hugmyndin er að gefa út aðra svipaða bók á næstu árum þar sem fjallað verður um fleiri byggðasöfn og að lokum öll í landinu. Það vantar til dæmis tilfinnanlega umfjöllun um byggðasöfn á Austfjörðum í bókina, Minjasafnið á Akureyri, Stykkishólmi og Pakkhúsið á Ólafsfirði svo dæmi séu tekin.“

Aðspurður segir Sigurjón að skilgreiningin á byggðasafni sé stofnun sem sinnir söfnum og varðveislu muna og menningararfs í nærsamfélaginu og heimahéraði.

/VH

Frystikistur á tilboðsverði

20 % afsláttur



FR205 190L B74xD70xH95
1 karfa, læsing á loki
hjól undir kistu

Verð áður kr. 94.359
Verð nú kr. 75.488 m. vsk.

FR305 278L B98xD70xH95
2 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu

Verð áður kr. 108.534
Verð nú kr. 86.827 m. vsk.

FR405 385L B128xD70xH95
2 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu

Verð áður kr. 117.173
Verð nú kr. 93.738 m. vsk.

FR505 463L B150xD70xH95
3 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu

Verð áður kr. 131.820
Verð nú kr. 105.456 m. vsk.

FR605 567L B180xD70xH95
3 körfur, læsing á loki
hjól undir kistu

Verð áður kr. 161.518
Verð nú kr. 129.214 m. vsk.

Tilboð gildir meðan birgðir endast.



Rauðagerði 25 · 108 Reykjavík · Sími 440 1800 · www.kaelitaekni.is

Óskað eftir Landsmótssvæðum

Landssamband hestamannafélaga óskar eftir umsóknum hestamannafélaga vegna Landsmóta hestamanna fyrir árin 2020 og 2022.

„Umsóknum skulu fylgja greinargerð, teikningar af viðkomandi svæði og stutt lýsing á staðarháttum. Nauðsynlegt er að umsókn fylgi fjöldi hesthúsuplása og gistirýma í nágrenni við mótsvæði. Umsækjendum er bent á að kynna sér vel lög og reglugerðir LH er

varða undirbúning og framkvæmd landsmóta sem má finna í lögum og reglum á vef LH, www.lhhestar.is. Eftir að umsóknarfresti lýkur munu stjórnir LH og LM boða til fundar á mótsvæðum umsækjenda. Á fundina skulu umsóknaraðilar mæta ásamt fulltrúum viðkomandi sveitarstjórnar. Á fundinum skal fara fram kynning á svæðinu og settar fram af hálfu umsóknaraðila, hugmyndir að rekstrarfyrirkomulagi mótanna. Umsóknarfrestur rennur út 1.

desember 2015. Nánari upplýsingar veitir skrifstofa LH, 514-4030 eða lh@lhhestar.is,“ segir í tilkynningu frá Landssambandi hestamannafélaga.

Landsmót hestamanna mun næst fara fram árið 2016 á Hólum í Hjaltadal. Árið 2018 er ráðgert að halda hátíðina á svæði hestamannafélagsins Sprettis að Kjóavöllum. Hefð hefur verið fyrir því að halda mótin til skiptis norðan heiða og sunnan.

Nú fæst Beta hjá Iðnvélum!

- Iðnvélar hafa tekið við umboði fyrir hin heimsþekktu Beta verkfæri



Verkfæraskápur C24S/7
147 verkfæri - EASY

- 7 skúffur (588x367 mm) á sterkum renni-brautum
- Skúffubotn varinn með mjúkri gúmmimöttu
- 4 hjól 125 mm
- 2 hjól föst og 2 með beygju, bremsa
- Central-læsing fyrir skúffur á framhlið
- Thermoform-vinnuborð
- Ber allt að 800 kg þunga
- Flösku-/brúsahaldari á hlið.
- Hægt að bæta við pappírskrúluhaldara

148.000 kr. m. vsk.
(fullt verð 187.317 kr.)

Kynntu þér úrvalið á idnvelar.is

IÐNVÉLAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | idnvelar@idnvelar.is | idnvelar.is



Skór til vinnu og frístunda

praxis
... þegar þú vilt þægindi

25290 - Parma
Litir: Svart, hvítt,
blátt og rautt
Str. 36-42
Verð 12.600



53802
Litir: Svartur, lilla,
lime, bleikt, blátt
og hvítt
Str. 36-44
Verð 10.500,-



Teg. 25090
Litir: Svart/Hvítt/Blátt
Str. 36-42
Verð 14.990,-



Mikið úrval af klossum
í öllum stærðum, gerðum og litum

00314 - Boston
Litir: Svart/-
Hvítt
Str. 36-48
Verð 12.900



25240
Litir: Svartur/hvítur
Str. 36-42
Verð 9.900,-



Praxis.is
Pantið vörulista

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878
Opíð mánud. - föstud. 11:00-17:00. Lokað laugard.



PRO-STAMINUS

ÖFLUGT NÁTTÚRULEGT EFNI FYRIR KARLMENN

Pissar þú oft á
nóttunni?
Er bunan orðin
kraftlítil?



PRO-STAMINUS
Únik kombinatión af græskarkernum,
hæfrum, granatæbla og næringsefnum

PRO-STAMINUS er spennandi nýjung
sem er fyrst og fremst ætluð karlmonnum
sem hafa einkenni góðkynja stækkunar á
blöðruhálskirtli sem getur valdið
vandæðum við þvaglát.

MEZINA
www.gengurveis.is



PRO-STAMINUS fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhúllum stórmarkaða

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / www.VBL.is

LELY ASTRONAUT A3

Til sölu mjög góður notaður og yfirfarinn
Lely Astronaut A3 mjaltapjónn. Árgerð 2007

- Ný Atlas Copco SF4 loftpressa.
- Tölva, prentari og T4C hugbúnaður.
- 70 hálsbönd með QWES H hálskubbum með beiðslisgreiningu.
- Hefur alltaf verið á þjónustusamningi.
- Hentar líka sem mjaltapjónn nr. 2 á sama bæ, (þá lægra verð án loftpressu, tölvu, prentara og CRS).
- Fyrst settur upp í nóvember 2007.
- Tilbúinn til afhendingar.



Verð kr. 12.200.000 án vsk.

Kominn heim á bæ með uppsetningu og byrjaður að mjólka

Allar nánari upplýsingar hjá Sverri í síma 896 2866



REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Er þetta ekki flott?



Til sölu hinar sérstöku súlu-Blæaspír, 2-3 m háar. 30 ára reynsla af þeim hér á landi. Þurfa lítið rými og henta vel sem stakstæð tré.

Einnig hengibirki og vörtubirki frá N-Noregi og ýmsar aðrar öðruvísi plöntur. Alaska aspír 2-3 m (Sælandsaspír, keisaraaspír og iðun). Íslenskt birki 2-3 m.

Nú er góður tími til að planta. Grænt-Land Sími: 860-5570

Tilboð!

Birkitré 2-3 m. á hæð.
Tilboðsverð v. magnkaup,
10 stk., 20 stk., 30 stk. eða fleiri

Grænt Land ehf. - Flúðum
Uppl. í síma 860-5570

Fréttaskýring

Ásælni fjárfesta í ræktarland setur að mönnum hroll:

„Landhremming“ ört vaxandi í Evrópu

— Evrópuþingið hefur kynnt skýrslu um að ásælni fjárfesta í ræktarland í álfunni sé staðreynd sem bregðast þurfi við

Hörður Kristjánsson
hk@bondi.is



Í sumar kynnti Evrópuþingið rannsókn sem sýnir að alþjóðlegir fjárfestar hafa fyrir löngu byrjað að festa klær sínar í ræktarland í Evrópu með svokallaðri landhremmingu eða „Land Grabbing“. Er það þvert á fullyrðingar manna um að Evrópa væri undanskilin ásókn fjárfesta í ræktarland.

Rannsóknin var unnin af Transnational Institute í Amsterdam. Í rannsókninni kom í ljós að sú útbreidda skoðun að ásælni útlendinga í ræktarland ætti sér nær eingöngu stað í Afríku og í hluta af Asíu, stenst ekki lengur. Þvert á móti hefur komið í ljós að mjög fjölbreyttur hópur ólíkra fjárfesta, þar á meðal bankar, fjárfestingasjóðir og einkafyrirtæki, eru að hasla sér völl í kaupum á ræktarlandi í Evrópu.

„Það eru yfirgnæfandi sannanir fyrir því að landhremming eigi sér stað í ESB-löndunum í dag.“ Þá segir í skýrslunni að þó að þetta sé enn í frekar takmörkuðum mæli miðað við það sem þekkist í Afríku, Asíu, Suður-Ameríku og í fyrrum Sovétlýðveldum, þá sé þetta fyrirbæri sem „veki mönnum hroll innan ESB“ (creeping phenomenon in the EU).

Þörf á að endurskoða frjálst flæði fjármagns

Martin Häusling, þingmaður græn-ingja á Evrópuþinginu, hefur gagnrýnt að sú stefna ESB að leyfa frjálst flæði fjármagns þvert á landamæri innan Evrópu, sé að valda vandræðum. Endurskoða þurfi þessa stefnu með hliðsjón af sjálfbærum landbúnaði í aðildarríkjum ESB.

Í rannsókninni kemur m.a. fram að í Rúmeníu er nú á milli 30–40% alls ræktarlands undir stjórn erlendra fjárfesta. Þróun er einnig sögð alvarleg í Búlgaríu og Póllandi. Enn sem komið er sé ástandið ekki eins slæmt í Eystrasaltlöndunum, Eistlandi, Lettlandi og Litháen, sem og í Tékklandi og í Slóvakíu. Hafa fjárfestar sótt í mjög lágt verð á landi í þessum löndum í samanburði við verð á ræktarlandi í Vestur-Evrópu.

Samkvæmt rannsókninni koma atkvæðamestu fjárfestarnir (land grabbers) frá vestur-Evrópu, Kína, Kúveit og Katar.

Þetta fyrirbæri, „landhremming“, er að mati skýrsluhöfunda að leiða til hnignunar dreifbýlisins og um leið niðurbrots á hugmyndum Evrópubúa um fjölskyldubúskap. Þá kemur þetta líka í veg fyrir að ungt fólk hasli sér völl í landbúnaði.

Transnational Institute varar sterklega við því að raunáhreif að áframhaldandi landhremmingu fjárfesta muni leiða til þess að fæðuöryggi Evrópubúa verði stefnt í voða og að hætta sé á auknu atvinnuleysi.


Knúid í gegn með beitingu á fjármálalegu ofurvaldi

Þá kemur fram í skýrslunni að mikill skortur sé á gagnsæi þegar kemur að viðskiptum með ræktarland. Þá séu þau oft knúin fram í ofurvaldi fjármagns. Einnig sé oft um leynileg „vasaviðskipti“ að ræða og er þar m.a. bent á landhremmingu í Ungverjalandi. Slík viðskipti séu ekki uppi á yfirborðinu og aðeins um



Fjárfestar hrifsa til sín síaukið ræktarland í heiminum í krafti fjármagns. Eftir standa smábændur í þúsundavís og fjölskyldur þeirra sem hrökklast á brott. Mynd / Global Fodd Forum

vasabókhald að ræða sem ekki komi upp á yfirborðið fyrr en banni við sölu á landi til útlendinga verði aflétt. Þá fyrst verði gjörningarnir skráðir opinberlega. Þangað til sýna opinber gögn að landið sé í eigu ungverskra ríkisborgara. Þá hefur Hungarian County Agricultural Chamber sýnt fram á 16 mismunandi afbrigði slíkra samninga. Áætlað ráðið að um ein milljón hektara ræktarlands í Ungverjalandi hafi skipt um hendur með slíkum vasasamningum við erlenda einstaklinga og fyrirtæki á undanförmum tveimur áratugum. Þar séu raunverulegir kaupendur m.a. frá Austurríki, Þýskalandi, Hollandi, Danmörku



Þekkt mynd baráttumanna gegn landhremmingum fjárfesta.

Í Slóvakíu mega útlendingar kaupa land svo fremi að þeir setji upp löglega starfsemi í landinu. Þar eiga útlendingar samkvæmt skýrslunni um 20.000 hektara, eða um 1% ræktarlandsins.

Í Tékklandi áttu útlendingar um 90.000 hektara þegar árið 2006, eða um 2,1% alls ræktarlands.

Í Litháen áætluðu sérfræðingar árið 2007 að útlendingar ættu 12–15.000 hektara, eða um 0,5% ræktarlandsins. Þar af ættu um 30 einstaklingar af erlendum þjóðernum um 10–12.000 hektara.

Í Lettlandi áttu sér stað 427 landsölur með þátttöku erlendra fjárfesta á árinu 2005. Slíkar sölur voru 512 árið 2006. Samsvara þessi viðskipti kaupum á um 2% alls ræktarlands þar í landi aðeins á þessum tveimur árum.

Erlendar fjárfestingar aukast hröðum skrefum

Í skýrslunni kemur fram að mestu viðskiptin með ræktarland hafi átt sér stað í Austur-Evrópu-löndum ESB á liðnum árum. „Heitustu“ löndin þessa stundina eru sögð Rúmenía,

Búlgaría, Ungverjaland og Pólland. Beinir erlendar fjárfestingar í þessum löndum eru sagðar hafa aukist hröðum skrefum á síðustu árum.

Menn ættu líka að hafa áhyggjur af jaðarlöndum ESB

Bent er á að á meðan landhremming í löndum Evrópusambandsins ætti að vera ráðamönnum verulegt áhyggjuefni, þá ætti líka að hafa áhyggjur af stórtækum landa-kaupum í löndum í jaðarlöndum Evrópusambandsins.

Um 4,3 milljónir hektara seldir í jaðarlöndunum

Vísað er til gagnagrunns Land Matrix þar sem fram kemur að viðskipti með 4,3 milljóna hektara landbúnaðarlands hafi verið að eiga sér stað í löndum sem liggja að ESB. Þetta er meira en áður hefur komið fram. Þar sé einkum um að ræða ræktarland í Úkraínu og í Rússlandi, en einnig í löndum við Miðjarðarhaf. Takmörkuð landa-kaup innan ESB-landanna kunni að stigmagnast í tengslum við þessi kaup í jaðarlöndunum.

/HKr.



og Bretlandi. Áætlað hefur verið að þar sé um að ræða viðskipti upp á um 1,1 til 1,8 milljónir evra.

Leppar notaðir til að kaupa upp land

Í skýrslunni kemur einnig fram að þótt talið hafi verið að landhremming hafi verið frekar lítil í Póllandi á árunum 1999 til 2005, eða innan við

1% af ræktarlandinu, þá sé staðan þar gjörbreytt. Þótt pólsk lög banni enn eignarhald útlendinga á landi þar til í maí 2016, þá hafa pólskir bændur upplýst að um 200.000 hektarar í West Pomerania-héraði hafi verið keypt upp. Þar sé um að ræða fyrirtæki af hollenskum, dönskum, þýskum og breskum upp-runum. Þessi viðskipti hafi farið fram í gegnum pólska leppa, „dummy buyers“, sem oft eru smábændur. Þeir séu í raun leigðir til að kaupa land og framselji síðan samningana til erlendra fjárfesta.

Fjár - og stóðréttir 2015

Stóðréttir eru hafnar og framundan er fjöldi rétta sem áhugafólk um hestamennsku gæti haft hug á að kíkja á. Fyrri fjárréttum er víðast lokið en á nokkrum stöðum á eftir að rétta. Á morgun föstudaginn 25. september eru t.d. stóðréttir á tveim stöðum og á fjórum stöðum á

laugardag. Síðan er réttað á fjórum stöðum laugardaginn 3. október og eru það jafnframt síðustu stóðréttir ársins. Þeir sem áhuga hafa á að fara í fjárréttir og stóðréttir er bent á að ráðfæra sig við heimamenn varðandi tímasetningar og skipulag sem getur verið breytilegt.

Stóðréttir

Auðkúlurétt við Svínvatn, A-Hún.	laugardaginn 26. sept. kl. 16.00
Árhólarétt í Unadal, Skag.	föstudaginn 25. sept. kl. 13.00
Deildardalsrétt í Deildardal, Skag.	föstudaginn 25. sept.
Flókadalsrétt, Fljótum, Skag.	laugardaginn 3. okt.
Hliðarrétt við Bólstaðarhlíð, A-Hún.	Upplýsingar liggja ekki fyrir.
Laufskálarétt í Hjaltadal, Skag.	laugardaginn 26. sept.
Melgerðismelarétt í Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 3. okt. kl. 13.00

Tungurétt í Svarfaðardal, Eyjafirði.	laugardaginn 3. okt. um kl. 12.00
Unadalsrétt í Unadal við Hofós, Skag.	föstudaginn 25. sept.
Undirfellsrétt í Vatnsdal, A-Hún.	laugardaginn 26. sept. kl. 9.00
Víðidalstungurétt í Víðidal, V-Hún.	laugardaginn 3. okt. um kl. 10.00
Þverárrétt í Vesturhópi, V-Hún.	laugardaginn 26. sept. kl. 12.30
Þverárrétt ytri, Eyjafjarðarsveit	laugardaginn 3. okt. kl. 10.00

Fjárréttir

Suðvesturland

Krýsuvikurrétt v. Suðurstrandarveg, Gullbr.	laugard. 26. sept. um kl. 13.00
---	---------------------------------

Vesturland

Bláfeldarrétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 26. sept.
Fellsendarétt í Miðdölum, Dal.	sunnudaginn 27. sept. kl. 14.00
Flekkudalsrétt á Fellsströnd, Dal.	seinni réttir þri. 13. okt.
Grafarrétt í Breiðuvík, Snæf.	laugardaginn 26. sept.
Hamrar í Grundarfirði	seinni réttir þri. 3. okt.
Hornsrétt í Skorradal, Borg.	seinni réttir fös. 25. sept.
Hólmarétt í Hörðudal, Dalabyggð	sunnudagana 27. sept. og 4. okt. kl. 10.00
Kirkjufellsrétt í Haukadal, Dal.	seinni réttir lau. 26. sept.
Mýrar í Grundarfirði	seinni réttir þri. 3. okt.
Núparétt á Melasveit, Borg.	seinni réttir laugard. 26. sept.
Oddsstaðarétt í Lundarreykjadal, Borg	miðvikudaginn 16. sept. kl. 9.00 og sunnud. 4. okt.

Ósrétt á Skógarströnd, Dal.	föstudaginn 2. okt. kl. 10.00
Reynisrétt undir Akrafjalli, Borg.	seinni réttir 26. sept.
Skarðsrétt á Skarðsströnd, Dal.	seinni réttir 4. okt. kl. 14.00
Svarthamarsrétt á Hvalfj. str., Borg.	sunnudaginn 4. okt.
Vörðufellsrétt á Skógarströnd, Dal.	Seinni réttir sun. 11. okt.
Þverárrétt Eyja- og Miklaholtshr, Snæf.	sunnudaginn 20. sept.
Ölkeldurétt í Staðarsveit, Snæf.	laugardaginn 26. sept.

Vestfirðir

Hraunsrétt við Hraun í Hnífsdal í Skutulsfirði	laugardaginn 26.sept.
Innri-Múlarétt á Barðaströnd, V.-Barð.	sunnudaginn 27. sept. kl. 14.00
Kirkjubólssrétt í Engidal í Skutulsfirði	laugardaginn 26. sept.
Traðarrétt við Tröð í Bjarnadal í Önundarfirði	laugardaginn 26. sept.

Austurland

Ormarsstaðarétt í Fellum, Fljótsdalshéraði	sunnudaginn 27. sept. kl. 13.00
--	---------------------------------

Suðurland

Landréttir við Áfangagil, Rang.	fimmtud. 24. sept. um kl. 12.00
---------------------------------	---------------------------------

Samtökum eigenda sjávarjarða.

Samtök eigenda sjávarjarða, sem eru samtök hlutaðeigenda í sjávarauðlindinni, óska hér með eftir lögfræðingi eða lögfróðum manni (endurskoðanda, fasteignasala) til að vinna að innheimtu gjalds fyrir afnot af lögbundnum og sjónarskrárvörðum eignarréttindum sjávarjarða eða ráðstöfun þeirra réttinda. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur gefið út það álit sitt, að réttur þessi sé lögformleg

Kostnaður vegna vinnu yrði til að byrja með greiddur í samræmi við árangur í starfi en útlagður kostnaður greiddur að fullu.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Ómar Antonsson, formaður Samtaka eigenda sjávarjarða,
Horni, Höfn í Hornafirði,
Símar 478-2577 og 892-0944.
Netföng: omarantons@gmail.com,
ses.netlog@gmail.com
Heimasíða samtakanna er: www.ses.is

Smíðum bíllykla



Smíðum og forritum flestar gerðir bíllykla
Tímamantanir óþarfar



Neyðarþjónustan

Lásasmiðurinn

Skútuvegur 11 • s: 510-8888

Bændablaðið

Næsta blað kemur út

8. október 2015

Öryggisskór og stígvél

Hjá Dynjanda færðu öryggisskó, öryggisstígvél og vinnufatnað sem uppfyllir ströngustu kröfur. Hafðu samband. Við veitum þér faglega aðstoð.



DYNJANDI
allt fyrir öryggið

Skelfunni 3h II Sími: 588 5080 II dynjandi.is

CE

Áhrifarík sárameðferð

- Bakteríueyðandi plástur -

Fyrirbyggir og eyðir sýklum í sári

á náttúrulegan hátt án sýkladrepandi efna.
Virkar á alla helstu sárasýkla, m.a. MOSA og VRE.



Polir íþróttir, leiki, sturtuböð og sund. Krumpast ekki á köntum.

Sorbact® - Græn sáralækning

Fyrir tilstilli vatnsfælni bindast sárasýklar við umbúðirnar, verða óvirkir og hætta að fjölga sér, án sýkladrepandi efna. Skaðar ekki nýjar frumur. Ótakmörkuð notkun á allar tegundir sára. Dregur úr sársauka. Engar aukaverkanir. Vatnsheldur og ofnæmisfrír límflötur.

Fæst í apótekum | Celsus ehf. | www.celsus.is



sorbact®
green wound healing

Auður Olga Arnarsdóttir fer ekki troðnar slóðir í sinni þekkingarleit:

Sveitastelpa frá Gunnbjarnarholti lærir flutningafræði í Ástralíu

— nýtir vinnureynslutímamann í náminu við að skipuleggja gripaflutninga á risatrukkum þar sem fluttir eru þúsund nautgripir á dag

Auður Olga Arnarsdóttir, ung stúlka frá Gunnbjarnarholti, valdi sannarlega ekki auðveldu leiðina við að afla sér menntunar. Hún fór alla leið til Melbourne í Ástralíu þar sem hún er að læra mjög svo áhugavert nám er varðar flutningafræði.

Auður er dóttir þeirra hjóna Arnars Bjarna Eiríkssonar og Berglindar Bjarnadóttur í Gunnbjarnarholti á Skeiðum í Árnessýslu. Námið sem Auður er í kallast „Logistics and Supply Chain Managment“ og er kennt í vel þekktum háskóla, „RMIT University of Melbourne“.

Nám Auðar er þó ekki eingöngu bundið við skólastofuna því hluti af því er að starfa úti á mörkinni, m.a. með flutningabílstjórum sem flytja m.a. nautgripi langar leiðir í sláturhús. Vegna þessa hefur hún að undanfögnu búið í borginni Toowoomba í Queensland en vinnan er 40 mínútur þaðan út í sveit. Þar hefur hún unnið við skráningar og „hands on“ á flutningum gripa. Það er stór hluti af hennar námi og í raun skylda að skila þar inn eins árs verklegum þætti.

Auður er fyrsti nemandinn úr þessu námi sem vildi fara út fyrir borgarmörkin til að öðlast starfsreynslu sem er hluti af náminu „work experience“. Sú leið sem hún valdi sér í starfsnáminu hefur enginn farið áður. Það gat hún gert með því að nýta sér sambönd við aðra Íslendinga sem búa í Ástralíu sem vísuðu henni réttu leiðirnar. Greinilegt er að íslenska ákveðnin hefur skipt þar miklu máli. Bændablaðið setti sig í samband við Auði til að fá frekari fregnir af henni og dvöl hennar í Ástralíu.

Frá Gunnbjarnarholti til Ástralíu

„Ég er frá kúabúi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Gunnbjarnarholti, þar sem ég bjó þangað til ég flutti til Ástralíu,“ segir Auður.

„Ég útskrifaðist af viðskipta- og hagfræðibraut Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir jólin 2010 og fór til Ástralíu í janúar 2011. Þar hef ég svo verið meira og minna síðan, fyrir utan rúmt hálf ár sem ég var heima og svo hef ég auðvitað tekið jólafrí heima.

Þegar ég útskrifaðist stefndi ég á háskóla um haustið og hafði hálf ár til að skoða heiminn, mig hafði alltaf langað til Ástralíu og ákvað bara að skella mér þangað í hálf ár sem varð svo mun lengra en hálf ár.“

Byrjaði á stóru kúabúi

„Ég byrjaði að vinna á stóru kúabúi í Suður-Ástralíu, þar sem voru að meðaltali 700 kýr mjólkaðar þegar ég var þar og fór mest upp í rúmlega 900. Þar var notuð mjaltahringekja sem tók 42 kýr í einu, þær löbbuðu inn og maður setti mjaltatækin á aftan frá. Síðan var manneskja sem þurfti að taka þau af eða senda þær annan hring eftir því hvað þær mjólkuðu mikið.

Þar var ég í almennum sveitastörfum í næstum eitt og hálf ár og kynntist þar afslappaða ástralska lífsstílnum, nægjuseminni og hjálpssemi og almennilegheitum allra í kring.“

Allt annar lífsstíll

„Lífsstíllinn var allt öðruvísi, fólk alltaf komið á fætur fyrir allar aldir, og fólk úr sveitum er yfirleitt ekki að mennta sig mikið. Það er bara mjög



Auður Olga Arnarsdóttir var ekkert að tvínóna við hlutina þegar hún skellti sér í nám hinum megin á hnettinum.



Auður við stóran „B-Double“, 34 hjóla og tveggja hæða gripaflutningabíl.

ánægt með að eignast finan jeppa og svo ágætis hús og leyfa sér svo að

fara í veiðiferðir eða útilegur. Ég lenti í alls konar ævintýrum



Auður og Adele, vinkona hennar á bænum, þurftu að bjarga tólf kvígum sem voru fastar í forarpytti.

þar, til dæmis að vera pikkföst í jeppa í þjóðgarði lengst í burtu, vera við varðeld á ströndinni með góðum vinum, eltast við kengúrur á kvöldin og refaveiðar.

Ég þurfti svo að fara aftur heim, en fann nám í Ástralíu sem mér leist vel á í Royal Melbourne Institute of Technology, sem á íslensku kallast flutningafræði eða Logistics and

Supply Chain Management.

Þetta er fjögurra ára BA-nám, þar sem ég klára fyrstu 2 árin og vinn svo í flutningum eða einhverju tengdu náminu í eitt ár og kem svo aftur í skólann og klára síðasta árið. Þar er okkar kenndur grunnur í viðskiptafræði fyrsta árið, með stærðfræði, bókhaiði, markaðsfræði, hagfræði, lögfræði í þessum almennu tímum, en á öðru ári förum við að sér-hæfa okkur meira. Þar lærum við birgðastjórnun, innkaup, þjónustu-flutninga, birgðastjórnunargreiningu og lærum hvaða tækni er í boði fyrir allt þetta. Það er mikið af hugtök-um og mun meiri hugsun á bak við þetta allt en maður heldur. Þeir kenna okkur og reyna að undirbúa okkur undir alvöruna með krefjandi verkefnum, oft í hópmum og byggt á raunverulegum vandamálum.

Verkefnin eru mjög oft þannig að maður velur fyrirtæki sjálfur og greinir vandamál in og reynir að koma með hentugar lausnir í þeim hlutum sem við erum að læra.

Eitt skiptið áttu allir í bekknum að koma með dæmi um skort á einhverju og það fyrsta sem mér datt í hug var smjörskorturinn á Íslandi fyrir ein jólin. Kennarinn var í svo miklu sjokki yfir þessu að öll kennslustundin fór í að tala um mjólkurframleiðslu á Íslandi.“

***Vildi tengja námið þekkingunni
úr sveitinni***

„Þar sem ég var með mikla bakgrunnsþekkingu úr sveitinni og hef ekki unnið við margt annað en sveitastörf, vildi ég blanda því við mína vinnureynslu. Skólinn er hins vegar í miðborg Melbourne sem er lítið tengd sveitinni. Þegar ég ákvað að taka vinnuárið með í gráðuna mína fór ég og talaði við kennarann sem sá um þetta. Ég sagði honum að ég vildi vinna við flutning á nautgripum, því ég hafði jú séð ótölulegan fjölda risatrucka sem voru endalaust að flytja nautgripi. Ég vildi læra hvernig það væri að vinna með trucka sérstaklega í Ástralíu, landi sem stólar á góða truckaflutninga vegna stærðar.“

*Eitthvað sem enginn
hafði áður gert*

„Kennarinn vildi hjálpa mér en gerði mér grein fyrir því að svona vinnureynslu hefði enginn annar farið í og spurði hvort ég væri viss um þetta. Hvort ég vildi ekki sækja um vinnu hjá þessum venjulegu stóru „finu“ fyrirtækjum í Melbourne, eins og General Motors, Nissan, Mercedes Benz, L'oreal og þess háttar. Ég sagðist myndi skoða þetta en innst inni vildi ég blanda sveitareynslunni inn í námið, því það er ekkert grín að flytjast úr sveit í stórborg eins og Melbourne. Ég þurfti því oft að fara í helgarferðir í gömlu sveitina mína til að ná hreinlega að draga andann, og hafa ekki endalaust af fólki, háhýsum og bílum í kringum mig. Svo var ég svo heppin að kynnst frábæru fólki frá Íslandi í Melbourne sem hafði sambönd í því sem mig langaði að gera. Það kom mér í samband við mann sem hjálpaði mér svo að finna vinnuna sem ég endaði í.“

Hóf störf hjá trukkafyrirtæki sem flytur búfé

„Ég byrjaði hjá Martins Stock
Haulage núna í janúar en það er
trukkafyrirtæki sem flytur nautgripi
og kindur, og hefur það verið þvítík
reynsla.

Við erum með 3 skrifstofur, aðal-
skrifstofan er í Scone, NSW, önnur
í Dubbo, NSW og svo þessi sem ég
er á í Oakey, QLD. Frá okkar skrif-
stofu erum við með í kringum 42–45
trukka sem flytja nautgrip, en hin
útibúin flytja líka kindur.“

Flytjum þúsund nautgripi á dag

„Í Queensland er ekki eins stór markaður og í New South Wales með kindur, allavega ekki á okkar svæði, svo öll okkar vinna er í kringum nautgripi. Við erum að flytja þúsundir daglega. Við erum aðallega



Auður Olga Arnarsdóttir, önnur frá hægri, með samnemendum sínum í RMIT-háskólanum í Melbourne í Ástralíu og uppáhalds kennaranum.



Auður og „gamli maðurinn í sveitinni“, Kerry.



Litlu krakkarnir í sveitinni, Mia, Jack og Taylor, að aðstoða Auði við fóðurgjöf.



Frá sveitabænum þar sem Auður starfaði í hartnær eitt og hálft ár, en þar voru mest um 900 mjólkurkýr.

að flytja nautgripi af „stöðvum“ í „feedlot“ og svo þaðan í sláturhús eða af mörkuðum og þaðan annaðhvort á stöðvar, feedlot eða sláturhús.

Hér er endalaus fjöldi af nautgripamörkuðum þar sem viðskipti með nautgripi fara fram oft á dag.

Við erum með 4 menn í fullu starfi bara í Queensland sem fara á nautgripasölur og tala við viðskiptavinina og skipuleggja trukka eftir því hvað þeir kaupa mikið á hverjum markaði. Á stærstu mörkuðunum fara í gegn í kringum 7.000 til 8.000

gripir í hverri einustu viku nánast allt árið um kring. Stundum getur það þó verið aðeins minna og fer það eftir veðri, þurrkum og þess háttar.“

Mest flutt á B-Double trukkum

„Stærðirnar hérna á öllu eru svakalegar. Við erum að flytja yfir 300 gripi daglega fyrir suma í sláturhús. Flestir trukkarnir eru svokallaðir B-Double en það er algengasta trukkasamsetningin í Ástralíu fyrir lengri flutninga. Aftan í hvern trukk



Skítugur dagur.

er hengdur 20 feta vagn að framan og 40 feta vagn að aftan. Slik æki eru leyfð á langflestum vegum. Þegar bílarnir eru ekki að fara í borgir eða á staði með stærðartakmörkum, sem sagt lengra vestur eða norður þaðan sem við erum, þá eru þeir oft B-Triple. Sú samsetning er 20 feta vagn, 20 eða 30 feta vagn og aftast 40 feta vagn. Þegar þeir fara svo enn lengra vestur verða þeir oft „roadtrain“ en þá eru þeir með tvo til þrjár 40 feta vagna og þegar þeir eru fullhlaðnir eru þeir oft að brenna 1 lítra af dísilolíu á hverja 850 metra.

Ég hef verið heppin með vinnuna mína, að því leyti að mér hefur verið sýnt allt, eða svo marga hluti af fyrirtækinu. Ég byrjaði þar sem flutningarnir eru skipulagðir og flutti mig svo í bókhaldið, þar sem ég aðstoðaði við reikninga, sá um alla pappírs-vinnuna frá blástjórnum og fleira. Nú er ég kominn aftur í skipulagn-inguna. Þótt ég geti ekki enn gert

EYJALIND

**Varahlutir
í vinnuvélar**

**bobcat KOMATSU
CASE VOLVO
CAT JCB
Ofl.**

 Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

Orkudrykkur fyrir nýbærur

EnergiBooster
10kg fata, 10.900

- Bætir orku og vökvatap eftir burð
- Jafnar saltbúskap
- Getur minnkað líkur á súrdoða
- Jafnar sýrustig í vömbinni
- 1/2kg í 15L vatns



*Sendum um land
allt!*

Egilsholti 1, 310 Borgarnesi
www.kb.is
Verslun opin 8-18 virka daga
10-14 laugard simi: 430-5500



Matarbúrið flutt til Reykjavíkur:

Grasfóðrað holdanautakjöt beint frá bónda

– er nú í boði úti á Grandagarði

Margir þeir sem vilja kaupa nautakjöt beint frá býli kannast vafalaust við verslunina Matarbúrið, sem starfrækt hefur verið á Hálsi í Kjós í um sex ár. Fyrir rúmum þremur vikum fluttist hún búferlunum út á gamla Grandagarðinn í Reykjavík, í gömlu beitningaskúralengjuna í nágrenni við ostabúðina Búrið og ísbúðina Valdís.

Lisa Boije og Þórarinn Jónsson búa á Hálsi og ráku verslunina sem þar var. Nú hafa þau fengið Helga Ágústsson til liðs við sig í úrbeiningu og fleira.

Nauta- og kanínukjöt til að byrja með

Þórarinn segir að til að byrja með verði eingöngu í boði nautakjöt frá þeim sjálfum, fyrir utan kanínukjöt



Myndir / smh

sem þau selja frá Birgit Kositzke á Hvammstanga. „Við ætlum svo bara

að sjá til hvað fólk vill annað – hver eftirspurnin er og reyna að svara



Þau Lisa og Þórarinn hafa lagt talsvert upp úr hönnun á yfirbragði verslunar og vöru. Kjötborðið leit einkar vel út þegar blaðamaður var þar á ferð.

henni. Við höfum fengið fyrirspurnir frá nokkrum um lambakjöt og mér finnst ekki ólíklegt að við munum taka það líka í sölu. Við ætlum bara að sjá hvernig þetta gengur svona í byrjun og í framhaldinu kannski þá að finna okkur einhverja samstarfsaðila. Við munum þó alltaf leggja mikla áherslu á allan rekjanleika afurðanna – að það liggi þá fyrir gagnlegar upplýsingar fyrir neytendur um viðkomandi framleiðendur.

Svo erum við með ýmis krydd, sultur, sinnep og chutney sem Lisa gerir, meðal annars úr uppskerunni úr garðinum,“ segir Þórarinn spurður um hvað muni verða í boði í Matarbúrinu.

„Við höfum fengið mjög góðar viðtökur og það hefur verið mikið að gera frá því að við opnuðum og það er ekki verra að byrja þannig

– því þetta er alveg nýtt umhverfi fyrir okkur. Þótt við séum búnir að reka verslun í sveitinni í sex ár þá er þetta allt annars konar verslunarrekstur. Hér í borginni er fólk oft bara að hugsa um að kaupa inn fyrir kvöldmatinn en í sveitaversluninni var það oft að birgja sig upp.“

Áhersla á grasfóðrun

„Við leggjum áherslu á að við erum með nautgripi sem eru eingöngu fóðraðir á grasi og heyi og ætlum að bjóða upp á allt af skepnum – alla parta og skurði, bein og hala. Ef það eru sérstakar óskir viljum við að það sé haft samband með smá fyrirvara. Við erum með kjötvinnsluna heima og smá aðstöðu á Grandanum fyrir minni viðvik,“ segir Þórarinn. /smh

www.n1.is

facebook.com/enneinn

Bílaþjónusta N1 leitar að liðsstyrk



Höfuðborgarsvæðið:

Óskum eftir að ráða starfsfólk til starfa við bílaþjónustu N1 á höfuðborgarsvæðinu.

Hæfniskröfur:

- Reynsla og þekking á smur- og hjólbarðapjónustu
- Rík þjónustulund
- Samskiptahæfni
- Vönduð vinnubrögð
- Reglusemi og stundvísi

Hjólbarðaverkstæði N1 hafa öll hlotið vottun samkvæmt gæðakerfi Michelin, en þá vottun fá eingöngu þau hjólbarðaverkstæði sem uppfylla ströngustu gæðakröfur Michelin.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Fannar Pálsson í síma 660 3411 eða 440 1318.

Hluti af atvinnulífinu

N1

Bændablaðið
Smáauglýsingar
56-30-300

Haust-útsala



Hitaveituskel 1850 L.



Hitaveituskel 1650 L.



Lok á heita potta, margar stærðir.

Heitirpottar.is • S. 777 2000



GLUGGAVINIR

ALLAR TEGUNDIR AF GLUGGUM OG HURÐUM
S: 571-0888 • GLUGGAVINIR.IS

Notendur dkBúbótar

Með uppfærslu á bókhaldsforritinu í sumar var lagfærð innsending í rekstrargrunn. Mikilvægt er að notendur sendi inn rekstrargögn fyrir 2014 og fyrri ár sem allra fyrst.

Leiðbeiningar fyrir skráningu eru á [bondi.is](#) og [rml.is](#)

Nánari upplýsingar í þjónustusíma dkBúbótar 563-0368






Sandfellsreynirinn Tré ársins 2015

Skógræktarfélag Íslands og Arion banki standa að vali á Tréi ársins og að þessu sinni hefur verið valinn staki reyniviðurinn í Sandfelli í Öræfum. Hann vekur jafnan athygli þar sem hann gnæfir einn og óstuddur um 11,8 metra upp úr sléttu graslendinu undir Sandfellsfjalli.

Af þessu tilefni langar okkur að bjóða þér/ykkur að vera viðstödd formlega athöfn sem haldin verður við tréð laugardaginn 26. september kl. 10. Að athöfn lokinni verður boðið upp á kaffi og með því á Hótel Skaftafelli, Freysnesi.



Vatnajökull
SANDFELL
Kirkjubæjarklaustur



Arion banki



Skógræktarfélag Íslands

Eldri blöð má finna hér á PDF:



Bændablaðið

Kornsekkir og plastinnlegg

- Eigum til á lager mismunandi stærðir kornsekkja sem eru fullopnir að ofan og með eða án losunarops í botni.
- Bjóðum einnig upp á sterk plastinnlegg sem henta fyrir kornsekkina.

Legur:

- Eigum til flestar gerðir af legum á lager – vottuð gæði.

Brettatjakkar/Vinnuborð:

- Mjög gott úrval af brettatjökkum og vinnuborðum á lager. Brettatjakkar málaðir, galvaniseraðir og ryðfrír.

Efnavara:

- Höfum einnig mjög breiða línu í efnavörum, smurefnum, koppafeiti ofl. Erum einnig með vottuð smurefni fyrir matvælaðnað.

Leitið upplýsinga hjá okkur



Bakverk heildsala ehf.

Tunguháls 10
110 Reykjavík
Sími: 517 2220

Ný verslun, „Kind“, opnuð við Hverfisgötu í Reykjavík:

Eina sérverslunin í heiminum með ullarvörur af forystufé

— margvísleg íslensk hönnun og handverk, m.a. frá Fræðasetrinu um forystufé í Þistilfirði

Um fyrri helgi var opnuð lítil verslun að Hverfisgötu 35. Má segja að hún sé afleiða af Versluninni RAM, eða Hrútur eins og nafnið útleiggst á íslensku, sem sömu eigendur opnuðu við Laugaveg í fyrravetur.

Eigendur beggja verslanna eru viðskiptafélagarnir Fjóla Halldórsdóttir og Svavar Halldórsson, fyrrverandi sjónvarpsfréttamaður með meiru og núverandi framkvæmdastjóri Landssamtaka sauðfjárbænda. Fyrir þá sem ekki þekkja til er kannski rétt að taka fram að þrátt fyrir sama föðurnafn eru þau ekki systkini. Bláðamaður hitti Fjólu að máli í nýju versluninni við Hverfisgötu þar sem Katrín Bessadóttir er verslunarstjóri.

Sérstaða á heimsvísu

Fjóla segir þeirra helstu sérstöðu vera í því að bjóða upp á vörur sem unnar eru úr ull og öðru hráefni af íslensku forystufé. Þær vörur koma frá Fræðasetrinu um forystufé á Svalbarði í Þistilfirði. Hún segir að ullin af þessu fé sé mikið finni en af öðru íslensku sauðfé. Þetta sé mjög sérstakt, því einungis séu til um 1.500 kindur í allri veröldinni af þessum sérstaka stofni og þær eru allar á Íslandi.

–Eruð þið þá eina verslunin í Reykjavík sem býður upp á lopapeysur úr ull af forystufé og aðrar vörur sem því tengist?

„Við erum ekki bara eina verslunin á Íslandi, heldur eina verslunin í öllum heiminum sem býður upp á slíkar vörur. Hluti af öllu sem við seljum hérna rennur til Fræðasetursins í Þistilfirði og verðum við því með þeim í þessu verkefni um forystuféð,“ segir Fjóla.

Einungis handprjónaðar og alíslenskar lopapeysur

Katrín verslunarstjóri segir að fleiri afurðir af forystufé verði á boðstólum, eins og uppstoppaðir kindahausar. Þá séu þau líka með lopapeysur úr hefðbundnum lopa.

„Við fáum prjónakonur víða um land til að prjóna fyrir okkur. Þetta er því alíslenskt handverk og þeirra hönnun,“ segir Katrín.

„Það er engin peysa hjá okkur prjónuð í Kína og það hefur gengið mjög vel að fá fólk til að vinna þetta fyrir okkur. Svo erum við líka með úrval af matarhandverki sem við leggjum einnig áherslu á. Þar má m.a. nefna vinsæla flögusaltið frá Norðursalti. Einnig margvíslegar sultur og aðrar niðursoðnar vörur frá Hallormsstað og margt fleira. Við leitum eftir vörum frá litlu framleiðendum og frumkvöðlum í þessum geira.“

Þær stöllur segja að versluninni Kind hafi strax verið vel tekið, ekki síst af útlendingum, rétt eins og þegar verslunin Ram var opnuð á Laugaveginum. Segjast þær vonast til að flæði fólks um Hverfisgötuna verði betra þegar framkvæmdum við hótelið lýkur sem verið er að byggja handan götunnar.

Meiri áhersla á matarhandverkið á Laugaveginum

Í gömlu húsi við Laugaveg 72 í Reykjavík er lítil og vinalæg verslun sem er eins og vin fyrir alla þá sem hrifnir eru af íslenskri hönnun og handverki. Þetta er Verslunin RAM. Þar var í eina tíð höndlað



Fjóla Halldórsdóttir í forystufjárhorninu í versluninni Kind. Myndir / HKr.

með skartgripi, föt og skó, en nú eru það matgæðingarnir og áhugakökkarnir sem hafa fengið þarna búð fyrir sig. Verslunin hóf eins og fyrr segir starfsemi síðasta vetur en það er augljóst að sótt er í gamlar hefðir. Helst má líkja versluninni við nútímalega útgáfu af búsaðhaldadeild í gömlu kaupfélagi. Hvert sem litið er blasa við tæki og tól til matseldar, hnífar, pönnur, pottar og fleiri álíka verkfæri. Þarna er íslensku matarhandverki gert sérstaklega hátt undir höfði. Sultur, súkkulaði, sölt, repjuolía, rabarbarasælgæti, poppkorn og mysudrykkur eru meðal þess sem er á boðstólum. Allt sem er ætt í búðinni eru íslenskar vörur.

Búð fyrir íslenska matgæðinga

„Við erum þar einnig með vönduð eldhúsaðhöld á góðu verði og alls kyns tæki og tól til matargerðar,“ segir Fjóla. „Svo erum við líka með svolítið súvíð- og vakúmhorn.“ En það sem gefur búðinni sterkan svip er íslenska matarhandverkið. Hún segir það vera sérstöðu þeirrar verslunar í samanburði við Kind á Hverfisgötu.

„Við kaupum vörur af íslenskum framleiðendum, stórum sem smáum, en samt aðallega smáum. Við reynum

að reka verslunina í anda sanngjarnra viðskipta og hjálpa þeim sem eru að byrja í framleiðslu á matarhandverki að koma vörunum sínum á markað.“ Hún segir að þrátt fyrir þetta takist þeim með aðhaldi og góðum rekstri að halda útsöluverðinu innan sanngjarnra marka.

„Þetta er kerfi sem virkar fyrir alla, bæði birgja og viðskiptavinum.“

Íslendingabúð – sem ferðamenn elska

Sumarið hefur verið gott segir Fjóla og nóg að gera. „Afgreiðslutíminn er langur og ferðamenn eru í meirihluta viðskiptavina, en við lítum samt fyrst og fremst á okkur sem Íslendingabúð. Vissulega er samt gott að fá ferðamennina og

Kind er til húsa í þessu fallega gamla og endurnýjaða húsi að Hverfisgötu 35.



Katrín Bessadóttir verslunarstjóri og Fjóla Halldórsdóttir í nýju versluninni Kind á Hverfisgötu.



Mikil umræða hefur verið um svokallaðar lundabúðir fyrir túrista í Reykjavík. Eina lundatengda varan sem hægt er að finna í Kind er þessi fallega þrjónahúfa úr alislenskrí ull.

Þeir eru hrifnir þegar þeir ganga í bæinn. Við höfum fengið um okkur umsagnir á netinu, allar góðar, þar sem fólk talar um að hafa fundið okkur, hafi fundið lítinn demant í Reykjavík og fleira í þeim dúr. “Fjóla segir að sín uppáhaldsummæli hafi verið eitthvað á þessa leið í lauslegri þýðingu: „Íslendingabúð – sem ferðamenn elska.“

Sauðkindinni er gert hátt undir höfði

Búðin hefur yfir sér sterkan íslenskan blá þótt þar sé hvergi að finna tuskulunda eða segulstál með fána á. Sauðkindinni er gert hátt undir höfði, bæði í þeim söluvarningi sem finna má í hillunum og eins í myndum á veggjum. Fjóla segir að allir starfsmenn séu mjög vel meðvitaðir um íslenskan uppruna varanna og að eigendurnir séu sérstakir áhugamenn um íslenskan landbúnað.

„Þegar við fórum að leita fyrir okkur kom í ljós að það er mikil gróska í íslensku matarhandverki og alls kyns öðru handverki sem tengist mat,“ segir Fjóla. „Áhuginn er líka mikill og það var mikið að gera hjá okkur strax frá fyrsta degi,“ segir hún og bætir svo við kankvís á svip, „eða kannski er það standurinn með Bændablaðinu sem trekkir svona að?“

Matvæli í lofttæmdar umbúðir í sláturtíðinni

Nú þegar sauðfjárslátrun stendur sem hæst fer fólk gjarnan að huga að kaupum á ýmsum sauðfjárafurðum til vetrarins og jafnvel að taka slátur. Margir sjá sér leik á borði og útbúa



Verzlunin RAM á Laugavegi leggur meiri áherslu á að þjónusta áhugafólk um matarhandverk. Þar er m.a. að finna vakúmvélar í ýmsum stærðum og súvíd-hitunartæki.

Eldað í vakúmi - Súvíd

Kostirnir við vakúmpökkun eru fleiri en bara að lengja geymslutíma matvæla. Sú eldunaraðferð sem kennd er við vakúmið, „súvíd“ (Sous Vide upp á frönsku, eða undir þrýstingi eins og það útleiggst á íslensku) nýtur líka sívaxandi vinsælda um allan heim. Hvort sem eru stjörnuokkar í útlöndum eins og Richard Blais og Heston Blumenthal, eða bara lækknirinn okkar í eldhúsinu, Ragnar Freyr Ingvarsson, þá virðast allir vera að „súvíða“.

Aðferðin gengur út á að vakúmpakka mat og hægelda hann svo í vatnsbaði í langan tíma. Til að prófa er einfaldlega hægt að gera þetta með því að setja heitt vatn í vask, setja svo t.d. vakúmpakkaðan kjötbíta út í og bíða. Margir ná fantagóðum árangri svoleiðis. Mun einfaldara er þó að kaupa til þessa sérstaka græju, t.d. frá Sous Vide Supreme eða Sansaire. Mikið úrval af þessum tækjum frá öllum framleiðendum er hægt að nálgast í Verzluninni RAM.

kjarngóða rétti úr ódýru hráefni eins og innmat og frysta hann í þægilegum skömmtum til að nota síðar. Sniðug leið til að auka geymsluþol er að pakka slíkum mat í lofttæmdar umbúðir. Þá er líka nauðsynlegt að vera með „vakúmvél“ við höndina, en Verzlunin RAM býður einmitt upp á úrval að slíkum tækjum.

Vakúmvélar hafa lengi þótt þarfaþing á íslenskum sveitaheimilum þar

sem björg er einkum dregin í bú á haustin. Með tilkomu frýstikistunnar varð auðvitað mikil breyting til batnaðar við geymslu á mat en síðan er hægt að margfalda geymsluþolið með vakúmpökkun. Veðimenn, bændur og margir fleiri þekkja þetta af góðri reynslu. Grænmeti, fiskur og kjöt geymast miklu betur og lengur í lofttæmi, hvort sem er við stofuhita, í kæli eða í frýsti, eins og meðfylgj-



Súvíd-hitapottur og vakúmpressa.

andi tafla ber með sér. Munurinn getur verið töluverður, sérstaklega í frýsti. Fiskur sem endist í tvo til þrjá mánuði í venjulegri frýstikistu getur enst í ár ef honum er vakúmpakkað. Sama gildir um kjöt og alla aðra matvöru. Margar af þessum vélum eru framleiddar í Kína eða annars staðar í Asíu og þykja þær almennt slakari en hinar. Eins og í fleiru eru vöru-

merkin fjölmörg, en tvö eru þekktust. Food Saver er bandarískt merki og stærsta vörumerkið vestan hafs, en þær vélar eru reyndar framleiddar í Kína. Ítölsku Magic Vac-vélar eru eftur á móti vinsælastar í Evrópu. Flaggskip Magic Vac er vélin Maxima 2, sem var valin vakúmvél ársins í Þýskalandi í fyrra af virtu þarlandu neytendatímariti.

/HKr.

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

PICHON – Öflugar haughrætur

3 gerðir til á lager

Pichon B417
Lengd, 7 metrar
Þvermál skrúfu, 60x70 cm
Skurðarhnifur á skrúfu
Driftskaft með tvöföldum lið

Verð kr. 1.190.000 án vsk.

Pichon B31
Lengd, 5 metrar
Með lið
Þvermál skrúfu 60 cm
Skurðarhnifur á skrúfu

Verð kr. 677.000 án vsk.

Hnífur á skrúfum

Skrúfa með skrúfuhring

VB LANDBÚNAÐUR ehf.
VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Samband garðyrkjubænda á 60 ára afmæli á árinu:

Þurfum að fara í öflugt kynningarátak

— segir formaðurinn Gunnar Þorgeirsson um vandann varðandi litla nýliðun

Samband garðyrkjubænda fagnar 60 ára afmæli á þessu ári. Í vor tók nýr formaður við stjórnartaumunum, þegar Gunnar Þorgeirsson í Ártanga leysti Svein Sæland af hólmi.

„Ég ætlaði nú alltaf að fara út í kúabúskap. Ég kynntist konunni 1979 og fór að vinna hér á bænum hjá tengdafaforeldrum mínum árið 1981, en þau voru með kýr og kindur. Fljótlega breyttu þau svo búskapnum og fóru yfir í svínarækt og þar hefur verið rekið svínabú síðan. Hvernig það kemur til að við stofnum þessa garðyrkjustöð á sér nokkuð sérstaka forsögu. Bjarni, sem var kenndur við Blómaval, er kvæntur systur pabba og hann bað mig eiginlega að fara að framleiða pottablóm fyrir sig. Hann sagði mér að fara bara til Danmerkur og prófa að vinna við þetta. Ég hlýddi því bara og við fórum út 1985. Svo leiðir eitt af öðru; ég fór í garðyrkjustöðina úti og þegar náminu var lokið ári síðar fluttum við heim og byggðum garðyrkjustöð og fórum að framleiða pottaplöntur fyrir Bjarna. Sú framleiðsla var svo meginþunginn í okkar starfsemi þangað til fyrir nokkrum árum að við færðum okkur að mestu leyti yfir í kryddjurtirnar. Við erum þó enn með dálítið af laukum, jólástjörnu og garðplöntum.“


Voru nærri hætt framleiðslu

„Eftir fjármálahrunið 2008 drógum við mjög úr framleiðslu á pottablómum og vissum ekki alveg hvað við ættum að gera. Það minnkaði mjög sala á öllum tegundum hjá okkur og um tíma leit þetta bara mjög illa út hjá okkur. Við vorum nærri komin á þá skoðun að við ættum bara að selja þetta og fara að gera eitthvað allt annað.

Árið 2012 vorum við komin á þá skoðun að breyta um ræktun og skoðuðum ýmsa möguleika í því sambandi; til dæmis jarðarber og tómata. Við fórum svo í skoðunarferð til Noregs að sjá hvað þeir væru að gera í ræktun á kryddjurtum í pottum. Vorum búin að heyra að Norðmenn væru mjög framarlega í því. Það er skemmst frá því að segja að eftir þá ferð varð ekki aftur snúið með þá hugmynd. Við duttum líka inn á ákveðinn tíðaranda hér á Íslandi þar sem mikil vakning var í því sem kalla má „græna neyslu“. Við höfum líka verið í samstarfi við veitingastaðina – og erum farin að sinna beint þörfum þeirra og það er mjög skemmtilegt samstarf. Það má nefna í því sambandi að við erum með þá nýbreytni núna að vera farin að rækta svokallaðar spíur ýmissa tegunda sem eru eftirsóttar hjá matreiðslumönnum. Svo erum við jafnvel að spá í að fara að senda frá okkur framleiðsluna tvisvar í viku svo ferskleikinn sé alltaf eins og best verður á kosið, en hingað til höfum við gert það vikulega.“

Stöðugleiki í ylræktinni

„Það má segja að garðyrkja undir gleri sé alltaf tiltölulega stöðug og hefur líklega heldur verið upp á við en hitt,“ segir Gunnar um stöðu og horfur í greininni, en um hálft ár er liðið síðan hann tók við formennsku. „Þar eru ýmsir áhugaverðir vaxtarsprotar og ég get nefnt að núna eru tilraunir í gangi í Garðyrkjustöðunum þar sem jarðarber eru ræktuð allan ársins hring undir ljósum. Útiræktin er alltaf dálítið veðurfarslegt happdrætti. Eins og menn upplifðu í sumarbyrjun, að það bara kom engin



Gunnar heldur hér á spírum sem hann selur svo til veitingahúsa. Hann segir áhugaverða vaxtarsprotu vera til staðar í garðyrkjunni, en nýliðunina vanti.

júnímánuður. Ég heyrði fyrir stuttu í kartöflubónda sem býr hér ekki langt frá mér og honum leist ekkert á blikuna þegar ágúst var hálfnaður. Svo kíkti hann aftur undir núna þegar komið var undir mánaðamót og þá hafði ræst talsvert úr þessu bara í þessum hlýindum og vatnsveðri sem kom seinni hlutann í ágúst. Á Norður- og Austurlandi er þetta hins vegar bara mjög erfið staða. Síðustu tvö ár voru hins vegar frekar erfið hér á Suðurlandi enda rigndi þá alveg látaust nánast.“

Lítill endurnýjun er vandamál

„Það er því miður ekki mikil endurnýjun í þessari grein – og ég held raunar að við stöndum í svipuðum sporum og aðrar greinar landbúnaðarins að því leyti. Við höfum gríðarlegar áhyggjur af þeirri stöðu. Við sjáum fólk eldast í greininni en lítill áhugi er á því að taka við. Það er ætlunin að koma inn á þessi vandamál í samningaviðræðunum sem eru á næsta leiti, varðandi gerð nýrra búvörusamninga. Eitt af því sem hamlar eðlilegri nýliðun er að fjárfestingin er mjög mikil ef fólk hefur áhuga á því að byrja frá grunni. Það er líka kominn tími á það mjög víða í garðyrkjunni að það verði farið í endurnýjun á húsakosti og öðrum búnaði – og það skiptir líka máli varðandi þessa nýliðun. Það hefur lítið verið byggt af nýju húsnæði á undanförunum árum. Kannski lítið verið gert í þessum málum frá síðasta garðyrkjustamningi, í kringum 2001 og 2002. Þá fékk greinin stuðning til að úrelða húsnæði og til að auka lýsingu og fleira, en á móti var tollverndin tekin af nokkrum tegundum grænmetis. Við erum kannski ekki að óska eftir svipaðri leið að þessu

sinni, en það þarf að huga alvarlega að því hvernig hleypa megi lífi í nýliðunina í garðyrkjunni. Svo er fjármagnið bara mjög dýrt. Mér sýnist reyndar staðan vera svipuð á öðrum Norðurlöndum hvað nýliðun varðar. Held að það sé verkefni okkar að fara í öflugt kynningarstarf – og að við þurfum að fara alveg niður í grunnskólaaldur með slíkt ímyndar- og kynningarátak.“

Mikilvæg samningagerð fram undan

„Á endanum skiptir öllu hvernig tekst til í þessum búvörusamningum sem fram undan eru við ríkið, hvernig horfurnar verða á því að auka fjárfestingu í greininni. Skiptir þar miklu máli niðurgreiðslan á flutningskostnaði í raforkunni – sem hefur verið mikill skilningur á sem betur fer og skiptir kannski mestu máli. Síðan hefur verið veittur stuðningur í formi krónutölu á seldu magni af tómötum, papriku og gúrkum – vegna þess að tollverndinni var aflétt af þessum tegundum. Við viljum að þessu verði þá í það minnsta haldið áfram.

Varðandi kostnað við orkuflutning þá er það ekkert alveg einfalt mál, en við finnum þó fyrir betri hljómgrunni upp á síðkastið fyrir því að við getum tryggt framlagið í samningi við greinina. Við skiljum að það sé dálítið flókið að taka gjaldskrána og breyta henni, sérstaklega fyrir garðyrkjuna, því þar koma inn í myndina jafnræðissjónarmið og fleiri greinar eru auðvitað líka að nota mikið rafmagn. Þetta er gríðarlegt hagsmunamál garðyrkjunnar og við treystum því að það verði áfram tekið tillit til okkar sjónarmiða í þessu máli og það fest inn í búvörusamninginn. Ef



Stöðugleiki er í ylræktinni á Íslandi, en útiræktunin er dálítið happdrætti.

það gerist ekki erum við háðir því að þetta skili sér í fjárlögum hvers árs. Ráðherra hefur talað fyrir því að samningurinn verði jafnvel til tíu ára og við erum á sömu línu með það, því það skiptir máli að vita hvernig framtíðarlandslagið muni líta út að þessu leyti.“

Einn rammasamningur fyrir landbúnaðinn

Gunnar segir að fram undan sé þessi búvörusamningagerð við ríkið. Það sé áhugi af beggja hálfu fyrir því að gera einn rammasamning yfir landbúnaðinn í heild sinni og þar sé tekið inn menntunarmál, aukin arðsemi í landbúnaði, nýliðun, umhverfismál, fæðuöryggi og fleira. Síðan verða gerðir undirsamningar fyrir hverja búgrein fyrir sig.

„Hjá okkur þarf að uppfæra eitt og annað, ég get nefnt kartöflutollinn sem dæmi. Hann hefur verið óbreyttur í krónum talið frá því að GATT-samningurinn var gerður árið 1994. Tollverndin í kartöflunum hefur því veikst mikið með árunum. Garðyrkjustamningurinn rennur út nú í lok árs og við höfum óskað eftir

því á grundvelli þessara viðræðna að framlengja hann óbreyttan um eitt ár, á meðan það er verið að ganga frá öðrum undirsamningum. Ég sé fyrir mér að það verði þá hægt að ganga frá þessu endanlega um þarmæstu áramót.

Í þessum heildarsamningi sem er í spilunum held ég að það verði horft dálítið til garðyrkjustamningsins, því það hefur verið mikill friður um þann samning. Hjá okkur háttar styrkja-fyrirkomulaginu þannig til, að það er bargað vissu á 100 kíló af seldum tómötum – og ef það seljast 200 kíló þá fækkar krónunum á hvert kíló um helming.

Það hefur verið talað um að breyta styrkjakerfinu þannig að það verði farið að styrkja á land í stað framleiðslu – í svipuðum dír og Evrópusambandið er með. Það kallar hins vegar á alveg gríðarlega vinnu við það að skrá land og hafa eftirlit með því.

Ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur í garðyrkjunni – ef það á að fara að styrkja út á land – að útiræktinni sé komið undir það kerfi. En það á allt eftir að koma í ljós hvernig þetta verður.



Mynd / smh

Núna eru viðræður komnar í fullan gang og svo verður heilmikil vinna fram undan í haust að koma þessu öllu heim og saman; hvað eigi að vera í rammasamningnum og hvað á að vera í undirsamningum. Mér heyrir það vera vilji formanns Bændasamtakanna að allar greinar verði þar undir; skógræktin til að mynda og allar aðrar búgreinar. Auðvitað er það skynsamleg nálgun að ýmsu leyti þar sem greinarnar skarast í svo mörgu – til að mynda varðandi nýliðunar- og umhverfismál.“

Upprunamerkingarnar enn í ólagi

Á dögunum bárust fréttir um að samkvæmt könnun Matvælastofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna væri enn talsverður misbrestur á því að innflutt grænmeti væri merkt með uppruna eins og reglur hafa gert ráð fyrir nú um nokkurt skeið. „Já, þetta er eiginlega með ólíkindum hjá versluninni að geta ekki komið þessu í lag – og stundum er jafnvel gengið svo langt að bakkar frá Sölufélagi garðyrkjubænda eru notaðir undir innflutta grænmetið,“ segir Gunnar.

„Við höfum lagt mikla áherslu á að þetta sé að minnsta kosti í lagi okkar megin – að við merkjum okkar vörur með fánaröndinni okkar.

Við erum um þessar mundir að innleiða gæðahandbók garðyrkjunnar og hún mun ná til allra þeirra sem stunda garðyrkju; hvort sem er í útrækt, blómunum eða ylrækt. Grundvöllur þess að þú fáiir að nota fánaröndina er þá að þú farir eftir gæðahandbók garðyrkjunnar. Við höfum verið að skoða útfærslur af slíkum handbókum á Norðurlöndunum og viljum vanda til verka í þessu. Á Norðurlöndunum eru þeir með þriðja aðila í eftirliti með notkun á gæðahandbókum og eftirfylgni. Við viljum ekki að það fari fyrir fánaröndinni eins og til dæmis merkinu um vistvæna vottun, sem með tímanum varð auðvitað marklaust eins og komið hefur í ljós.“

Þurfa að kaupa upprunavottorð fyrir hina hreinu íslensku orku

Eins og upplýst hefur verið í Bændablaðinu fyrir skemmstu má sjá á orkureikningum landsmanna að upprunavottorð hinnar hreinu íslensku raforku hefur í einhverjum tilvikum

verið selt. Uppruni orkunnar er þar sagður vera frá kjarnorku, olíu, kolum og gasi. Ástæða þessa mun vera sala íslenskra orkufyrirtækja á upprunavottorðum íslenskrar raforku, sem verða þá í staðinn að taka á sig „mengandi framleiðslu“. Íslensk matvælaframleiðslufyrirtæki, sem hafa getað státað af hreinni framleiðslu, hafa sum hver þar með misst þessi sjálfgefnu fríðindi – og þar með ímynd – þótt þau geti keypt upprunavottorðið til baka.

„Mér finnst dálítið sérkennilegt í þessu máli að í raun er verið að selja kolefniskvóta til Evrópu – ég sé þetta ekki öðruvísi,“ segir Gunnar. „Í staðinn sitjum við uppi með það að uppruni íslenskrar raforku er skráð þannig að hluti hennar er framleiddur úr kjarnorku og hluti úr jarðefnaeldsneyti, þótt við vitum að 98 prósent af íslenskri raforku er endurnýjanleg – sem er mjög undarlegt. Við höfum því óskað eftir því við ráðuneytið að það verði upplýst um það hverjir hagsmunirnir eru í þessu sambandi og hvort hugsanlega sé verið að fórna meiri hagsmunum fyrir minni. Ég treysti því að það varpi þá ljósi á það hvað við séum að fá út úr þessu. Það hefur í það minnsta ekki endurspeglast í lægra raforkuverði hér á Íslandi.

Mér skilst að stjórnvöld heimili þetta á grundvelli samkomulags við Evrópusambandið og það er því þeirra að svara fyrir þetta, en ég átta mig ekki á því hvers vegna þessi leið er farin. Þetta gerir þetta enn furðulegra að garðyrkjan þurfti svo að kaupa sig frá þessu til þess að hafa hreinleikavottorð á rafmagnið. Við reiknuðum það út að fyrir garðyrkjuna þá eru þetta kannski fjórar til fimm milljónir á ári, sem við þyrftum að greiða fyrir hreinleikavottorð á íslensku rafmagni. Þegar þetta rann upp fyrir mönnum þá féllust mönnum bara hendur, ég held að enginn hafi enn farið út í það að kaupa sig frá þessu. Fyrir flesta garðyrkjumenn er kannski enginn hvati til þess eins og er – á meðan til dæmis ekki er um útflutning að ræða – en ég spyr nú bara að því hvernig þetta virkar til dæmis með lífræna vottun. Svo er þetta bara í grundvallaratriðum galið; það er alltaf verið að selja íslenskan hreinleika og svo birtist þetta á rafmagnsreikningunum okkar. Ég held reyndar að þetta snúi að fleiri greinum en garðyrkjunni – ég spyr til dæmis um áhrifin á fiskútflutninginn. Sú hlið hefur ekki komist upp á yfirborðið í umræðunni.

Önnum kafinn félagsmálamaður

Gunnar er oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps – og má kalla önnum kafinn félagsmálamaðmann. Hann reynir þó að líta inn á garðyrkjustöðina í lok dags og um helgar og sinnir nú aðallega viðhaldsmálum þar. „Sumir dagar hjá mér fara alveg í félagsmál-in og stundum alveg fram á rauða nótt,“ segir Gunnar sem er formaður Samtaka sunnleskra sveitarfélaga, formaður Samtaka orkusveitarfélaga, formaður skipulagsnefndar, formaður skólanefndar menntaskólans á Laugarvatni, formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Árnessýslu – auk formennskunnar í Sambandi garðyrkjubænda. „Konan, Sigurdís Edda Jóhannesdóttir, stýrir garðyrkjustöðinni og ræktuninni alfarið og er reyndar sest á skólabeck í Garðyrkjuskólanum.

Það er gott að geta rætt ýmis mál yfir kvöldmatnum sem snúa að starfsemi; hvort auka eigi þetta eða hitt eða hvort byrja eigi að sá fyrir þessu eða hinu. Hagnýtir hlutir sem gott er að við getum talað saman um af einhverju viti.“

Frístundabændur á Húsavík byggðu nýja rétt

Frístundabændur á Húsavík tóku sig til og reistu nýja fjárrétt síðsumars. Hún var tekin í notkun 12. september og var hátíðarbragur yfir réttardeginum.

Formaður Fjáreigendafélags Húsavíkur, Aðalsteinn Árni Baldursson, bauð fjölmarga gesti velkomna um leið og hann fór yfir tildrög þess að frístundabændur á Húsavík byggðu nýja rétt í Tröllakoti. Fyrri rétt stóð í landi Bakka en þurfti að víkja vegna framkvæmda við stóðiðju á vegum PPC.

Fjáreigendafélag Húsavíkur var stofnað sumarið 1983 og fjárbændurnir Sigurður Jónsson og Jón Ágúst Bjarnason, sem hafa verið félagsmenn frá upphafi ásamt Aðalsteini Árna fjallskilastjóra, gáfu réttinni nafnið Húsavíkurrétt.

Kristján Þór Magnússon bæjarstjóri Norðurlþings klippti á réttarborðann og naut við það aðstoðar dóttur sinnar, Aðalheiðar Helgu. Þar með vígði hann réttina og óskaði fjáreigendum til hamingju með glæsilega rétt.

Þá var tekið til við að draga féð í dilka en um 500 fjár var saman



Sigurður Jónsson og Jón Ágúst Bjarnason, sem komu að því að stofna fjáreigendafélagið árið 1983, gáfu réttinni nafn, Húsavíkurrétt.

Myndir / Aðalsteinn Á. Baldursson



Kristján Þór Magnússon, bæjarstjóri Norðurlþings, klippti síðan á réttarborðann með dóttir sinni, Aðalheiði Helgu, og vígði þar með réttina formlega.



Þrír góðir, Sturla með barnabarni, Hafliði og Friðbjörn Jónatansson frá Nipá, sem var þarna 96 ára höfðingi. Ánægjulegt var að sjá heimilismenn á Hvammi taka þátt í deginum enda flestir fyrrverandi bændur.

komið í réttinni, frá Húsavík og nærliggjandi sveitum, það er frá Tjörnesi, Kelduhverfi, Reykjahverfi og Aðaldal. Meðan á fjárrættinum stóð buðu fjáreigendur upp á kaffi, safa og kleinur. Veitingar voru vel þegnar í einstakri veðurblíðu.

Í lokin var boðin upp falleg gimbur í tilefni vígslunnar og komu nokkur tilboð í hana en svo fór að Torfi Aðalsteinsson bauð hæst og hlaut gimbrina fögru. Frá þessu er sagt á vef Framsýnar.



Kristján Eiðsson stórbóndi dregur Baugu sína í nýja dilkinn. Eins og sjá má virðist Bauga nokkuð ánægð með nýju réttina.



Þetta er bara gaman, Kristján Þór bæjarstjóri með fallegan lambhrút.



Aðaldís og María, sem ættaðar eru frá Húsavík, hjálpuðu að sjálfsögðu til við að draga en þær búa báðar á höfuðborgarsvæðinu og komu sérstaklega norður til Húsavíkur til að taka þátt í réttardeginum.

Flokkunargangar Gjafagrindur



Flokkunarhlið.....61.000
Einstefnuhlið.....34.000
Lokuð grind.....31.000

Opin grind.....20.000
Styrktarrammi.....39.000
Hlið með boltalás.....14.000

Gjafagrind....79.900

Sími 430-5500
www.kb.is



VÉLANAUST ehf

KLIPPUR, KRABBAR OG VIBRO-RIPPER FRÁ TOPA



Höfum tekið við umboði fyrir **Topa** sem býður glussafleyga og fleiri vönduð verkfæri sem hafa áunnið sér gott orðspor á Íslandi á undanförunum árum.

Álhella 4, 221 Hafnarfjörður - Sími 555 6670 - velanaust@velanaust.is

Husqvarna – Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf- og vegsagir



HUSQVARNA FS 400 LV
Sögunardýpt 16,5 sm

HUSQVARNA K 760
Sögunardýpt 12,5 sm

HUSQVARNA K 3600 MK II
Sögunardýpt 27 sm

HUSQVARNA K 2500
Sögunardýpt 14,5 sm

HUSQVARNA DM 230
Bordýpt 15 sm

HUSQVARNA
Steinsagarblöð og kjarnaborar



ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN

MHG Verslun ehf | Akralind 4 | 201 Kópavogi | Sími 544-4656 | www.mhg.is



FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM UM STYRKI

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða auglýsir eftir umsóknum um styrki til uppbyggingar á ferðamannastöðum árið 2016.

Framkvæmdasjóðurinn styrkir verkefni sem uppfylla amk. eitt af eftirfarandi skilyrðum:

- Verkefnið er til uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila eða á náttúruverndarsvæðum.
- Verkefnið er til framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu opinberra aðila jafnt sem einkaaðila.
- Verkefnið er til undirbúnings- og hönnunarvinnu sem er nauðsynleg vegna framkvæmda á ferðamannastöðum eða á náttúruverndarsvæðum.

Áherslur og ábendingar til umsækjenda:

- Framkvæmdasjóðurinn leggur sérstaka áherslu á verkefni þar sem horft er til heildarmyndar ferðamannastaða og ferðamannaleiða.
- Framlög eru háð því skilyrði að um sé að ræða ferðamannastaði sem eru opnir almenningi.
- Að jafnaði getur styrkur ekki numið hærri upphæð en 50% af kostnaði.
- Við yfirferð umsókna er tekið mið af gæðum og trúverðugleika umsókna, mikilvægi verkefnis m.t.t. markmiða Framkvæmdasjóðsins og Ferðamálaáætlunar 2011-2020, sjálfbærnisjónarmiða, nýnæmis ofl.
- Áherslur Framkvæmdasjóðsins er varða skipulag og hönnun, útlit og gæði mannvirkja og merkinga koma m.a. fram í ritinu „Menningarstefnu í mannvirkjagerð“, leiðbeiningarritinu „Góðir staðir“ og „Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum“. Sjá nánar á umsóknasíðu.

Allar umsóknir skulu innihalda:

- Verkefnis lýsingu sem lýsir hugmyndinni með rökstuddum og skýrum hætti.
- Kostnaðar- og verkáætlun.
- Ef sótt er um styrk fyrir byggingu mannvirkja eða til annarra framkvæmda þá verður deiliskipulag, fullnaðarhönnun og framkvæmdaleyfi að liggja fyrir.
- Ef sótt er um styrk til skipulags- og hönnunarvinnu eða undirbúningsrannsókna þá verður að fylgja skriflegt samþykki sveitarstjórnar og/eða skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags.
- Skriflegt samþykki allra landeigenda og/eða umsýjaraðila.

Hverjir geta sótt um:

Öllum sem hagsmuna eiga að gæta er frjálst að sækja um styrk að uppfylltum ofangreindum skilyrðum.

Hvar ber að sækja um:

Umsókn skal skila á vef Ferðamálastofu www.ferdamalastofa.is á sérstakri umsóknasíðu.

Umsóknarfrestur:

Umsóknarfrestur er til kl. 15. 16. október 2015. Umsóknir sem berast eftir það eru ekki teknar gildar.

Nánari upplýsingar veitir Örn Þór Halldórsson umhverfisstjóri Ferðamálastofu í síma 535-5500 eða með vefpósti. orn@ferdamalastofa.is.

Belgagri

Twenty-One flugnaeitur

- Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.
- Asamepífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
 - Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
 - Virkni í allt að 12 vikur
 - Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
 - Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu



Sölustaðir:



Streymi heildverslun ehf.
Goðanesi 4 | Akureyri
streymi.is | 588 2544

MÝKJANDI HÚÐSMYRSL ÚR MINKAOLÍU OG ÍSLENSKUM JURTUM

HÆLABÓT

Frískandi og mýkjandi húðsmyrsl. Gott á þurra húð t.d. sprungna hæla.

SÁRABÓT

Mýkjandi, nærandi, og kláðastillandi húðsmyrsl gott á þurra húð, þurrkbletti og sólbruna

FÆST Í APÓTEKUM

HÆGT AÐ PANTA Á:
gandur@gandur.is
gandur.is



Skýrsla um áhættumat vegna innflutnings á lifandi dýrum:

Hætta á smiti strax á fyrsta ári

Í tveimur skýrslum sem unnar hafa verið um áhættumat á innflutningi á lifandi búfé er sagt að áhættan við slíkt sé veruleg. Kostnaður vegna afleiðingar mögulegs smits hleypur á milljörðum.

Meginniðurstaða áhættugreiningarinnar er að strax á fyrsta ári eftir að innflutningur hæfist undir formerkjum reglna Evrópusambandsins (ESB) um frjálst flæði, væru miklar líkur á að sjúkdómar færu að gera vart við sig í íslenskum dýrum og að þessi áhætta myndi aukast með hverju ári þar á eftir. Í skýrslunum er einungis miðað við hugsanlegt smit í sauðfé, nautgripum og hrossum.

Líkur á mæði-visnasmiti

Samkvæmt greiningunni eru miklar líkur á að nautgripastofn garnaveikibakteríunnar og einnig Salmonella Dublin bærist í nautgripi hér á landi og afleiðingar sýkinganna yrðu líklega miklar. Jafnframt eru miklar líkur á að bakterían sem veldur Q-hitasótt berist í nautgripi, sauðfé eða geitur en afleiðingarnar aftur á móti ekki eins miklar. Miklar líkur eru taldar á að veirur sem valda mæði-visna og smitandi liða- og heilabólgu bærist í sauðfé og geitur hér á landi með innflutningi á lifandi sauðfé og geitum og að afleiðingar þess yrðu alvarlegar. Sömuleiðis er samkvæmt greiningunni mjög líklegt að þeir þrír hrossasjúkdómar sem teknir voru fyrir þarust í hross með alvarlegum afleiðingum.

Gengið út frá innflutningi frá Danmörku


Í áhættumatinu er fyrst og fremst metin áhættan af því að flytja inn lifandi dýr frá Danmörku, þar sem talið er líklegt að íslenskir bændur myndu sækja sér þangað efnivið í kynbætur sínar og enn fremur er talið mjög trúverðugt að miða við Danmörku, sem er þekkt fyrir ágætt sjúkdómsástand og stjórnun á dýraheilbrigði miðað við önnur ESB-lönd.

Milljarða kostnaður

Í kostnaðarmati um afleiðingar smits vegna hugsanlegs innflutnings á lifandi dýrum var gerð athugun á efnahagslegum afleiðingum á því að garnaveiki kæmi upp í íslenskum nautgripum. Talið er að tjón vegna þessa sjúkdóms gæti numið allt að tveimur milljörðum króna.

Sé litið til þess að tjón vegna garnaveiki í nautgripum er áætlað um tveir milljarðar króna má búast við að tjónið hlypi á tugum milljarða yrði sjúkdómarnir fleiri.

Smit vegna nautgripastofns garnaveikibakteríunnar dregur úr nyt gripa, frjósemi verður minni, gripir endast ver og kjötið af þeim verður



Dr. Daði Már Kristófersson, landbúnaðarhagfræðingur við Háskóla Íslands, dr. Preben Willeberg, fyrrverandi yfirdýralæknir í Danmörku og prófessor í dýralækningum við háskólana í Kaupmannahöfn og í Kaliforníu, auk Halldórs Runólfssonar, fyrrverandi yfirdýralækni og núverandi ráðgjafa hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

lélegra og kostnaðurinn sem fylgir því mundi leggjast þyngst á bændur vegna minni nytja og almenns afurðataps.

Aðdragandi áhættumatsins

Halldór Runólfsson, fyrrverandi yfirdýralæknir og núverandi ráðgjafi hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, segir aðdraganda skýrslunnar eiga sér nokkuð langa sögu. Þegar Ísland gerðist aðili að EES árið 1994, hafi verslun með lifandi dýr, dýra-afurðir og fisk verið undanþegið í þeim samningi. „Seinna var verslun með fisk tekin inn í samninginn og reglugerðir þar að lútandi teknar upp hér á landi. Evrópusambandið hefur gert athugasemdir við þessar undanþágur Íslands við EES-samninginn allt frá upphafi og þá sérstaklega eftir að Norðmenn tóku yfir regluverk ESB um landbúnaðarvörur og innflutning á lifandi dýrum árið 1997.

Íslendingar hafa aftur á móti ekki viljað gangast við þeim reglum vegna hættu á að búfjárjúkdómar sem ekki þekktust hér þarust til landsins og yllu óafturkræfum skaða. Árið 2002 gaf Evrópusambandið út nýja matvælalöggjöf og þá hófst þrýstingur á að við tækjum yfir matvælahlutann

sem við gerðum að stórum hluta í árslok 2010, nema hvað varðar lifandi dýr og hrátt ófrosið kjöt.

Meðal þess sem var skoðað eftir að aðildarviðræður Íslands við Evrópusambandið hófust var hvað stæði út af í sambandi við dýra- og matvælalöggjöf ESB. Krafa Evrópusambandsins var strax í upphafi að við yrðum að taka löggjöfina yfir í heild og þar á meðal leyfa innflutning á lifandi dýrum til landsins undir þeirra reglum. Þetta var óásættanlegt af Íslands hálfu og þá gerði ESB kröfu um að við sýndum fram á það með vísindalega viðurkenndum aðferðum að við þyrftum á strangari reglum að halda.

Í framhaldi af því var ákveðið að láta vinna skýrslu sem færi yfir áhættuna sem fylgdi því að hingað yrði frjálst flæði dýra án allra varúðarráðstafana og smithættuna sem því fylgdi,“ segir Halldór.

Vandað til verka

Halldór segir að til verksins hafi verið fenginn dr. Preben Willeberg, fyrrverandi yfirdýralæknir í Danmörku og prófessor í dýralækningum við háskólana í Kaupmannahöfn og í Kaliforníu. Samhliða því var dr. Daði Már Kristófersson, landbúnaðarhagfræðingur við Háskóla Íslands, fenginn til að meta kostnað vegna hugsanlegs smits væri innflutningur lifandi dýra gefinn frjáls. Auk þess sem skýrsla dr. Willeberg var ritrýnd og talin unnin samkvæmt alþjóðlegum stöðlum og sem viðurkendir eru af Alþjóðadýraheilbrigðismálastofnuninni, Alþjóðadýraheilbrigðismálastofnuninni OIE í París og Alþjóðaviðskiptastofnuninni WTO í Genf.

Innflutningur á eigin forsendum gengið vel

„Satt best að segja kom mér á óvart hversu afgerandi niðurstaða áhættumatsins er og að gera megí ráð fyrir smiti strax á fyrsta ári. Fram til þessa hafa Íslendingar flutt inn mikið af lifandi gæludýrum, lifandi loðdýrum, svínum og erfðaefti í kynbótaskyni auk frjóeggja fyrir alifuglaframleiðendur. Það er gert undir ströngu eftirliti og samkvæmt okkar eigin

forsendum og gengið ágætlega.

Í skýrslunni kemur meðal annars fram að líkur á mæði-visnasmiti séu miklar en það var eytt gríðarlegri vinnu, tíma, fé og fórnunum í að útrýma þeim sjúkdómi hér á landi á síðustu öld og stórslys ef hann kæmi upp aftur.“

Halldór segir ekki mikla hættu á að sjúkdómarnir sem fjallað er um í skýrslunni geti borist í menn og valdið alvarlegum sýkingum. „Salmonella Dublin er þó afbrigði af Salmonellu sem ekki hefur greinst hér á landi og getur borist í menn úr nautgripum og valdið alvarlegum niðurgangi og vanlíðan.“

Smit berst með fólki

Halldór segir að Íslendingar verði í nánustu framtíð að auka varnir sínar þegar kemur að vörnum gegn smitsjúkdómum í búfé. „Bæði ferðamenn og Íslendingar sem koma frá útlöndum geta hæglega borið með sér smitefni og flestir búfjárjúkdómar sem borist hafa hingað á undanförunum árum hafa vafalítið borist með fólki.

Þeir sem ferðast til Bandaríkjanna, Kanada, Ástralíu Nýja-Sjálands og fleiri landa vita að þeir þurfa að útfylla pappíra þar sem því er svarað hvort viðkomandi hafi heimsótt bóndabýli fyrir ákveðnar tímasetningar eða hvort í farangrinum séu matvæli sem hugsanlega gætu borið búfjársmit. Í Nýja-Sjálandi hefur meira að segja verið tekið upp á því að hreinsa eða sótthreinsa skófatnað við komuna til landsins.

„Sjálfur hef ég lagt til að slíkt eftirlit verði hert hér á landi en ekki enn komist áfram með það mál. Við þurfum til dæmis að koma upp gegnumlýsingarþúnaði á flugvöllum og hundum sem eru sérhæfðir í að hafa uppi á kjöti. Veikasti hlekkurinn í vörum okkar í dag tengist ferðamönnum og Íslendingum sem snúa heim frá útlöndum og hafa hugsanlega haft viðdvöl á svæðum þar sem búfjárjúkdómar eru landlægir eða nýlega komið upp. Auk þess sem við verðum að fylgjast vel með öllum innflutningi á kjöti. Stóri gin- og klaufaveikifaraldurinn sem kom upp í Bretlandi árið 2001 er

til dæmis rakinn til innflutnings á ólöglegu kjöti.“

Frystikrafa fyrir hrátt kjöt er einangrunartími

Þrátt fyrir að ekki sé fjallað um smit-hættu á búfjárjúkdómum sem geta fylgt innflutningi á hráu kjöti segir Halldór að í dag sé flutt inn mikið af hráu kjöti til landsins, en að það sé frosið.

„Við teljum að frystikrafan hafi mikla þýðingu þegar kemur að sjúkdómavörnum. Hún gefur okkur ákveðinn frest eða einangrunartíma ef vera skyldi að það hefði komið upp sjúkdómur í landinu þar sem kjötið var framleitt. Tíminn sem um ræðir er þrjátíu dagar og nógu langur fyrir flesta sjúkdóma að koma í ljós og því mikilvæg mótvægiságerð vegna innflutnings á hráu kjöti.

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ætlar að höfða mál gegn Íslandi vegna þess að verslunin hér á landi kærði á sínum tíma að innflutningur á hráu kjöti hafi ekki verið tekinn með þegar matvælaeðlugerð Evrópusambandsins var lögtekin hér á landi.“

Skýrslan stendur þrátt fyrir að aðildarviðræðum hafi verið hætt

Halldór segir að þrátt fyrir að áhættumatið hafi verið unnið í tengslum við aðildarviðræður við Evrópusambandið og að þeim sé hætt standi matið fyrir sínu. Skýrslurnar í heild má lesa á vefsíðum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins, www.anr.is og utn.is.

„Skýrslan sýnir svo ekki verður um villst hvaða hættu er fólgin í því að leyfa óheftan innflutning á lifandi dýrum til landsins og þann kostnað sem gæti fylgt í kjölfarið. Ég tel reyndar miklar líkur á að Ísland hefði fengið undanþágur eða sérákvæði um innflutning lifandi dýra á grundvelli skýrslunnar, hefðu samningaviðræðurnar við Evrópusambandið haldið áfram. Enda er hún geysilega vel unnin,“ segir Halldór Runólfsson, ráðgjafi hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu og fyrrverandi yfirdýralæknir, að lokum. /VH



Árið 1933 voru fluttar til landsins 20 karakúlkindur, 15 hrútar og 5 ær. Féð var tvo mánuði í sóttkví en svo dreift um landið og stunduð blendlingsrækt við íslenskt fé nema á Hólum í Hjaltadal þar sem það var hreinræktað. Með karakúlfénu bárust til landsins fjárpestir eins og votamæði, þurramæði, visna, garnaveiki og kylapest sem allar hafa valdið miklu tjóni.

BÁRUJÁRN
ALUSINK OG LITAD ALUSINK
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

KOPAR OG SINK
KLÆÐNINGAR

NÝJUNG
VATNSRÁS

VEGGKLÆÐNINGAR
OG FLASNINGAR

STJÖRNUBLIKK
SINKFLASINGAR • ALUMÍNÍUM KLÆÐNINGAR • KLÆÐNINGAR • BÄRISJÖRN
LÖFTBÆSTINGAR • SINK • KLÆÐNINGAR • KLÆÐNINGAR

Snögg og góð þjónusta!

Smíðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

Allt í gleri
ÚTI OG INNI

Smíðjuvegi 7
200 Kópavogi
Sími: 54 54 300
ispan@ispan.is
ispan.is

Íspan
GLER OG SPEGLAR

Fræðslu- og
Fyrirtæki

Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 31. ágúst 2015

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.

33"-35" jeppadekk í úrvali á góðu verði.

Vinsamlegast hafið samband við

Ármann Sverrisson 896-8462 e-mail jasondekk@simnet.is
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124



Jason ehf.
Hafnarstræti 88
Akureyri

HAUSTILBOÐ
Á GESTAHÚSUM OG GARÐHÚSUM

VERÐTILBOÐ - GESTAHÚS 25m²
með 9m² yfirbyggðri verönd

kr. 1.599.000,- án fylgihluta.
kr. 1.899.000,- með fylgihlutum og byggingarnefndar teiknisetti.

Grunnmynd og nánari upplýsingar á heimasíðu volundarhus.is

50% afsláttur af flutningi á GARÐHÚSUM og GESTAHÚSUM á allar þjónustustöðvar Flytjanda.

GESTAHÚS og GARÐHÚS sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður

Sjá fleiri **GESTAHÚS** og **GARÐHÚS** á tilboði á heimasíðunni **volundarhus.is**

vöfundarhús.is
Vel valið fyrir húsið þitt
volundarhus.is • Sími 864-2400

VERÐTILBOÐ - BARNHÚS 2,2m²
kr. 149.900,- án fylgihluta
kr. 169.900,- m/fylgihlutum

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,9m² - án gólfs
kr. 299.900,- án fylgihluta
kr. 339.900,- m/fylgihlutum

TILBOÐ - GARÐHÚS 9,7m²
kr. 269.900,- án fylgihluta
kr. 299.900,- m/fylgihlutum

Gólf - Einstök hönnun
léttari - sterkari -
hreinsa sig betur - hálkuvörn
Polir 4000kg öxulþunga



Á Íslandi í 15 ár - 10 ára verksmiðjuábyrgð
Á Íslandi eru 2,6 ha gólfbita frá Andersbeton



G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020
gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is

Sala og ráðgjöf Norðurlandi: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

BÍLSKÚRA- OG
IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar
bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum

Þær eru léttar og auðveldar í notkun.
Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf
Tunguháls 10, 110 Reykjavík
Sími: 567-3440, www.vagnar.is

Gamli traktorinn



Clayton & Shuttleworth – skutu niður Rauða baróninn

Árið 1842 stofnuðu verkfræðingarnir og mágarnir Nathaniel Clayton og Joseph Shuttleworth félag í Lincoln-skíri á Bretlandseyjum sem hafði að markmiði að framleiða beltagufuvélar.

Reksturinn gekk vel frá upphafi og árið 1849 hófu þeir einnig framleiðslu á þreskivélum og áður en langt um leið var fyrirtækið orðið leiðandi í framleiðslu gufu- og þreskivéla. Auk þess að selja tækin undir eigin nafni seldu þeir einnig vélar til annarra framleiðenda sem merktu þær með eigin vörumerki.

Útibú í fimm löndum

Salan á gufuvélunum var svo góð að árið 1851 seldust 200 stykki. Árið 1857 var framleiðslan komin



Manfred von Richthofen eða Rauði baróninn.

beltavél sem kallaðist Clayton Chain Rail Tractor. Sú vél var hundrað hestöfl og hálfgerður kappakstursbíll og sporttýpa í samanburði við eldri vélarnar og náði 11 kílómetra hraða á klukkustund á jafnsléttu. Stýrishjólíð skagaði fram undan vélahúsinu og var úr járn auk þess sem hægt var að bremsa hvoru belti fyrir sig og snúa vélinni á punktinum þannig.


Salan á traktorunum gekk ekki sem skyldi og Marshall vélaframleiðandinn tók við þeim hluta framleiðslu Clayton & Shuttleworth árið 1926 og var framleiðslu þeirra hætt tveimur árum seinna.

Flugvéla-smíði

Fyrirtækið var engan veginn af baki dottið þrátt fyrir að illa gengi með traktorana. Árið 1916 hafði það landað samningi sem fól í sér framleiðslu á varahlutum fyrir breska sjóherinn. Við upphaf heimsstyrjaldarinnar fyrri hóf það smíði á flugvélum fyrir breska flugherinn. Fyrsta vélin kallaðist Sopwith Triplane enda þrívængja. Sú þótti ekki sérlega góð og einungis 49 slíkar fóru í loftið. Auk minni flugvéla framleiddi fyrirtækið einnig Handley Page týpu O sem var á sínum tíma stærsta sprengjuflugvél sem framleidd var á Bretlandseyjum.



Eftir að framleiðslu þrívængjunnar var hætt hófst smíði á Sopwith Camel en sú gerð var aðallega þekkt fyrir að hafa skotið niður Fokker-þrívængju þýska flugmannsins Manfred von Richthofen, eða Rauða barónsins eins og hann var kallaður. /VH



í 2.400 og árið 1890 framleiddi Clayton & Shuttleworth 26 þúsund gufuvélar og 24 þúsund þreskivélar. Þegar best lét voru starfsmenn fyrirtækisins í Lincoln-skíri 1.200 og það með starfsstöðvar í Austurríki, Ungverjalandi, Tékklandi og Úkraínu.



Sex kílómetrar á klukkustund niður í móti

Fyrirtækið hóf framleiðslu á beltadráttarvélum með sprengihreyfli árið 1911. Fyrstu tvær vélarnar á markað frá þeim voru stórar. Önnur fjögurra strokka, 80 hestöfl og gekk fyrir steinolíu en hin 90 hestöfl og fjögurra strokka en gekk fyrir dísilolíu. Stærri vélin var aðallega hugsuð til að draga þunga plóga. Báðir traktorarnir voru fremur hægara og náðu einungis sex kílómetra hraða á klukkustund við bestu skilyrði og það helst niður í móti.

„Sporttýpan“

Ekki liðu nema fimm ár þar til uppfærsla var sett á markað,

Utan úr heimi



African Swine Fever from 2007 to 2014

Domestic
Wild

OIE
World Animal Health Information System (WAHIS) - Version: 2
Copyright (c) World Organisation for Animal Health (OIE) 2007
Release date: 26 march 2009

Smittifelli afrísku svínapestarinnar frá 2007 til 2014.

Afríska svínapestin veldur æ meiri usla í Rússlandi: Hefur sett í uppnám stórfelld áform Rússa í svínarækt

— vírusinn berst milli svæða m.a. með hráu kjöti, fatnaði og farartækjum

Ekkert lát virðist ætla að verða á útbreiðslu afrísku svínapestarinnar African Swine Fever í Rússlandi. Pestin hefur verið þekkt þar í landi frá 2007 og er nú landlæg í Georgíu, Armeníu, Azerbaidsjan, Úkraínu og Hvíta-Rússlandi.

Þá hefur hennar einnig orðið vart í fjórum Evrópusambandsríkjum, en það eru Pólland, Litháen, Lettland og Eistland, auk ítölsku eyjarinnar Sardiníu þar sem veikinnar varð fyrst vart í Evrópu árið 2007.

Svínapestin í Rússlandi veldur mönnum þar í landi áhyggjum, ekki síst vegna viðskiptabannsins sem í gildi er gagnvart Evrópusambandinu. Eftir að viðskiptabannið var að fullu sett í gang í fyrra kynntu Rússar stórfelldar áætlanir til að verða sjálfum sér nægir í framleiðslu á svínakjöti, alifuglakjöti, sauðfjárkjöti og öðrum matvælum. Hefur viðskiptabann ESB gagnvart Rússum í kjölfarið snúist upp í andhverfu sína þar sem það hefur m.a. haft mjög alvarleg áhrif á danska, pólska og finnska svínabændur sem misst hafa af afar mikilvægum viðskiptum við Rússa.

Tveggja milljarða dollara uppbyggingaráform í uppnámi

Miratorg, stærsti svínakjötframleiðandi í Rússlandi, setti í kjölfar viðskiptabannsins af stað metnaðarfulla áætlun um gríðarmikla uppbyggingu í svínarækt. Samkvæmt henni átti að byggja upp og stækka svínabú í Rússlandi fyrir sem nemur um 2 milljörðum dollara. Svínapestin hefur þó sett þessi áform Miratorg í uppnám og samkvæmt fréttum á vefsíðunni The Pig Side hafa þau nú verið sett í biðstöðu. Eigi að síður er framtíðin í svínarækt talin mjög björt innan Rússlands í kjölfar viðskiptabannsins vegna aukinnar eftirspurnar innanlands. Það er að segja ef hægt verður að koma í veg fyrir smita á svínabúnum.

Vandinn sem við er að glíma í Rússlandi er ekki eingöngu smit á búgörðum, heldur er einnig um smit-úð villisvín að ræða í skógunum sem halda áfram að breiða ASV-vírusinn út. Þá var einnig greint frá því að þrátt fyrir mjög hertar reglugerðir við svínarækt í Rússlandi, þá fari



Smitaður svínsskrokkur fjarlægður af svínabúi í Rússlandi.



Upphaf svínapestarinnar er rakið til Afríku.

um 30% svínaframleiðslunnar fram á smábýlum eða í „bakgörðum“ eins og það er orðað víða um land. Sú framleiðsla fer að stórum hluta fram utan seilingar reglueftirlitsmanna. Þá er sagt að nokkuð sé um að fátækt fólk sem vinni á stóru búgörunum steli hreinlega grísunum til að ala heima við vafasamar aðstæður.

Þann 14. september var enn eina ferðina greint frá svínadauða af völdum ASV í Rússlandi og var 25

dýrum sláttrað í kjölfarið. Komu þau frá Podrovscoe-þorpi á Orlovskaya-svæðinu.

Í ágúst var einnig greint frá því er 20 svín drápuð svo staðfest var af þessum vírus á Bryanskaya-, Ryazanskaya- og Orlovskaya-svæðunum. Voru 26 svín til viðbótar drepin til að hindra frekari útbreiðslu. Þannig má lengi áfram telja.

Mjög smitandi

Afríska svínapestin er mjög smitandi sjúkdómur í bæði villtum svínum og í eldissvínum í Afríku, Evrópu og í Ameríku.

Sýnileg áhrif hjá smituðum dýrum er hár hiti, lystarleysi, útbrot á húð og innri líffærum. Dýr sem smitast drepast yfirleitt á tveim til tíu dögum. Dauðatíðni smitaðra svína og grísa er sögð 100%. Um er að ræða DNA-vírus af Asfarviridae-ætt. Skyld er að tilkynna um smit til World Organisation for Animal Health (OIE). Vírusinn berst milli svæða m.a. með hráu kjöti, fatnaði og farartækjum. Þannig gæti vírusinn hæglega borist til Íslands ef ekki er varlega farið. /HKr.



Fjárvogir

Ritchie fjárvogirnar eru mjög þægilegar og einfaldar í notkun. Allar aðgerðir vogarinnar, þ.e. hleypa lambi inn, vigta og hleypa lambi út er hægt að framkvæma án þess að færa sig úr stað.

Hægt er að fá búið með skífumáli eða tölvu:



Fjárgangar

Fjárgangarnir frá Ritchie hafa vakið mikla lukku og reynst vel. Þetta er lítil fjárfesting sem einfaldar til muna alla meðhöndlun á sauðfé og sparar mannskap.

Sauðféð er vel skorðað af í ganginum og hægt er að þrengja hann að neðan svo lömb geti síður snúið við. Á öðrum enda gangsins er flokkari sem flokkar í 2 áttir, á hinum endanum er fallhlíð sem stýra má með reipi, þannig að ávallt er staðið við flokkarann. Allar einingar eru léttar og meðfærilegar þannig að auðvelt er að færa fjárganginn til og þakka honum saman. Allar eininga eru heitgalvanhúðaðar.



Gerðisgrindur

Léttar meðfærilegar grindur sem hægt er að raða saman á einfaldan hátt. Á öðrum enda hverrar grindar eru 3 augu sem hægt er að festa næstu grind í. Engin þörf á lykkjum eða teinum. Grindurnar eru heitgalvanhúðaðar og koma í 2 lengdum: 1,2 m og 1,8 m
Margir notkunarmöguleikar.



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Búseta í sveit

Rafrænir vegvísar nú aðgengilegir á netinu, endurgjaldslaust!

Síðastliðinn vetur litu dagsins ljós bæklingar sem ætlaðir eru til ráðgjafar vegna ættliðaskipta í landbúnaði, á vef RML. Aðgengi- legir voru bæklingar sem veittu almennar upplýsingar ásamt því að til boða voru rafrænir vegvísar gegn gjaldi. Nú eru þeir vegvísar aðgengilegir á netinu, endurgjaldslaust.

Einnig hefur litið dagsins ljós rafrænn vegvísir í hrossarækt.

Þeir bæklingar sem eru nú aðgengilegir eru;

Ættliðaskipti – veitir upplýsingar um hvernig er best að bera sig að við ættliðaskipti sem geta oft verið umfangsmikil

Kaup á almennum markaði – veitir upplýsingar um hvað ber að hafa í huga við kaup á jörðum

Starfsemi – hvað svo? – inniheldur hugmyndir um starfsemi í dreifbýli

Ættliðaskipti –vinnublöð – ætluð til undirbúnings fyrir æt- tliðaskiptaumuræður/fundi

Að hefja sauðfjárbúskap – rafrænn vegvísir

Að hefja mjólkurframleiðslu/nautgriparækt – rafrænn vegvísir

Að hefja hrossarækt – rafrænn vegvísir



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins
Sími 516 5000
www.rml.is



Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út
8. október

RAMMAHÚS

Bylting á byggingavörumarkaði í gerð sumarhúsa.

TIL SÖLU
SÝNINGARHÚS Í BREIDD
50,8 m² - 10.795.000 kr.
Nánari upplýsingar hjá
sölumönnum Timburverslunar Breidd.



MIKID ÚRVAL
AF GARDHÚSUM



EINFALT
AD REISA



byko.is

VIÐ ERUM TIL
ÞJÓNUSTU REIÐUBÚNIR
serlausnir@byko.is

BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

Helstu nytjaplöntur heimsins

Pálmaolía – blessun eða bölvun?



Eyðing frumskóga í Suðaustur-Asíu er víða gríðarleg vegna ræktunar á olíupálmum til pálmaolíuframleiðslu.

Vilmundur Hansen
vilmundur@bondi.is



Pálmaolía sem unnin er úr aldin-um olíupálma er ein af helstu orsökum skógareyðingar í hitabeltinu. Á sama tíma er ræktun plöntunnar helsta lífsafkoma milljóna smábænda í Suðaustur-Asíu.

Olíuna er að finna í fjölda vöruflokka og ekki síst í matvælum. Markaðshlutdeild pálmaolíu er 56% af allri verslun á jurtaolíu í heiminum.

Pálmaolía er ódýrasta jurtaolían á markaðinum og að finna í einni af hverjum sex tilbúnum matvörum sem framleiddar eru. Hana er meðal annars að finna í súkkulaði, kexi, laufabrauði, riskökum, flögum, pítsudeigi, kökum, frosnu grænmeti, hnetusmjöri, núðlum, morgunkorni, þurrkuðum ávöxtum, smjörliki og barnamat. Auk þess sem pálmaolía er notuð í sleipiefni, sápur, kerti, sjampó, þvottaefni og snyrtivörur eins og tannkrem, varasalva, varalit og í framleiðslu á lífdísil.

Heimsframleiðslan 61 milljón tonn

Áætluð heimsframleiðsla á pálmaolíu í heiminum 2014 var rúmlega 61 milljón tonn en einungis 16% þeirrar framleiðslu er sögð sjálfbær. Áætlanir fyrir 2015 gera ráð fyrir að framleiðslan verði 65,1 milljón tonn.

Indónesía er langstærsti framleiðandinn, um 35 milljón tonn, Malasía er annar stærsti framleiðandinn og framleiðir tæp 21 milljón. Taílandingar, sem eru í þriðja sæti, framleiða ekki nema tvö milljón tonn, þarnaest kemur Kólumbía sem framleiðir rétt rúm milljón tonn. Í kjölfarið koma lönd eins og Nígería, Papúa Nýja-Gínea, Ekvador, Gana og Gvatemala þar sem framleiðslan er frá tæpum 700 þúsund tonnum og niður í 400 þúsund.

Talið er að heimsframleiðslan fari yfir 240 milljón tonn á ári fyrir árið 2050 haldist aukning í eftirspurn svipuð undanfarna áratugi og að land undir ræktunina verði um 25 milljón hektarar. Mest mun ræktunin aukast í Suður-Ameríku og Afríku.

Eins og gefur að skilja flytja Indónesía og Malasía mest út af pálmaolíu, 23,5 og 17 milljón tonn. Papúa Nýja-Gínea var þriðji stærsti útflytjandinn og flutti út 640 þúsund tonn árið 2014. Fjórhú og fimmtu stærstu útflytjendurnir voru Benin og Gvatemala, 450 og rétt rúm 400 þúsund tonn.



Skógum eytt með eldi. Undanfarnar vikur hefur kófið frá skógareldum í Indónesíu borist víða um Suðaustur-Asíu og orsakað slæmt skuggni og valdið heilsutjóni.



Pálmaolía er ódýr og að finna í einni af hverjum sex tilbúnum matvörum sem framleiddar eru.

Indverjar flytja inn þjóða mest af pálmaolíu, tæp 9 milljón tonn, ríki Evrópusambandsins flytja samantlagt inn 6,8 milljón tonn, Kína 5,7 og Pakistan 2,7 milljón tonn.

Bangladesh og Egyptaland flytja inn um 1,2 milljón tonn hvort land og Bandaríkin 1,1 milljón tonn.

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands nam innflutningur Íslendinga á pálmaolíu tæpum 370 tonnum árið 2014 sem skiptist í hráa pálmaolíu til matvælaframleiðslu, önnur hráa pálmaolía og önnur pálmaolía til matvælaframleiðslu. Innflutningurinn er mestur frá Danmörku og Noregi. Inni í þessari tölu er ekki pálmaolía sem flutt er inn í tilbúnum matvælum, snyrtivörum eða annarri framleiðslu.

Gengur undir mörgum heitum

Markaðshlutdeild pálmaolíu er 55% af allri verslun á jurtaolíu í heiminum. Þar sem pálmaolía hefur víða á sér slæmt orð er hennar ekki alltaf getið í innihaldslýsingum á umbúðum þrátt fyrir að slíkt sé víða skylt eins og til dæmis í löndum Evrópusambandsins. Í staðinn er hún kölluð nöfnum eins og vegetable oil, vegetable fat, palm kernel, palm kernel oil, palm fruit

oil, palmate, palmitate, palmolein, glyceryl, stearate, stearic acid, elaeis guineensis, palmitic acid, palm stearine, palmitoyl oxostearamide, palmitoyl tetrapeptide-3, sodium laureth sulfate, sodium lauryl sulfate, sodium kernelate, sodium palm kernelate, sodium lauryl, lactylate/sulphate, hydrated palm glycerides, etyl palmitate, octyl palmitate og palmityl alcohol svo dæmi séu tekin.

Kostir og gallar

Kostir olíupálma eru að þeir framleiða hátt í tíu sinnum meira af jurtaolíu á hektara en aðrar plöntutegundir sem ræktaðar eru til framleiðslu á jurtaolíu. Pálmaolía er hörð við stofuhita og hentar því vel í matvælaframleiðslu, hún geymist vel og hefur því langan líftíma í hillum verslana og hún er óerfðabreytt.

Um 259 milljón hektarar lands eru nýttir til framleiðslu á jurtaolíu í heiminum í dag, þar af eru rúmlega 14 milljón hektarar notaðir undir framleiðslu á pálmaolíu.

Það sem framleiðslunni er helst

fundið til foráttu er að langstærstur hluti hennar fer fram í tveimur löndum, Indónesíu og Malasíu, þar sem líffræðilegur fjölbreytileiki skóga er mikill og skógareyðing þar vegna ræktunar á olíupálmum gríðarleg. Samtímis skógareyðingunni hafa búsvæði dýra eins og fila, tígrisdýra, nashyrninga og órangúta svo dæmi séu tekin verið eyðilögð. Auk þess sem ættbálkar innfæddra hafa verið neyddir burt af landi sínu. Haldi eyðilegging frumskóga í Indónesíu áfram með sama hraða og undanfarin ár verða 90% þeirra felldir fyrir árið 2025.

Árið 2010 veittu Norðmenn Indónesíu fjárhagsaðstoð upp á milljarð Bandaríkjadala til að draga úr skógareyðingu sem þrátt fyrir það virðist ekkert lát á.

Eyðingin í Malasíu er hægari en búast má við að hún aukist þar á næstu árum og einnig í löndum eins og Taílandi, Kólumbíu, Nígeríu og fleirum sem vilja auka framleiðslu sína í takt við vaxandi eftirspurn.

Afleiðing eyðingar frumskóga-hitabeltisins til að planta olíupálmum

felast ekki bara í því að tré séu felld og öðrum plantað í staðinn. Eyðingin veldur því að líffræðileg fjölbreytni minnkar, jarðvegur eyðist, búsvæði frumbyggja hverfa og magn koltvísýrings í andrúmslofti eykst þegar jarðvegur er unninn.

Magn gróðurhúsalofttegunda sem sleppa út í andrúmsloftið við framleiðslu á einu tonni af pálmaolíu eru áætluð frá 2,3 til 19,7 tonnum sem telst riflegt framlag til hækunar lofthita á jörðinni.

Grasafræði og útbreiðsla

Oliupálmar, *Elaeis guineensis*, geta náð um 25 ára aldri og 25 metra hæð en eru sjaldnast yfir 10 metrar í ræktun. Einkímlöðungar, með trefjarót sem liggur grunnt í jarðvegi. Vaxtarbroddur pálma er á toppi þeirra þannig að sé stofninn felldur drepst plantan. Blöðin stór og allt að sjö metrar á lengd og margskipt. Oliupálmar bera blóm af báðum kynjum, blómin nokkur hundruð saman í hnapp. Eftir frjóvgun myndast steinaldin, tveir til fjórir sentimetrar að lengd, með þykkri og olíuríkri húð sem er græn í fyrstu en verða appelsínugul við aukinn þroska. Oliuinnihald hvers aldins er 30 til 35% þyngd þess. Kvenkynsklasarnir geta borið 200 til 300 þroskuð aldin hver fimm mánuðum eftir frjóvgun.

Náttúruleg útbreiðsla oliupálma er mest að 10° norðan og sunnan við miðbaug og þar dafnar plantan vel í margs konar jarðvegi og við sýrustig milli pH 4 til 7. Í ræktun vex planta ágætlega að 20° suðlægrar breiddar í Mið- og Austur-Asíu og á Madagaskar. Þrátt fyrir að oliupálmar þoli tímabundin flóð þrífast þeir best í rökum en vel framræstum jarðvegi. Kjörhitastig er 29,5° á Celsíus.


Oliupálmum er fjölgað með fræjum og gefur plantan af sér um 40 kíló af pálmaolíu og rúmt tonn af hrati eftir tvö og hálf ár til þrjú ár. Tré á besta aldri gefa af sér aldin á tveggja vikna fresti allan ársins hring. Hratið er notað sem dýrafóður, til pappírsgerðar og sem áburður.

Meðaluppskera af olíu af einum oliupálma er um þrjú tonn af aldinum á ári. Þar sem oliupálmar eru ræktaðir í stórum stíl er mikið notað af varnaefnum eins og í annarri stóræktun og eiturefnin enda að lokum í náttúrunni. Uppskeyrn og söfnun á aldininu er víðast unnin með höndum.

Uppruni og saga

Talið er að nýttar á pálmaolíu hafi þekkst í að minnsta kosti 5.000 ár fyrir upphaf okkar tímatafs. Fornleifarannsóknir benda til að Egyptar til forna hafi neytt og verslað með pálmaolíu árið 3000 fyrir Krist og fundist hafa leifar oliunnar í grafhýsum þar í landi.

Fyrstu rituðu heimildir um pálmaolíu er að finna í dagbókum og ferða-



Árið 2014 var áætlað að hátt í tvær milljónir smábænda og fjölskyldur þeirra í Indónesíu hafi framfæri af ræktun oliupálma.



Uppskeyrn og söfnun á aldininu er víðast unnin með höndum.

sögum Evrópumanna frá Vestur-Afríku um miðja 15. öld. Samkvæmt

þeim segir að olían hafi meðal annars verið notuð í súpur, sósur,

sem steikingarfeiti, við bakstur og til lækninga. Úr blöðunum var unninn þráður til spuna og vefnaðar.

Oliupálmar eru upprunnir í vestanverðri Afríku en voru fluttir til Suðaustur-Asíu í upphafi 20. aldar sem ræktunarplanta.

Á tímum iðnbyltingarinnar í Bretlandi var eftirspurn eftir ódýrri og hentugri jurtaolíu til að búa til sápur og kerti mikil og pálmaolía hentaði fullkomlega í slíka framleiðslu þar sem hún er föst við stofuhita. Pálmaolía var einnig notuð sem smurolía á vélar.

Vinsældir pálmaolíu sem íblöndunarefni jukust mikið á tímum seinni heimsstyrjaldarinnar og í kjölfar hennar. Heimsverslun með pálmaolíu óx á árunum frá 1962 til 1982 úr 500 þúsund tonnum í 2,4 milljón tonn.

Indónesía stærsti framleiðandinn

Malasía varð snemma stærsti framleiðandi pálmaolíu í heiminum og hélt því sæti fram á sjöunda áratug síðustu aldar þegar Indónesía skaust fram úr og er í dag langstærsti framleiðandinn. Stjórnvöld í Indónesíu sáu að með því að rækta oliupálma í stórum stíl var hægt að sjá fjölda landsmanna fyrir atvinnu. Árið 2014 var áætlað að hátt í tvær milljónir smábænda og fjölskyldur þeirra í Indónesíu hafi framfæri af ræktun oliupálma en um 28 milljónir íbúa í landinu lifa undir fátæktarmörkum. Afleiðing aukningarinnar er sú

að í dag er Indónesía efst á lista yfir lönd þar sem skógareyðing er mest í heiminum. Skógar eru brenndir og felldir á stórum svæðum til að fá ræktarland fyrir oliupálma. Samanburður á gervihnattamyndum frá 2000 og 2012 sýnir að gríðarlega mikið skóglendi hefur verið rutt og að um 40% af því er innan friðaðra svæða. Talið er að rúmlega sex milljón hektarar af skóglendi hafi verið felldir á þessum tólf árum. Samanburður á gervihnattamyndunum sýnir einnig að landsvæðin sem eru rudd hafa verið að stækka ár frá ári.

Áætlanir um stórfellda ræktun í Perú

Skógareyðing í Indónesíu og Malasíu vegna framleiðslu á pálmaolíu er ekki einsdæmi. Fyrir skómmu fékk matarolíuframleiðandi í Perú leyfi yfirvalda þar í landi til að fella 23.000 hektara af skóglendi í norðurhluta Amason-skógarins til að rækta oliupálma.

Skógarnir sem á að fella eru 85% frumskógar. Til skamms tíma hefur framleiðsla á pálmaolíu verið minni í Perú en í nágrannaríkjunum, Ekvador og Kólumbíu. Aukningin undanfarin ár er þó umtalsverð og útlit fyrir að pálmaolía verði rækтуð á 1,5 milljón hekturum lands í Perú eftir nokkur ár.

Samkvæmt lögum í Perú eru frumskógar Amason friðaðir en þrátt fyrir það eru þeir felldir á báða bóga og segja skógfriðunarsinnar að matvælafyrirtæki notfæri sér göt í lögum og mútur til að ná sínu fram.

Bandaríska bananaræktandinn United Fruit Company, ChiquitaFyffes í dag, mun hafa flutt fyrstu fræ oliupálma til Suður-Ameríku árið 1920. Fyrst til Gvatemala en síðan Panama og Hondúras. Fyrirtækið ætlaði sér út í stórframleiðslu á pálmaolíu eftir að sveppasýking lék bananaframleiðsluna illa. Fyrstu árin gekk treglega að finna hentug ræktunarsvæði fyrir pálmann og þeir viðkvæmir fyrir sjúkdómum.

Spilling í útgáfu vottorða

Stórfyrirtæki í matvæla- og snyrtivöruiðnaði eins og Unilever, Cargill, Procter & Gamble, Nestle, Kraft og Burger King, hafa síðustu ár mætt vaxandi gagnrýni fyrir óhóflega notkun á pálmaolíu við framleiðslu sína og ýta þannig undir skógareyðingu. Sum fyrirtækjanna hétu því fyrir nokkrum árum að hætta að nota pálmaolíu sem ekki fylgir vottorð um sjálfbæra ræktun fyrir árið 2015.

Mörg þessara fyrirtækja reiða sig á samtök sem kallast Roundtable on Sustainable Palm Oil þegar kemur að vottun oliunnar en samtökin hafa þrífaldlega verið sökuð um að gefa út fölsuð vottorð.

FENLINE

- Vatnsheld
- Þægileg
- Mjúk og hlý
- Gripgóður sóli

VÉLAR • VERSLUN • VARAHLUTIR

Tilboðsverð
20% afsláttur
kr. 15,120,-
(verð áður kr. 18,900,-)

Kaupfélag Borgfirðinga



Kleppsförin

Í síðasta Bændablaði var umfjöllun um Vinnufatabúðina sem er 75 ára um þessar mundir. Þar var m.a. fjallað um **Daníel Daníelsson, tengdaföður Þórarins Kjartanssonar, sem stofnaði Vinnufatabúðina árið 1940. Birt var vísubrot sem blaðinu barst frá núverandi eigendum þar sem minnst er á Daníel.**

Blaðinu hefur borist fjöldi ábendinga um að þetta vísubrot sé ekki alls kostar rétt með farið. Daníel Daníelsson var ljósmyndari og síðar dyravörður hjá stjórnnarráðinu.

Nafn hans bar á góma nokkrum sinnum í heilum bálki sem birtist í Speglinum sáluga þann 12. maí árið 1930 og fjallaði um Jónas frá Hríflu og bar heitið Kleppsförin.

Jónas var dóms- og kirkjumálaráðherra á árunum 1927–1931 og aftur 1931–1932. Snerist málið í Speglinum um að hann vildi láta reka yfirlækninn á Kleppsspítala. Við leyfum okkur að birta þennan ljóðabálk að ósk lesenda, eins og hann birtist í Speglinum á sínum tíma og var endurbirt þar í september 1970 og er svohljóðandi:

Kleppsförin

Jónas vaknar af blíðum blundi,
brjálaður virtist ekki þar;
í bælinu lengur ekki undi
ók sjer og fór í brækurnar.
Í landhelgisbílinn brátt var náð
brunað svo upp í stjórnnarráð.

Daníel, sem þar dyrnar passar
dyrnar opnaði fljótt og vel.
Jónasar gjörðust glyrnur hvassar
hann gaut þeim skáhalt á Daníel:
„Til setu boðið ei sýnist oss
sæk, Daníel, vort besta hross“.

„Inn að Kleppi er óravegur,
andskotastu því fljótt af stað;
ríddu eins hart og hrossið dregur,
- Helga rjetirðu þetta blað.
Flýttu þjer nú og farðu vel“.
- Þá fruktaði og spýtti Daníel.

Óþverra fyltist loftið ljótum,
- leðjurigning og malarjel.
Veifandi í bláinn báðum fótum
bykkjuna þandi Daníel.
Drótt öll á Kleppi dauðhrædd beið.
- Daníel inn í húsið reið.

Helgi greip blaðið báðum mundum,
blekugur varð um hendurnar,
undirskriftirnar eru stundum
ekki meira en svo þornaðar.
Við Doktora Jónas dundar vart
og Daníel getur riðið hart.

Doktorinn varð sem dreymi í framan,
Dungal var þar og studdi hann.
Nú sá hann eftir öllu saman
að 'ann heimsótti ráðherrann.
Húsi og stöðu flæmdur frá.
- Hann flutti með eina lyfjaskrá.

Daníel svarsins drjúgur bíður,
Daníel tók í húfuna,
Daníel út um dyrnar ríður,
Daníel sló í merina.
- Daníel tyggur drjúgum skro,
Daníel spýtir á við tvo.

Lyfja-fargansins fræga miðann
flutti Helgi úr brúkunum.
Nú fá menn trauðla að tala við hann
þó tókall hafi í lúkunum.
- Hreldan og þjáðan huga ber,
og Hríflu-rjettlætið móti sjer.

Að þessu skaltu önd mín hyggja
yfírvöldunum geðjast þú,
á hnjúnum báðum er best að liggja
og biðja um náð í sannri trú.
- Hver veit nær sorgar hefstast jel?
Hver veit nær söðlar Daníel.
Undir þetta ritar „Z“.



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins



Árni Brynjar Bragason
Ráðunautur í sauðfjárrækt hjá RML
ab@rml.is

Sauðfjárskóli RML:

Fræðslufundaröð fyrir sauðfjárbændur

Frá haustinu 2013 hefur RML starfrækt fundaröð fyrir sauðfjárbændur sem hefur gengið undir nafninu Sauðfjárskólinn.

Í nokkur ár þar á undan höfðu nokkur búnaðarsambönd starfrækt sambærilega fundaröð og hefur Sauðfjárskólinn nú verið í boði fyrir sauðfjárbændur í öllum landshlutum. Þátttaka hefur verið góð og eru t.d. um 90 bú á Vesturlandi og Vestfjörðum sem eru að ljúka sínum fundum nú í nóvember.

Á fundunum er fjallað um ýmsar hliðar sauðfjárbúskapar og reynt að fara vel yfir og ræða það sem mestu máli skiptir til að ná góðum árangri í þessari búgrein. Sauðfjárskólinn stendur í u.þ.b. eitt framleiðsluár, haldnir eru sjö fundir á þeim tíma sem standa alla jafna frá kl. 13–17.

Fundirnir eru haldnir á virkum dögum. Leiðbeinendur verða fyrst og fremst starfsmenn RML á sviði sauðfjárræktar, starfsmenn RML á sviði jarðræktar, bútekni og rekstrar koma inn sem leiðbeinendur á staka fundi og dýralæknir verður aðalleiðbeinandi á einum fundi. Umsjónarmaður með þessu verkefni, Sauðfjárskólanum, er Árni B. Bragason, ab@rml.is.

Næsta fundaröð í Sauðfjárskólanum

Starf Sauðfjárskólans hefur verið héraðabundið til þessa en þar sem nú er búið að starfrækja hann einu sinni í öllum landshlutum er ætlunin að bjóða bændum hvar sem þeir búa á landinu að skrá sig í næstu fundaröð.

Sauðfjárskólinn sem nú er langt kominn kostaði 60.000 krónur á bú en fyrirjaraanlegt er að hækka þarf þátttökugjaldið eitthvað. Gjaldið þarf að greiða fyrir 20. desember 2015. Aðeins er hægt að kaupa allan pakkann en ekki einstaka fundi. Þeir bændur sem greiða búnaðargjald geta sótt um styrk í Starfsmenntasjóð bænda en hver bóndi hefur getað fengið að hámarki um 33.000 krónur í styrk vegna endurmenntunar árlega. Sjóðurinn greiðir út styrkina að námi loknu þannig að í þessu tilfelli yrði hugsanlegur styrkur ekki greiddur fyrr en eftir rúmt ár.

Frá hverju búi geta komið á fundina þeir aðilar sem standa að búrekstrinum (allt að þrír) þannig að t.d. hjón geta komið bæði eða skipst á að mæta ef það hentar.

Árið 2013 gaf bókaútgáfan Uppheimar, í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, út veglega 300 bls. kennslubók um sauðfjárrækt. Reiknað er með að þátttakendur í Sauðfjárskólanum hafi þessa bók til aflestrar á meðan



á námi stendur. Bókina er m.a. hægt að kaupa hjá Landbúnaðarháskóla Íslands og verður bókinn boðin til sölu á fyrsta fundi Sauðfjárskólans á hverjum stað gegn staðgreiðslu.

Hér á eftir fer örstutt lýsing á áætlaðri dagskrá fundanna með fyrirvara um breytingar.

1. fundur, miður nóvember 2015

- Fóðrun og umönnun áa til frjóssemi og afurða.
- Haustmeðferð og fóðuráætlun - Farið yfir niðurstöður tilrauna og almennar ráðleggingar.
- Nokkur atriði um sauðfjársæðingar, tilgangur og leiðir til að ná góðri fangprósentu.
- Frágangur á haustbók í fjárvis.is og skipulag á komandi fengitið.

2. fundur, miður janúar 2016

- Fóðrun og markmið með fóðuröflun og haustbeit.
- Kynning á skýrsluhaldi í sauðfjárrækt og uppbyggingu þess.
- Fjárvis, uppgjör síðasta árs.
- Uppgjörsskýrslur, stöðumat og markmiðasetning.
- Skráning fangs, fósturtalninga o.fl.

3. fundur, miður febrúar 2016

- Fóðurkostnaður, fóðuröflun og fóðurgæði, greining á kostnaðarþáttum. Sniðið að sauðfjárbúum.
- Undirbúningur vorsins, áburðardreifing, sáningar í tún og græn-fóður.
- Skipulagning vor og haustbeitar.
- Sumarbeitin afrettir/heimalönd – rætt um nokkur umhugsunaratriði.

4. fundur, miður mars 2016

- Húsvist sauðfjár, vinnuhagræðing á vetri, fóðrunaraðferðir.
- Byggingarreglugerð, gólfgerðir og einangrunarefni (kostir og gallar), helstu húsgæðir, gjafagrindur, gjafavagnar, brynningar.
- Vinnuhagræðing við gjafir, umhirðu og meðhöndlun áa á vetri.

- Undirbúningur sauðburðar, flokkun áa, bólusetning og lyfjagjöf. Vinnuskipulag á sauðburði.

5. fundur, fyrri hluti í apríl 2016

- Sauðburður, fæðingarhjálp, sjúkdómavarnir, undirvenjur, vinnulag, beitarskipulag.
- Helstu sjúkdómar á sauðburði og meðhöndlun þeirra. Fjárvis.is, burðarskráning og aðrar vorskraðningar.

6. fundur, seint í ágúst 2016

- Hauststörf, flokkun lamba og beitarskipulag og vinnulag við fjárrag haustsins.
- Hagkvæmni haustbötunar, mat á væntanlegu verðmæti afurða og val á sláurtíma.
- Fjárvis.is, nýting hans til undirbúnings hauststarfa og líflambavals.
- Þuklun ásetningslamba – verkleg kennsla

7. fundur – í lok nóvember 2016

- Rýnt í ræktun og rekstur. Helstu áhrifaþættir og helstu leiðir til að bæta afrakstur búsinns.
- Þátttakendur fá leiðbeiningar um hvernig þeir geta skoðað ýmsar tölur framleiðsluársins sem hér er að ljúka og metið árangurinn.

Hafir þú/þið áhuga á að taka þátt í „Sauðfjárskólanum“ skaltu endilega skrá þig/lykkur fyrir 25. október 2015. Senda skal skráningu í tölvupósti á netfangið rml@rml.is eða hringja í síma 516-5000. Í skráningunni þarf að koma skýrt fram nafn bæjar og nöfn, kennitölur, símanúmer og netföng þátttakenda frá búinu.

Haft verður samband við alla sem skrá sig fyrstu dagana í nóvember en að sjálfsögðu þarf einhverja lágmarkspátttöku til þess að grundvöllur sé fyrir því að fara að stað með fundaröð t.d. í landsfjórðungi. Það gæti því verið upplagt að ræða þetta við aðra sauðfjárbændur í héraðinu og safna liði.

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út
8. október 2015

Söguvörður í Grímsey

Settar hafa verið upp tvær nýjar söguvörður í Grímsey. Á annarri þeirra er fjallað almennt um eyjuna og byggðina þar en á hinn um velgjörðarmann Grímseyinga, Daniel Willard Fiske.

Söguvörðurnar eru sambærilegar við þær sem settar hafa verið upp á Akureyri en skiltin eru unnin af Akureyrarstofu og Minjasafninu á Akureyri fyrir styrk sem Kvenfélag Grímseyjar hlaut úr Menningarsjóði Eyþings.

Hönnunarstofan Blek sá um frágang á skiltunum en prentun og uppsetning þeirra var í höndum framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.



uppsætning þeirra var í höndum framkvæmdadeildar Akureyrarbæjar.



HONDA
The Power of Dreams

ÖFLUGUR VINNUFÉLAGI



TRX 500FA

- Honda 5-speed DCT sjálfskipting og ESP rafmagnsskipting
- Rafstýrt afstýri „Powersteering“
- Sjálfstæð afturfjórðrun með 216mm stillanlegri dempun
- AP Suretrac™ mismunadrif sem tryggir léttari eiginleika og minni snúningsradius
- TraxLok® 2/4WD drif.



KR. 1.766.000 án vsk
kr. 2.190.000 með vsk

**Erum með fullkomið þjónustu-
verkstæði fyrir öll Honda fjórhjól**



www.honda.is



BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is



B&B Guesthouse

Á leiðinni til útlanda?

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu



2 manna
herbergi
9.900 kr

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989
www.bbguesthouse.is



EFNAGREINING ehf.

Efnagreiningafyrirtæki í Borgarfirði

Við ætlum að bjóða viðskiptavinum okkar upp á selengreiningu með hefðbundinni heyfnagreiningu á 7.500 kr. án vsk.

Heyfnagreiningar sem við bjóðum nú upp á eru:

- NIR greining + 10 stein- og snefilefni á 6.500 kr. án vsk. Ath.10 virkra daga niðurstöðuloförð.
- NIR greining + 11 stein- og snefilefni, selen bætist við. 7.500 kr. án vsk.
- NIR greining + 13 stein- og snefilefni og fleira. 9.500 kr. án vsk.
- NIR greining + orkuútreikningar. 3.500 kr. án vsk. (7 dagar)

Sjá nánar á heimasíðu.

EFNAGREINING ehf.
Ásvegi 4 · Hvanneyri · 311 Borgarnes | www.efnagreining.is

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

HAUGSUGUDÆLUR Jurop

Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælar

Er haugsugudælan í lagi?

Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla



Eigum einnig til gott úrval af haugsuguhlutum



VBL
LANDBÜNAÐUR ehf.
VBL Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600



Deerhunter

SKOTVEIÐIFATNAÐUR



Jakki í alla skotveiði
Góð hetta stór vasi á baki
2 renndir vasar
vatns og vindheldur
Kr. 21.900

Léttar og mjúkar buxur
tilvaldar í alla skotveiði
vind og vatnsheldar 2 vasar
rennilás og smella
Kr. 12.900

Skothúfa hlý og
vatnsheld
Kr 6900

Chameleon 2 skothanskar
vatnsheldir og föðraðir
Kr. 6.990


Skothanskar 8761
Fleece og
leður í lófa
Kr. 3.990

Camo hetta
létt og mjúk
Kr. 4.900.

Vesturröst

Sérverslun veiðimanna - Laugavegi 178 - sími 551 6770 - www.vesturröst.is

Hrútatunga til sölu.



Hrútatunga í Vestur-Húnavatnssýslu er til sölu. Landmikil jörð, alls 1.750 ha, með veiðirétti. Gott sauðfjárbú, 500 ærgilda sauðfjárvóti ásamt góðum vélakosti getur fylgt við sölu. Tilvalin eign fyrir ungt fólk, sem vill hefja sauðfjárbúskap. Góður húsakostur, 170 fm einbýlishús, 260 fm vélageymsla með upphitaðri vinnuæðstöðu og fjárhús fyrir 430 fjár. Jörðin er aðeins í rúmlega 150 km fjarlægð frá höfðuborginni. Staðarskáli er í næsta nágrenni og til Hvammstanga eru rúmir 30 km.

Sjá nánar á www.domus.is, www.fasteignir.is eða www.mbl.is

Magnús sími 664-6030 eða 898-5695 hjá Domus fasteignasölu, Blönduósi, netf. magnus@domus.is gefur meiri upplýsingar.



Gróður – og gáfaðir menn

Gróðurinn er undirstaða alls æðra lífs á jörðinni. Án gróðursins væru ekki fiskar í sjónum, fuglar í lofti eða fjölbreytt landdýrafána. Ísland væri líflausir brunasandar, klettaranar og hraunflákar úti í ballarhafi. Og líkt væri farið með aðrar eyjar og meginlönd. Hvergi sæist í stingandi strá, lurka eða lyng. Í gróðursnauðum heimi hefðu menn ekki orðið til. Ekki heldur nein menning.

Það þarf tré til að smíða báta til að veiða fisk. Það þarf jurta-trefjar til að gera þráð í net eða línu til að veiða fisk. Það þarf eldivið til að bræða málminn í önglana sem fiskurinn bítur á. Án tréskipa hefði Ísland aldrei verið numið af mönnum, þótt þeir hefðu verið til. Það þarf menningu til að gera skip, spinna þráð og bræða mál. Það þarf menningu til að gera menn að mönnum. Í gróðurlausum heimi getur ekki orðið til menning.

En gróðurinn einn og sér er svo sem engin undirstaða menningar. Það þarf meira til. Líkt og ær og kýr og antilópur hefðu menn getað látið nægja að elta bara uppi beitina hvar sem hún bauðst. Eða unað glaðir við sitt eins og aðrir apar Afríku án þess að leggja í hann yfir steppur og steina í allar áttir út frá þróunarmiðstöð mannapanna í sólaryl Suðurálfunnar.


Frá því að menn hófu rápið frá frumheimkynnum sínum liðu þúsundir ára áður en það verkleik og sú menning sem skipti sköpum komst á. Kynstofnar komu fram og liðu undir lok vegna þess að verkkunnáttu skorti til að fást við ófyrirséðar uppakomur í náttúrunni. Einn kynstofn manna spjaraði sig þó og lagði á endanum undir sig allar álfur jarðar. Til þess þurfti nokkra fyrirhyggju og úthald umfram það sem aðrir kynstofnar höfðu til-einkað sér. Allt núlifandi mannkyn er af þessum stofni. Og þó að samkeppnin hafi kannski verið hörð, þá sameinuðust kynstofnarnir að einhverju leyti. Ef marka má DNA-rannsóknarmiðurstöður, þá ber sá ættleggur sem við tilheyrum nokkra erfðabætti frá Neanderdalsfólki og austlægu ættleggirnir sækja brot af sínum erfðum til Denisovanfólksins. En Afríkubúar sunnan Sahara hafa alveg sloppið við slíka genamengun!

Þrátt fyrir að við nútímamenn – sem við skulum kalla svo því ekki hefur orðið nein íblöndun eða stór stökk í erfðamenginu síðan við lögðum undir okkur heiminn – værum sestir að í öllum heims-hlutum norðan Antarktíku, leið og beið þar til nútímamenning hófst. Það gerðist nokkurn veginn samtímis á rúmlega átta svæðum um miðbik hnattarins. Hvort það var fyrir þrjátíu þúsund árum eða tíu, greinir menn á um. En grafnar hafa verið upp ævafornar mannvistar-leifar í Asíu, Afríku og á báðum Ameríkuflökunum sem benda til þess að garðrækt og akuryrkja hafi verið komnar vel á veg í þéttbýliskjörnum fyrir að minnsta kosti ellefu til þrettán þúsund árum. Á þeim tíma var megnið af Evrópu undir jökli, svo að Evrópumenn geta af litlu státað í þessum efnun. En þeirra tími kom samt síðar.

Með garðræktinni og akuryrkjunni hófst nútímamenningin. Ræktunin var forsenda þéttbýlis og fólksfjölgunar. Minni tími fór í að leita uppi fæðuna og þótt að kvikfénaður hafi líka verið kominn til sögunnar á sama tíma, þá gekk hann meira sjálfala í umsjá hirða.



Íslenskur byggakur.



Luther Burbank og þyrnalausí fikjukaktusinn.

Ræktunin kallaði á samvinnu og við hana urðu meiri samskipti manna á milli. Með ræktuninni og þéttbýlismyndun þróaðist iðnaður. Einn var flinkari en annar við að fást við ýmis viðvik og brúskhluti. Með því hófst sérhæfing. Starfsgreinar urðu til. Og víða varð til ritmál. Það auðveldaði dreifingu upplýsinga. Í Kína eru til meira en fimm þúsund ára gamlir plöntulistar og prískúrantar sem gefa ekkert eftir listum frá gróðrarstöðvum nútímans eða IKEA og Quelle.

Ræktunarfólk um allan heim lagði sig fram um að finna og velja úr þær jurtir sem verðmætastar voru frá næringarsjónarmiði. Stærstu og bestu plönturnar voru valdar til undaneldis og endrum og eins komu upp stökkbreytingar sem voru til bóta. Eins urðu til kynblendingar eða að menn æxluðu saman úrvalsplöntum sömu tegundar. Smám saman urðu ræktunarplönturnar stærri og matarmeiri en formæður þeirra. Stundum var líka orðið erfitt að greina formæðurnar í hinum ræktuðu afkomendum. Góð dæmi um það eru t.d. maís, hrís og aðrar korntegundir. Í grænmetinu er fátt líkt með melónum og gúrku annað en blóm og blaðgerð, séu aldinin borin saman við frumgerðirnar. Sömu sögu er að segja um káltegundirnar sem í ræktun



'Russet Burbank'-kartaflan er McDonald's-frónskurnar.

eru nú á dögum. Fleira er á sömu lund. Sítrusávestir eru allir taldir vera komnir frá einni frumtegund sem ekki finnst lengur og upprunnir á landsvæði sem fyrir löngu er sokkið í sæ sunnan við Indónesíu.

Eftir að Móravíumaðurinn og ágústínaklerkurinn Gregor Mendel setti fram kenningar sínar um lögmál erfðafræðinnar um og uppúr miðri nítjándu öld – en fékk enga viðurkenningu fyrir fyrr en hann var allur – komst skriður á jurtakynbæturnar. Það sem áður hafði verið háð slembilukkunni var nú komið í skilvirkt kerfi. Nú gátu menn raðað saman erfðabáttum að vild, ef þeir bara höfðu grunnþekkinguna. Hvarvetna spruttu upp ný og endurbætt ræktunarafrbrigði plantna af öllu tagi, rósir, aldintré, grænmeti, grös og korntegundir. Nokkrir jurtakynbótamenn urðu heimsþekktir, t.d. hinn norskættaði Bandaríkjamaður Norman Borlaug sem hrinti af stað „Grænu byltingunni“ til að draga úr hungursneyðinni í „þriðja heiminum“ – og fékk Nóbelsverðlaunin fyrir vikið. En ekki eru allar raddir samhljóma um ágæti framtaksins. Plöntur Borlaugs þurftu mikinn áburð og voru mun viðkvæmari fyrir kvillum og pestum en hinir fornu og aðlöguðu stofnar korntegundanna sem fátæku bændurnir höfðu ræktað áður. Þannig að uppskeran var rýrari og dýrari en til

stóð þegar til kastanna var komið. Fjöldi gamalla sáðsorta glataðist, bændur höfðu ekki ráð á að rækta „súperkorn Borlaugs“ og flosnuðu upp.

Annar Bandaríkjamaður gerði líka garð sinn frægan í orðsins fyllstu merkingu. Hann hét Luther Burbank og er líklega frægastur fyrir þá kartöflusort sem hann kom á framfæri sem unglingur. Árið var 1872. Frá barnæsku hafði hann verið athugull grasa-grúskari og velti einkum fyrir sér sérkennilegum tilbrigðum í þeim plöntutegundum sem hann rakst á. Meðal annars að í einu kartöflubeði fjölskyldunnar skar ein plantan sig úr og hafði borið sig að því að mynda ber. Burbank setti á sig hvar plantan var og beið eftir því að berið þroskaðist. Biðin tók lengri tíma en hann hélt og einn morgun gerði hann vitjaði um meðgönguna var og beið horfið. Hann fylltist vonleysi fyrst og hélt að fugl hefði étíð berið. En svo lagði hann saman tvo og tvo og fann það út að enginn fugl gæti hafa tekið svona eitrad ber umhugsunarlaust. Því lagðist hann á hnén og fór að leita og fann berið nokkurn spöl frá plöntunni. Fræjunum úr berinu sáði hann svo vorið eftir. Þau voru 23. Ein af fræplöntunum kom með það sem hann hafði verið að sækjast eftir. Það voru aflangar, stórar kartöflur. Hýðið sterkt og

hnjaskþolið. Augu grunn. Og síðast en ekki síst var að innvolsið var þétt í sér og mjölvisríkt. Burbank fjölgaði yrkinu og kom sér upp nokkru útsæði. Útsæðið sló í gegn og varð þekkt undir nafni Burbanks. Nokkrum árum síðar seldi Burbank útsæðið og réttinn til að framleiða það til sölu. Fyrir það fékk hann 150 bandaríkjadali. Burbank fannst hálfpartinn að hann hefði verið plat-aður – en upphæðin sem hann fékk dugði honum til að flytja til Santa Rosa í Kaliforníu og kaupa þar gott garðland og koma upp bráðabirgðahúsi fyrir sig. Og nú tók Burbank til starfa. Óháskólagenginn, en með kerfi Mendels að leiðarljósi, lagði hann í það. Er hann lést 1926 hafði hann komið frá sér um 800 gerðum af nýjum og kynbættum garðplöntum. Meðal annars þyrnalausum fikjukaktusi sem átti að leysa beitavandamál og stuðla að arðsömum nautabúskap á eyðimörkum. Steinlausum plómum fannst honum líka gagnlegt að koma á framfæri, en hlaut dræmar undirtektir plómuframleiðenda sem seldu plómurnar eftir vikt. Þar munaði um steininn. Og í íslenskum gördum eru nokkrar snotrar garðjurtir sem rekja má til kynbóta Burbanks. En kartaflan góða 'Russet Burbank' lifir enn í fullu fjöri. Hún er eina kartaflan sem McDonald's-hamborgarakeðjan hefur til skamms tíma samþykkt í „frónskurnar“ sínar – þótt hún sé nú komin í harða samkeppni við erfðabreytta kartöflusort sem Monsanto hannaði fyrir keðjuna. Burbank var mikill heimspekingur sem aldrei lá á skoðunum sínum og oft er vitnað í spakmæli hans. Hann var gallharður og sannfærður guðleysingi, en þrátt fyrir það í miklum metum hjá trúarpostulum og guðspekingum. Og iðnjófrar og bandaríkjaforsetar sóttust eftir félagsskap hans.

Ef við lítum okkur nær og könnum hóp íslenskra jurtakynbótamanna, þá ber nú kannski fyrst upp á kanadíska Vestur-Íslendinginn Baldur Stefánsson sem ræktaði remmuna úr repjunni og gerði þar með repjuolíu hæfa til manneldis undir heitinu „Canola“. Illu heilli tókst Monsanto að sannfæra Baldur eftir að hann var orðinn lasið gamalmenni um að selja sér réttinn til að rækta upp Roundup-ready repjustofn. Af því hafa spunnist margar sorgarsögur vegna yfirgangs- og ruddahegðunar Monsanto gagnvart bændum sem vilja ekkert með erfðabreytuna hafa og óska einskis frekar en að fá að halda áfram að rækta sinn upprunalega repjustofn í friði. Út í þá sálma fer ég ekki nánar hér. Það væri leiðindalestur.

En til Íslands aftur. Við höfum sannarlega ekki verið svipt snillingum á jurtakynbótasviðinu. Þing og þjóð stendur í ævarandi þakkarskuld við Jónatan Hermannsson á Korpu sem hefur fært bygggræktarmörkin norður í Kolbeinsey að kalla má. Veðurfarskýrslur og spár íslensku Veðurstofunnar, Háskólaalmanakið og alþjóðlega atómklukkan hafa ekki roð við honum þegar kemur að þeim upplýsingum um veður og tíma sem hann les úr byggökrunum. Og dr. Þorsteinn Tómasson er kominn vel á veg að þróa móleitt birki sem sker sig tilsýndar ekki tiltakanlega í lit frá gróðursnauðu mölendismyndinni sem skiptir svo miklu máli fyrir ferðaiðnaðinn og meðvitaða umhverfisunendur. Nú bíðum við bara með krosslagða fingur og vonum að dr. Aðalsteinn Sigurgeirsson komi fljótlega fram með alaskalúpínu í gamburmosalitunum.

Lesendabás

Landnýtingarkröfur enn þá án lagastoðar

Í grein sem birt var í Bændablaðinu þann 6.11. 2014., undir fyrir-sögninni Landnýtingarkröfur án lagastoðar fjallaði ég um landnýtingarþátt reglugerðar nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauð-fjárframleiðslu. Þar var bent á að það orkaði tvímælis að gera kröfur um gerð landbótaáætlana án þess að taka nokkurt tillit til þess hver er fjárfjöldi á viðkomandi beitarsvæði.

Tílefni greinarinnar var vinna mín fyrir bændur á Jökuldal. Þar standa bændur frammi fyrir því að gera landbótaáætlanir á víðlendum svæðum með óverulega fjárbeit. Fjárbæitin er óveruleg því beitarálag miðað við vel gróíð land er lítið og í sumum tilfellum hverfandi (Meira en 30 ha af landi í gróðurflokkum 1 og 2 á hverja vetrarfóðraða ær!). Þrátt fyrir að rúmt sé í högum flokkast ríflega helmingur landflæmisins í gróðurflokka 3, 4 og 5, og þar af leiðandi ber að gera landbótaáætlanir og vinna að uppgræðslu, sbr. töflur í viðauka I í reglugerð nr. 1160/2013, sem kveða á það ef hlutfallið fer yfir 33%.

Frá því að greinin var skrifuð hefur reglugerð nr. 1160/2013 verið endurskoðuð, sbr. reglugerðarbreytingu nr. 536/2015. Breytingarnar eru einhverjar til bóta, en meginkröfur um gerð landbótaáætlana eru ennþá óbreyttar. Viðauki I er óbreyttur þannig að fjárfjöldi á beitarsvæði skiptir engu málu um það hvort gera þurfi landbótaáætlun eða ekki! Viðmiðin eru áfram þau að ef 33% lands flokkast í gróðurflokka 3, 4 og 5, skuli gera landbótaáætlunum. Landbótaáætlanir eiga að stefna að því að hlutfallinu verði náð, þ.e. að uppgræðsla fari fram.

Í tilfelli 12 bænda á Jökuldal sem verið hafa aðilar að landbótaætlunum, fela reglurnar í sér að græða eigi upp tugi þúsunda ha. Um er að ræða land sem hefur verið lítt gróíð í árhundruð, en er nú almennt í hæg-fara bata vegna góðra ytri skilyrða, þ.m.t. óverulegrar beitar. Nýtingin er því í almennt sjálfbær.

Kröfur um gerð landbótaáætlana samkvæmt gæðastýringarreglugerð eru ekki lengur í tengslum við sjálfbæra beitarnýtingu, heldur er gæðastýringin orðin að sjálfsstæðu landgræðsluverkefni þar sem bændur eru útgefendur óútfyllts tékka.

Hverjum hefði dottið í hug að kröfur um gerð landbótaáætlana yrðu settar fram án tillits til beitarálags? Það er ekki aðeins fádæma vitlaust, heldur er það í ósamræmi við lög.

**Skortur á lagastoð.
Ógildi ákvarðana**

Lagaákvæði um gæðastýringu er að rekja til breytingarlaga við búvörulög, nr. 58/2007. Meginreglur gæða-



Jón Jónsson

stýringar koma fram í 2. mgr. 41. gr. búvörulaga:

Með gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu er átt við framleiðslu á dillkakjöti samkvæmt kröfum um velferð búfjár, sjálfbæra landnýtingu og hollustu afurða. Gæðastýrð sauðfjárframleiðsla skal m.a. ná til landnota, aðbúnaðar og umhverfis, sauðfjárskýrsluhalds, jarðræktar, fôðrunar, heilsufars og lyfjanotkunar. Framleiðsluaðferðir og framleiðsluaðstæður skulu skjalfestar.

Í 4. mgr. greinarinnar er ákvæði um heimild til útgáfu reglugerðar. Þar kemur fram að í reglugerð skuli m.a. kveðið á um landnýtingarskilyrði, gæðakerfi, tilkynningar og fresti, kærueimildir, eftirlits- og úttektaraðila og tilhögun álagsgreiðslna.

Það hvílir svo á eðlilegri lögskýringu að landnýtingarskilyrði reglugerðar eiga að lúta að sjálfbærni, en ekki öðrum forsendum. Uppgræðsluskilyrði án tengsla við beitarálag standast ekki. Í 13. gr. reglugerðar nr. 1160/2013, sbr. breytingarreglugerð nr. 536/2015, eru kröfur um landnýtingu settar fram:

Landnýting framleiðanda skal vera sjálfbær á öllu því landi sem hann tilgreinir í umsókn sinni og skal það land jafnframt standast viðmið um ástand samkvæmt þeim kröfum sem settar eru í viðauka I. Framleiðandi skal eingöngu nýta land sem tilgreint er í umsókn. Landbótaáætlun skv. 15. og 16. gr. skal gera fyrir beitoland sem uppfyllir ekki kröfur samkvæmt viðauka I.

Með því að hafa orðið „og“ í greininni felur greinin í raun í sér tvö skilyrði. Annað skilyrðið er sjálfbærni. Hins vegar gildir óháð því hvort nýting teljist sjálfbær, að land skuli jafnframt standast gróðurflokkakröfur. Gróðurflokkakröfurnar koma svo fram í töflum 2 og 3 í Viðauka I við reglugerðina. Eins og nefnt hefur verið skal gera landbótaáætlun ef

meira en 33% lands telst vera í gróðurflokkum 3, 4 og 5, jafnvel þótt óveruleg beit sé á viðkomandi svæði og allur gróður í bata.

Krafa um sjálfbærni hefur grundvallarþýðingu samkvæmt löggjöf um gæðastýringu. Verulegur vafi um að landnýtingarskilyrði gæðastýringarreglugerðar sem varða gróðurflokka án tengsla og óháð sjálfbærni nýtingar hafi nægjanlega lagastoð. Matvælastofnun getur þá ekki byggt á slíkum ákvæðum. Áhrif þess geta orðið þau að ákvarðanir um að vísa sauðfjárbændum úr gæðastýringu vegna brota á landnýtingarþætti verða ógildar.

Brot á jafnræði. Mikil fjölgun landnýtingaráætlana fram undan?

Núverandi reglugerð vekur einnig upp aðra spurningu. Að því er virðist var landnýtingarákvæðum gæðastýringarreglugerðarinnar frá 2013, einugis framfylgt gagnvart þeim bændum sem höfðu haft landnýtingaráætlanir áður. Það er auðvitað

brot á jafnræðisreglum. Ný viðmið gróðurflokkunar benda hins vegar til þess að mun fleiri beitarsvæði eigi undir áætlunina.

Líklegt gróðurlendi í Gróðurflokk 3, sbr. viðauka I, er Rýrir móar, brattlendi, mólendi og melar. Þetta gróðurfar mætti næstum kalla „íslenskst gróðurlendi“, a.m.k. er það einkennandi fyrir stór landsvæði á Íslandi.

Kröfur gæðastýringarreglugerðar eru að gera skuli landnýtingaráætlun ef 33% lands eða meira er í þessum flokki og flokkum 4 og 5. Það er ekki nokkur vafi á því að muni fleiri jarðir og beitarsvæði falla undir þetta viðmið en ákvæði eldri gæðastýringarreglugerðar nr. 10/2008.

Ef lítið er til gagna um gróðurflokkun á Íslandi er líklegt að með réttu eigi nokkur hundruð sauðfjárbændur eftir að fá bréf frá MAST eða Landgræðslunni um að þeir skuli gera landbótaáætlanir, enda muni stofnanirnar beita gildandi reglugerðarákvæðum af jafnræði. (Beitarþungi á viðkomandi svæðum skiptir þar engu máli, vel að merkja.)

Það kann hins vegar að vera að MAST og Landgræðslan muni áfram halda sig við það að framfylgja nýju reglugerðinni einungis gagnvart hluta sauðfjárbænda. Því má velta upp hvort ekki megi virða kröfur stofnananna að vettugi á meðan svo er.

Svar við fyrirspurnum?

Það er því ekki úr vegi að ráðuneytið sem setur reglugerð nr. 1160/2013 og 536/2015 svari eftirfarandi:

Á hvaða forsendum eru sett gróðurflokkaskilyrði um sauðfjárbeitið í reglugerð, sem ekki eru í tengslum við og óháð beitarálagi og sjálfbærri nýtingu viðkomandi landsvæðis?

Ef ráðuneytið telur heimildir fyrir slíkum skilyrðum er því velt upp af hverju viðmið um gróðurflokka miðist við 33% í flokkum 3, 4 og 5, en ekki t.d. 10%? (Það væri metnaðarfullra og jafn samhengislaust við það hvort núverandi beitarýting telst sjálfbær.)

Jón Jónsson hrl.



Við framleiðum landbúnaðarbyggingar

Með því að nota límtré í burðargrindur landbúnaðarbygginga eins og fjósa, hesthúsa, reiðhalla, fjárhúsa og fleiri gerða, og klæða grindurnar með Yleiningum fást mjög hlýleg og falleg hús sem eru fljótuppsett, endingargóð og brunapolin. Ekki skemmir fyrir að þessi hús eru hagkvæm í viðhaldi og rekstri.

Ráðgjöf til viðskiptavina

Starfsmenn okkar búa yfir áratuga reynslu við hönnun og framleiðslu húsanna.



Fjós



Vélaskemma



Hesthús

Haustið er hentugur tími til gróðursetningar!

Langi þig í lagleg tré með laufi eða barri, reyndu hvort ei réttast sé að renna við í Kjarri.

Ölfusi, 816 Ölfus
Símar 482 1718 & 846 9776
www.kjarr.is // kjarr@islandia.is

Gróðrarstöðin Kjarr

 **Limtrevirnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluðeild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur
Netfang - sala@limtrevirnet.is

Utan úr heimi



Mikið reykjarkóf vegna skógarbruna í Indónesíu.

Mynd / earthfirstnews.wordpress.com

Skógareldar í Indónesíu:

Gríðarlegt reykjarkóf í Suðaustur-Asíu

Framkvæmdastjórn og stjórnarmenn sjö plantekrufyrirtækja hafa verið handteknir í Indónesíu í tengslum við gríðarlega skógarelda sem geisa þar.

Talið er að kveikt hafa verið í stóru skóglendi til að rýma fyrir ræktun á olíupálma til framleiðslu á pálmaolíu.

Skógareldarnir undanfarnar vikur eru með þeim stærstu sem orðið hafa í landinu og ná yfir um tvö hundruð þúsund hektara lands sem er að stórum hluta friðaðir frumskógar. Reykjarkófið frá eldunum er gífurlega mikið og hefur valdið mikilli mengun í landinu og

nærleggjandi löndum. Ástandið var svo slæmt í Singapur og í höfuðborg Malasíu, Kuala Lumpur, um tíma að skyggni var ekki nema nokkrir metrar, fólki ráðlagt að vera með öndunargrímur og skólum var lokað.

Grunur leikur á að stjórnarmenn fyrirtækja sem hafa hag af því að frumskógar séu felldir standi á bak við upptök eldanna. Sannist það eiga þeir harða dóma yfir höfði sér.

Þrátt fyrir tilraunir til að slökkva eldana hefur slíkt skilað litlum árangri og ekki hjálpar til að nú stendur yfir þurkátímabil á þessum slóðum. /VH

Tígrisdýr drap dýrahirði í Nýja-Sjálandi:

Fær að lifa

Ákveðið hefur verið að karltígrisdýr sem drap dýrahirði í Hamilton-dýragarðinum í Nýja-Sjálandi fyrir nokkrum dögum verði ekki fellt og fái að lifa áfram í garðinum.

Atvikið átti sér stað þegar vanur dýrahirðir fór inn í búr dýrsins til að gefa því að éta, líkt og hann hafði gert í mörg ár.

Tígurinn sem um ræðir kallast OX og er einn af fimm Súmatra-tígrisdýrum í garðinum sem eru friðuð enda dýrin talin í bráðri útrýmingarhættu enda ekki vitað um nema 400 slík í heiminum.

Hann er auk þess hluti af verkefni sem felst í því að viðhalda stofni Súmatra-tígrisdýra.



Í tilkynningu vegna atviksins segir að dýrahirðar við dýragarða viti að það sé í eðli tígrisdýra að drepa bráð og að því miður geti dauðsföll af þessu tagi átt sér stað þar sem menn umgangast þau. /VH

Fæðuöryggi í Afganistan fer versnandi

Samkvæmt tölum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) býr nú þriðjungur afgönsku þjóðarinnar við ótryggt fæðuöryggi.

Um fjórðungur þjóðarinnar, eða 7,3 milljónir manna, búa við nokkurt fæðuöryggi. Þá búa 5,9% eða um 1,5 milljónir manna við mikið fæðuöryggi.

Staðan í landinu er nú þannig að fjölmargir bændur hafa gefist upp og óskað eftir hjálp frá vinum og ættingjum. Aukinn fjöldi hefur neyðst til að selja land sitt og taka börn sín úr skóla til að láta þau vinna. Samkvæmt nýrri skýrslu Seasonal Food Security Assessment in Afghanistan (SFSA), hefur fjöldi þeirra bænda sem gefist hafa upp tvöfaldast á einu ári. Er afleiðingin sögð



Samkvæmt tölum FAO eiga sífellt fleiri Afganir í erfiðleikum með að tryggja sér næga fæðu. Mynd / FAO

geta verið mikil fjölgun fátækra í Afganistan sem ekki nær að fá næga fæðu.

Að stórum hluta er ástæðan rekin til átaka í landinu undanfarnar ár og áratugi. Stöðugt fleiri hrakist frá heimilum sínum og búi við afar kröpp kjör. /HKr.



Jan De Rijck, sem býr rétt í útjaðri Brusselborgar, sýnir hér hluta af gestunum sykkurófuakurinn.

Myndir / SS

Hús tekið á evrópskum bændum

— seinni hluti

Dagana 21.–30. júlí sl. fór hópur ungtra bænda í fagferð til Evrópu en tilgangur ferðarinnar var að halda upp á útskrift hópsins frá Hvanneyri.

Hér er síðari hluti umfjöllunar um þessa fagferð, en fyrri hlutinn birtist í síðasta tölublaði Bændablaðsins.

Með SAC mjaltapjóna

Fyrst var hollenska fyrirtækið H.A. De Bruijn heimsótt en fyrirtækið framleiðir m.a. innréttingar fyrir búfjárhús en er einnig með ótal umboð og þjónustu fyrir margs konar framleiðendur eins og SAC, JOZ, Suavia o.fl.

Eftir fína kynningu hjá fyrirtækinu var svo haldið í heimsókn á kúabú Christ Daemen í Rijsbergen í Hollandi, en þar var mjólkað með SAC mjaltapjóni sem sinnir tveimur mjaltaklefum. Christ býr þar ásamt föður sínum með rétt rúmlega 100 kýr og framleiðir í ár um 900 þúsund lítra en hann stefnir á að framleiða árlega 1,1–1,2 milljónir lítra.

Fjós með velferðarstíum

Hann tók nýja fjósið í notkun í nóvember sl. en áður var hann með 95 kýr í 70 legubása fjósi svo þar var allt of þröngt og framleiðslan minni eftir því. Nýja fjósið tekur hins vegar 120 kýr í framleiðslu eða samtals um 143 árskýr.

Fjósið er nokkuð hefðbundið nútíma mjaltapjónafjós með velferðarstíum þar sem hægt er að hafa kýr sem þarf að fylgjast sérstaklega með. Þær geta svo sjálfar farið í mjaltapjóninn þegar þeim hentar og mjaltapjóninn sér svo um að opna hlið fyrir þær eftir mjaltir svo þær skili sér til baka yfir á velferðarsvæðið.

Nytin hefur aukist í nýja fjósinu

Eftir að kýrnar fóru í nýja fjósið hefur meðalnytin hækkað vel og stefnir nú í 9 þúsund lítra, sem vel að merkja er allgott í Hollandi en þar er meðalnyt kúa í lægri kantinum miðað við mörg Evrópulönd, eða um 8.500 lítrar að jafnaði. Þar sem hann notar Holstein-kýr geta þær framleitt miklu meiri mjólk, en hann sagði að það tæki tíma að vinna sig upp. Kýrnar gætu hæglega skilað 12–14 þúsund lítra meðalnyt, en þá yrði að sinna þeim vel og gefa gott gróffóður og kraftmikið heilfóður.



Fjósið hjá Christ Daemen í Rijsbergen í Hollandi er, eins og sjá má, heldur óvenjulegt, alveg opið öðrum megin enda veðurfar á þessu svæði með miklum ágætum.



Mjaltapjóninn frá SAC er all frábregður þeim mjaltapjónum sem við þekkjum hér á landi enda sér sérstakur tölvustýrður armur um að þjónusta tvo mjaltaklefa og því geta tvær kýr verið mjólkaðar í einu með einum mjaltapjóni.

Með 50 hektara fyrir 120 kýr

Búið er ekki nema með 50 hektara lands, sem er skipt til helminga í maís- og rýgresisræktun. Þar sem landið er takmarkað er framleiðsla búans af mykju of mikil miðað við hektarafjöldann og því þarf að koma henni annað. Árlega þarf því að losna við 1000 rúmmetra til nágrannabæja en Christ býr svo vel að nágrannar hans eru garðyrkjubændur og geta tekið við allri umframmykju.

Aðspurður að því af hverju hann kaupi ekki meira land svo hann geti nýtt mykjuna sjálfur sagði hann að á svæðinu í kringum hann væri hektarinn til sölu á um 80.000 evrur (um 11,5 milljónir króna) sem sé einfaldlega verð sem hann ráði ekki við.

Fær greitt fyrir að setja kýrnar út

Á sumrin fara kýrnar út á tún og fyrir það fá hollenskir bændur borgað sérstaklega, alls 1 evrusent á hvern framleiddan lítra og á þessu búi þýðir það því um 1,5–1,7 milljónir í aukatekjur og munar heldur betur um slíka upphæð enda tap á rekstrinum, segir Christ.

Þegar búið var heimsótt, seinni-partinn í júlí, fékk hann 30 evrusent fyrir líttrann (43 krónur) en núll-

punktur í framleiðslunni hjá Christ eru 33 evrusent eða 47 krónur svo hver lítri er framleiddur með fjögurra krónu tapi. Afurðastöðin Friesland Campina hafði enn fremur boðað frekari verðlækkun svo fyrirséð var að tapið myndi aukast á næstunni.

Aðspurður um það hve lengi hann geti framleitt mjólk með tapi þá sagði hann að hann gengi sem stendur á eigin sjóði, en síðasta ár var afar hagstætt til framleiðslu en afurðastöðvaverðið fór mest í 48 evrusent (69 krónur) og þá var hagnaðurinn af hverjum lítra 15 evrusent (um 22 krónur) á búinu. Hann var skynsamur og lagði fyrir hluta af hagnaðinum og því hefur hann eigin sjóði til að ganga á. Hann vonast til þess að afurðastöðvaverðið fari upp á við eftir hálft ár, en hann sagðist ekki þola tap að óbreyttu í lengri tíma en eitt ár.

950 mjólkurgeitur

Næstsíðasta faglega heimsóknin í þessari ferð var svo á geitabúið Caprahoeve við bæinn Hoogstraten í Belgíu. Búi þetta er vissulega af stærri gerðinni, með 950 mjólkurgeitur og er að stækka í 1.200 geitur.

Búið reka hjónin Paul og Rit Boeren en þau starfa bæði við búið

og hafa enga starfsmenn. Geiturnar eru mjólkaðar tvisvar á dag og mjólka að jafnaði 3,6 kg mjólkur daglega en bestu geiturnar eru að gefa allt að 6 kg mjólkur á dag.

Fara ekki út

Þessar geitur, sem eru af hollenska mjólkurgeitakyninu Dutch white, eru um 70–80 kg á fæti og eru þraut-ræktaðar til mjólkurframleiðslu og því júgurmiklar. Athygli gestanna vakti hve öll aðstaða var rúmgóð og hve rýmið hjá geitunum virkaði mikið.

Þau Paul og Rit leggja mikla áherslu á dýravelferð og að geiturnar hafi mikið pláss, enda fari þær aldrei út. Rit sagði einnig frá því að í Belgíu væru kröfur til aðbúnaðar geita og kinda strangar og að fyrir þessa stærð af gripum ætti rýmið að vera 1,3 fermetrar.

Í geitahúsinu voru allar geitur í stórum hálmstíum en hálmurinn sem þau nota er fluttur inn frá Frakklandi og þykir sérlega góður en kostar sitt: 115 evrur tonnið eða um 16.500 krónur. Hálmnotkunin er einnig veruleg en á þessu búi eru notuð 5 tonn af hálmi á viku enda borið undir geiturnar annan hvern dag. Þar sem stúdíptin er ekki nema 40 cm þarf að moka út úr geitahúsinu þrisvar á ári og fer hluti af hálminum í flög en annar hluti í lífgasframleiðslu.

25% bera árlega

Framleiðsluferlið á þessu geitabúi er verulega frábrugðið því sem tíðkast í hefðbundinni mjólkurframleiðslu með kúr enda bera einungis 25% huðnanna á ári, en burður stendur frá miðjum febrúar og fram í júlí. Ástæðan fyrir því að ekki fleiri bera á hverju ári, er einfaldlega sú að geitur

geldast ekki upp og geta mjólkað samfleytt í fleiri ár! Endurnýjunarþörfin er hins vegar til staðar enda helstast geitur úr lestinni eins og gengur. T.d. er geit slátrað sé dagsnyt hennar komin niður í 1,5 kg mjólkur á dag, þá er hún ekki hagkvæm til mjólkurframleiðslu lengur og er send í sláturhús. Rit sagði að geiturnar næðu því yfirleitt að verða þetta í kringum 5 ára gamlar, en þá væru hinar yngri huðnur einfaldlega búnar að ná hinum eldri í afurðaseminni og því ekki annað að gera en að slátra.

Haldið við 40 kílóa þunga

Ungum huðnum er haldið náí lífþungi þeirra 40 kílóum og fá þær 1–2 kið við fyrsta burð en 2–4 í næsta burði. Frjósemin er því góð og þó svo að rétt tæp-lega 250 geitur beri á ári hverju þá fá þau Paul og Rit 6–700 kið.

Þar sem þau eru ekki í kjötframleiðslu eru hafrarnir seldir frá búinu víkugamlir og fást ekki fyrir þá nema 2 evrur og er í raun tap á þessum hluta framleiðslunnar. Aðspurð að því hvort ekki væri þá betra að aflífa þá við fæðingu sagði hún það ólöglegt í Belgíu.

90 krónur fyrir lítann

Geiturnar eru mjólkaðar tvisvar á dag, klukkan sex á morgnana og



Aðstaðan á geitabúinu Caprahoeve í Belgíu er afar rúmgóð en þarna eru í dag 950 mjólkandi geitur.

en afurðastöðvaverðið hefði þó sveiflast mikið á undanförnum árum og áratugum en haldist nokkuð stöðugt nú í nokkur ár.

Með holdanaut í Brussel!

Síðasta heimsóknin í þessari ferð var svo til holdakúabóndans Jan De Rijck sem býr rétt í útjaðri Brusselborgar. Jan er reyndar sölumaður í fullu starfi en býr samhliða sínu starfi með 30 holdakúr af kyninu Belgian Blue. Reyndar eru gripirnir ekki hreinræktaðir Belgian Blue holdagripir, heldur tvínýttjakyn með sama nafni. Hann mjólkar því nokkrar kúrnar í kálfana sína en meðalnyt þeirra er að hans sögn um 5.500–6.000 lítrar á ári. Hann er þó jafnt og þétt að auka hlutfall Belgian Blue holdakynsins í stofni sínum og er vaxtargeta gripa hans í dag nokkuð góð eða um 750 kíló á fæti eftir tvö ár með 65–68% fallþungahlutfall. Þetta er þó allnokkuð fjarri hreinræktuðum Belgian Blue holdanautum, en þau bestu geta náð þessum þunga á einungis 13 mánuðum.

Verðið sem hann fær fyrir fallið er 365–380 þúsund krónur eða um 750 krónur á kílóíð.

Í fjölbreyttri framleiðslu

Jan er með þónokkurt land undir og miklu meira en hann þarf fyrir holdanautabúskap sinn og ræktar hann því bæði kartöflur, gulrætur og sykur-rófur á hluta af þessum 55 hekturum sínum. Sem fóður fyrir gripina ræktar hann bæði gras, maís og fódurrófur,

en munurinn á fódurrófum og sykur-rófum felst í sykurlutfalli hvorrar gerðar fyrir sig. Þannig er sykurlutfallið í sykurrofum um 18–19% við uppskeru en 14% í fódurrófum en uppskerumagníð af hektaranum er þó svipað hjá báðum gerðum eða um 70–75 tonn. Sykurframleiðslan af hektaranum er því um 15 tonn, þ.e. með sykurrófunum.

60–65 tonn af hektaranum

Aðspurður um kartöfluframleiðsluna þá sagði Jan að vænta mætti 60–65 tonna uppskeru af hektaranum, en hann ræktar kartöflur í 10 hekturum, en að verðið sem hann fengi fyrir uppskeruna væri afar breytilegt á milli ára. Hann gerir því samninga fyrirfram um fast verð fyrir þriðj-unginn af uppskerunni og tryggir sér þannig tekjur sem standa undir mikil-vægasta kostnaðinum. Þetta er líklega eins gott enda féll verðið síðasta vetur niður í 25 evrur á tonnið, en verðið fyrir fyrirfram umsömdu viðskiptin var 100 evrur.

Rúllar kurlaðan maís

Verulega athygli hópsins vöktu rúllurnar hjá Jan en í þeim var kurlaður maís og mjög laus í sér. Aðspurður um það hvernig hægt væri að koma lausu fóðri inn í rúllubindivél sagði Jan að notuð væri sérstök rúllubindi-vél í verkið sem hægt væri að moka eða dæla lausu fóðri beint ofan í, enda gæti engin sópvinda tekið upp laust fóður. Ef kornið væri of þurt, næst ekki að rúlla það og þá er oft bætt vatni út í til þess að það náí að rúllast. Virkar áhugavert fyrir t.d. kornbændur á Íslandi.

Snorri Sigurðsson
Ráðgjafi hjá Seges P/S
sns@seges.dk

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is



GRINDUR, VOGIR, BÚR OG FLEIRA

Galvaníseruð gæða vara - Smíðuð úr stáli



Fjárvog með skífuvog
Vörunúmer: F047 2004 10
Verð kr. 175.303 án vsk.
Verð kr. 217.376 með vsk.

Fjárvog með tölvuvog
Vörunúmer: F047 2004 16
Verð kr. 236.405 án vsk.
Verð kr. 293.142 með vsk.



Meðhöndlunarbúr fyrir sauðfé
Vörunúmer: F051 2300 01
Verð kr. 288.809 án vsk.
Verð kr. 358.123 með vsk.



Stía - 1,23 m
Vörunúmer: F052 2002 02
Verð kr. 5.732 án vsk.
Verð kr. 7.107 með vsk.



Gjafahringur fyrir sauðfé (lárétt)
Vörunúmer: F035 2000 02
Verð kr. 36.057 án vsk.
Verð kr. 44.710 með vsk.



Stækkanleg gjafagrind fyrir sauðfé, 160x170 cm
Vörunúmer: F035 2003 01
Verð kr. 72.136 án vsk.
Verð kr. 89.449 með vsk.



Gjafahringur fyrir hesta, stærð 67x210 cm
Vörunúmer: F030 2000 23
Verð kr. 48.735 án vsk.
Verð kr. 60.432 með vsk.



Gjafagrind á stoðum fyrir sauðfé
Vörunúmer: F035 2004 01
Verð kr. 72.463 án vsk.
Verð kr. 89.855 með vsk.



Flokunargangur
Vörunúmer: F050 2001 01
Verð kr. 168.368 án vsk.
Verð kr. 208.776 með vsk.



Sauðfjárspray - 6 litir - 400 ml
Vörunúmer: RIT3010+
Verð kr. 1.560 án vsk.
Verð kr. 1.934 með vsk.



Litastifti í 6 litum
Vörunúmer: RIT3602+
Verð kr. 250 án vsk.
Verð kr. 310 með vsk.



Brynningarskál
Vörunúmer: B165 0500 75
Verð kr. 8.887 án vsk.
Verð kr. 11.021 með vsk.



Flokunarhlið á þrjá vegu

Gerðisgrindur og staurar – Gerum tilboð eftir teikningum

Engin suðuvinna. Auðvelt og fljótlegt í uppsetningu

Gerðigrind 4,27 m
Vörunúmer: F006 2940 14
Verð kr. 27.325 án vsk.
Verð kr. 33.883 með vsk.

Gerðisstaur 2,40 m með 4 eyrum
Vörunúmer: F017 2103 00
Verð kr. 20.543 án vsk.
Verð kr. 25.473 með vsk.

Gerðisstaur 2,40 m með 2 eyrum og læsigati
Vörunúmer: F017 2003 00
Verð kr. 18.488 án vsk.
Verð kr. 22.925 með vsk.

Gerðigrind 3,36 m
Vörunúmer: F006 2940 11
Verð kr. 25.143 án vsk.
Verð kr. 31.177 með vsk.

Gerðisstaur 2,40 m með 2 eyrum
Vörunúmer: F017 2102 00
Verð kr. 18.175 án vsk.
Verð kr. 22.537 með vsk.

Einnig fáanleg hlið með 4 slám
Stærðir: 0,92 - 1,22 - 3,36 - 4,27 m



www.VBL.is

VBL Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK
Krókháls 5F
110 Reykjavík
Sími: 414-0000

AKUREYRI
Baldursnes 2
603 Akureyri
Sími: 464-8600

Ættliðaskipti á búi – gin ljónsins?

Ættliðaskipti á búi geta á margan hátt verið viðkvæmt málefni og margir upplifa það sem svo að þeir horfist í augu við ljón sem er í áráðarhug er kemur að því að ræða þau. Aðrir líta svo á að þeir vilji ekki rugga bátinum og það geta verið jafnt fráfarandi bændur og tilvonandi bændur sem það á við. Það er eðlilegt þar sem aðstæður er mismunandi hverju sinni.

Hér koma tvær dæmisögur, tekið er fram að þær eiga sér enga hliðstæðu í raunveruleikanum þó að þær hljómi einhverjum kunnuglega í eyru.

Dæmisaga 1

Jói hafði búið á sínu kúabúi í 40 ár er heilsan brást hjá honum. Hann var reyndar ekki kominn á aldur en Lísu, kona hans, var heldur ekki of góð til heilsunnar. Augljóst var að ekki var hægt að halda áfram búskap við þessar aðstæður. Því voru góð dýr ráð, hver vildi taka við?

Hvernig átti að haga ættliðaskiptunum? Af fjórum börnum þeirra höfðu tvö sýnt búskapnum mikinn áhuga og alltaf verið til taks væri þörf á hjálparhönd. Páll, elsti sonur þeirra, sá í hvað stefndi og hafði þess vegna fyrst orð á því hvort hann ætti ekki að taka við, en kona hans og fjölskylda höfðu áhuga fyrir búskap.

Yngri systkinið sem hafði áhuga fyrir búskap, Jóna, var í námi við Háskóla Íslands og ákváðu þeir feðgar því að hún væri ekki á þeim stað í lífinu að hún vildi taka við búinu. Ráðist var í að koma því þannig fyrir að Páll fengi leigða jörðina með kaupleigu án þess að hin systkinin væru höfð til samráðs.

Auðvitað urðu systkinin ekki ánægð með það fyrirkomulag en sættust á það, þó síst Jóna sem hefði haft áhuga á því að búa. Liðu nokkur ár og Jói féll frá og kona hans fljótlega í kjölfarið. Rann þá jörðin til allra systkinanna.

Jóna hafði þá hitt draumaprinsinn sem gekk með búskapardraumana í maganum með henni og sáu þau sér leik á borði að nýta sér sinn hluta bújarðarinnar. Varð það til ósættis milli allra systkinanna þar sem Jóna og Páll bitust á um hluti systkina sinna.

Árin liðu í þessum bardaga og á meðan varð engin uppbygging á jörðinni og Páll fór á hausinn með búreksturinn. Bújörðin endaði í eyði. Það var ekki framtíðarsýn Jóa áður en hann féll frá, hann vildi sjá blómlegan búskap áfram á jörðinni. Því hefði verið skynsamlegt hjá Jóa að kalla öll börn sín saman og funda með þeim um framtíð búsins. Best hefði verið að gera samning við Pál sem allir hefðu skrifað undir, þ.e.a.s. öll börnin.

Dæmisaga 2

Gunnar hafði alla tíð búið á Hjáleigu með foreldrum sínum og aðstoðað

Farsælasta leiðin

Yngri kynslóðinni finnst oft erfitt að hafa frumkvæði að umræðum



við búskapinn. Hin systkini hans fluttu snemma að heiman og höfðu komið upp fjölskyldum annars staðar.

Hann kynntist stúlku sem vildi búa með honum. Þau ákváðu að byggja sér hús á Hjáleigu og fá keypta lóð undir það af foreldrum hans en sinna enn vinnu í næsta þéttbýli. Engar umræður voru gerðar um að hann tæki við búrekstrinum. Kona hans, Jónína, gerði þó alltaf ráð fyrir því að svo hefði verið gert.

Gunnar aðstoðaði við heyskap og önnur störf á meðan foreldrar hans gegndu daglegum fjósastörfum. Fór svo að faðir Gunnars veiktist svo að Gunnar steig í hans verk og minnkaði við sig vinnuna. Enda lá það beinast við þar sem hann bjó hvort eð er á hlaðinu. Einn daginn kom það fyrir að Jónínu var sagt upp vinnunni. Gunnar og Jónína fóru að velta því upp hvort þau ættu ekki að fá að taka við búinu. Vinna Gunnars og búseta þeirra þarna á Hjáleigu hlyti að teljast til frádráttar á búinu en svo virtist nú ekki aldeilis vera.

Þrátt fyrir veikindi föður hans þá hafði hann sterkar skoðanir á því að jörðin ætti að skiptast jafnt á milli barna þeirra hjóna, annað væri ekki sanngjarnt. Þarna kom upp pattstaða sem eðlilega endaði ekki öðruvísi en að Gunnar og Jónína stukkðu á næstu jörð sem þau höfðu ráð á og hófu búskap þar. Búskapur lagðist af á Hjáleigu eftir lát gömlu hjónanna og systkinin seldu jörðina undir sumarhúsabyggingu.

Hér að ofan má sjá dæmi um hversu mikilvægt er að ræða hlutina vel, með alla viðkomandi saman.



um ættliðaskipti vegna ótta við að eldri kynslóðinni finnst hún frek á arfleifð sína.

Þegar eldri kynslóðin hefur umræðuna gætu undirtektirnar aftur á móti orðið litlar því einhverjir af yngri kynslóðinni vilja ef til vill ekki íhuga brothvarf foreldra sinna.

Ekki er öllum ljóst hvað það er sem þarf að taka tillit til þegar ættliðaskipti eru rædd innan fjölskyldu og oft á tíðum er viss afneitun til staðar. Sú afneitun getur tengst atriðum sem er erfitt fyrir einstaklinga að

ræða, svo sem breytingum, fjármunum, örorku (andlegri sem líkamlegri) eða dauða.

Hver fjölskylda á sér málefni sem draga fram sterkar tilfinningar eða valda ósætti milli fjölskyldumeðlima. Fjölskyldur sem hafa farið í gegnum ættliðaskiptaferlið mæla með því að fyrst af öllu þurfi hver og einn fjölskyldumeðlimur að skilgreina sínar skoðanir. Næst ættu hjón (pör) að ræða þessa hluti sín á milli og síðan fjölskylda hverrar kynslóðar.

Guðný Harðardóttir
Ráðunautur
hjá RML
gudnyh@rml.is



Nálgast má á vef RML vinnublöð sem taka á öllum þeim þáttum sem hver og einn þarf að velja fyrir sér áður en lagt er af stað í ferlið. Ef þetta er gert gengur ferlið mun betur fyrir sig þegar farið er að funda um framkvæmd ættliðaskiptanna. Þó má búast við spennu eða árekstrum vegna mismunandi hlutverka og mismunandi mats á verðgildi.

Ferlið gengur mun betur fyrir sig og er árangursríkara ef allir hlutaðeigandi aðilar við ættliðaskiptin fá tækifæri til að bera kennsl á þarfir sínar og tjá þær. Fund um ættliðaskiptin skal halda með öllum hlutaðeigandi aðilum. Eldri kynslóðin er „fráfarandi bændur“, sem geta verið afi og amma, foreldrar eða frændi og/eða frænka. Yngri kynslóðin er afkomendur og/eða „tilvonandi bændur“. Heillavænlegast er að allir hlutaðeigandi sitji fundinn.

Gott er að fá einhvern utanaðkomandi til að leiða umræðuna og stjórna fundinum en viðkomandi hefði samt grunnþekkingu á eðli málsins t.d. ráðgjafi frá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Meðlimir eldri kynslóðarinnar munu taka lokaákvörðunina, en án þess að vita þarfir og áhyggjur annarra fjölskyldumeðlima gætu þeir fengið hugmyndir sem eru ekki endilega réttar. Ef staðið er að málum eins og lýst var hér á undan, finna meðlimir yngri kynslóðarinnar að tekið er tillit til þarfa þeirra.

Annað sjónarhorn á ættliðaskiptaferlið er skoðun á núverandi eignarhaldi á landi og öðrum eignum. Á að skipta um nafn? Hvað um rekstrarformið – er það hentugt fyrir þín markmið? Þó þú viljir skoða skattalegar skyldur, lögræðilegar kvaðir, fjárhagslega áhættu og svo framvegis með sérfræðingum, þá taka aðeins þú og aðrir fjölskyldumeðlimir ákvörðun um eignarhaldið og rekstrarformið sem hentar ykkur. Ráðleggingar eru meðal annars aðgengilegar hjá lögræðingum, endurskoðendum og ráðunautum Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins.

Að búa fjölskylduna undir ættliðaskiptaferlið er hluti af ábyrgð eldri kynslóðarinnar gagnvart yngri kynslóðinni. Ferlið skiptist í raun í tvennt, annars vegar lögræðilega og skattalega hlið, sem er mjög mikilvægt en gott samband og samskipti innan fjölskyldunnar við skipulagningu á ættliðaskiptunum er það sem skiptir sköpum. Vegna meðfæddra tengsla við arfleifð, land og lífsstíl, eru ættliðaskipti mun algengari í landbúnaði en öðrum rekstri. Þegar fólk vinnur náið saman marga tíma á dag eins og gerist í landbúnaði er ósamkomulag eðlilegt, einnig árekstrar. Hvað sem því líður geta óleystir árekstrar haft mikil áhrif á langtímaárangur og lífvænleika búrekstrarinnar. Þeir geta haft mikil áhrif á ferlið við ættliðaskiptin. Eldri kynslóðin gæti komist að þeirri niðurstöðu að sama hvað sé gert, verði alltaf einhverjir af yngri kynslóðinni óánægðir. Eldri kynslóðin ætti ekki að láta þetta stöðva ferlið við að komast að niðurstöðu og taka ákvörðun um ættliðaskiptin.

Munum að þau sem mynda eldri kynslóðina hafa unnið hörðum höndum að því að auka virði búrekstrarinnar – hann er eign þeirra og það er þeirra að ráðstafa honum eins og þau álíta best.



Búseta í sveit

Nánari upplýsingar um tiltæk gögn um ættliðaskipti í landbúnaði er m.a. að finna á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is, undir Búseta í sveit og einnig er hægt að hafa samband við Guðnýju Harðardóttur, ráðunaut RML, gudnyh@rml.is sími: 516 5021.



Lúpína, kerfill og ætihvönn:

Eru þetta skaðvaldar?

Kveikjan að því að ég set þessar hugleiðingar á blað eru tvær greinar eftir Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur í Bændablaðinu um þessi mál. Einnig fréttir af sveitarfélögum sem eru að berjast við þennan vágest utan þeirra girðinga sem þeim er ætlað í flóru þessa lands.

Þær eiga það allar sameiginlegt að vera öflugar og hávaxta og eyða öllum lágróðri í vistkerfinu, þar sem þær fá að þróast frjálssar. Lúpínan er dásamleg uppgræðslujurt og auðgar landið af lífrænum efnum, þar sem hún á við í uppgræðslu á örfoka landi.

Kerfillinn var fluttur til landsins sem skrautjurt í garða, þokkalegur þar, en alger plága þar fyrir utan og bætir ekki landið. Ætihvönnin er íslensk jurt og ein af okkar bestu lækningajurtum sem íslensk grasaflóra hefur upp á að bjóða en er hrein plága í friðuðu landi þar sem sauðfé er ekki beitt á landið, en þar sem sauðfé gengur frjálst sést hún ekki, hún er eins og aðrar áður nefndar plöntur, hún eyðir öllum lágróðri þar sem hún fær að valsa í frjósömu landi. Í friðuðu landi þar sem ofangreindar jurtir eru ekki til staðar er sinan mesti bölvaldurinn, rýrir flór-una og heldur frosti of lengi í jörðu og landið þar hvítleitt yfirferðar.

Við Anna Guðrún áttum ekki samleið í beitarmálum er hún var nýskriðin út úr skólanum og var heltekin af kenningum skógræktarmanna, landgræðslunnar og frændum mínum Andresi og Ólafi Arndals sem öll börðust á móti sauðfjárbreit og þó einkum á móti hrossabeit á grónum afréttum, en samkvæmt skrifum hennar nú hefur hún snúið við blaðinu og tekur undir það sem ég hélt alltaf fram er ég var í forystu hrossa- og sauðfjárbænda. „Hóflæg blönduð beit er hagabót“, þetta eru engin ný vísindi, þetta er gömul reynsla eldri kynslóða og hef ég sömu reynslu af starfi mínu sem bóndi og bústjóri í rúm 60 ár. Þetta byggist einfaldlega á því að hinar ólíku búfjártegundir velja mismunandi jurtir úr vistkerfinu. Það sem opnaði augu mín í upphafi fyrir þessu var grein um hrossarækt í bandarísku tímariti, þar sem hrossabóndi segir reynslu sína. Hann ræktaði veðhlaupahross og var aðeins með hross á búgarði sínum, en hross frá honum stóðu oftast í fremstu línu á veðhlaupabrautum, en svo fóru þau að hætta að ná þessum árangri þrátt fyrir strangt kynbóta-starf, höfðu einfaldlega ekki nægt úthald til að sigra löngu hlaupin. Hvað var að?

Skólabróðir hans sem var menntaður líffræðingur og plöntusérfræðingur kom eitt sinn í heimsókn til hans á búgarðinn og hrosseigandinn ræddi þessi vandamál sín í hrossaræktinni og hann bauðst til að fara með honum að skoða stóðið og hagana. Hann sá mjög fljótt að gróðurinn í högunum var orðinn mjög einhæfur og mest af plöntum sem hrossin hrifust ekki af. Hann ráðlagði honum að fá sér holdanaut og sauðfé og beita á þessa sömu haga, á nokkrum árum breyttist vistkerfið og smátt og smátt skilaði það sér í meiri afköstum hrossanna.

Annað dæmi sem ég upplifði á Hesti í Borgarfirði var að Hestbúið leigði Hrossaréktarsambandinu og Nautastöðinni allstórt land í Mávahlíð, þar voru stóðhestar og kynbótanaut á sumrin. Snemma á vorin er fé var hleypt af húsi, fylltist þessi girðing af fé, þó mikill gróður á samsortar landi væri til staðar allt í kring, en nær eingöngu beitt sauðfé. Þetta munstur sá ég mjög víða er ég



Lúpína í Ljósavatnsskarði.

Mynd / HKr.



Einar E. Gíslason.

fór um sem ráðunautur. Þessi dæmi voru til þess að Félag hrossabænda barðist fyrir því að leyfa hrossabeit á afréttum til landbóta, þar sem gróðurþekja var allgóð.

En með hvaða ráðum eigum við að verja fjölbreytni íslensku flórunnar til að sporna við útbreiðslu þessarar freku jurtar ef þær fara út fyrir sitt athafnasvæði, í þéttbýli, í friðlöndum og stöðum, vítt og breitt, þar sem gjafaáburður og fræi var dreift og náði að þroskast? Núna eru nokkur sveitarfélög og áhugamenn farnir að berjast gegn þessum óboðna gesti í umhverfi sínu. Reynt hefur verið að nota plöntueitur, en gallinn er sá að það drepur allan grænan gróður, er dýrt í innkaupum en fræin lifa í áratugi í jörðinni.

Önnur leið er sú að slá þessar plöntur áður en þær fella fræ, þetta er mjög vinnufrek aðferð og þar af leiðandi mjög dýr í framkvæmd og oft erfitt að koma tækjum að, nema helst í vegköntum en þar er oft erfðileikum bundið að koma beit við. Besta aðferðin til að halda þessum jurtum niðri er að beita þær. Þar erum við Anna Guðrún sammála. Í sama Bændablaði frá 23. júlí er frétt skráð af blaðamanni blaðsins, V.H., af baráttu þeirra í Nýja-Englandi í Bandaríkjunum að útrýma og halda í skefjum innfluttum plöntum sem eru að yfirtaka sjávarfítjar þar í ríkinu. Niðurstaðan var beit, allt annað gefur engan eða mjög lítinn árangur, þar reyndust geitur afkastamestar en þær þurfa mjög öflugar girðingar.

Hugleiðingar Önnu Guðrúnar í Bændablaðinu 13. ágúst sl. um þessi mál er að sauðfjárbreit sé besti kosturinn en hún sér þann annmarka á henni helstan að erfitt muni reynast að fá sauðfjáreigendur til að leigja fé til þessara starfa. Hún

telur eituráhrif lúpínu það lítil að það skaði ekki ef beitarfénaðurinn hafi önnur grös að bíta með.

Hugmynd mín til þessa sveitarfélaga, félagasamtaka og annarra sem vilja verja íslenskt gróðurlendi, þjóðgarða okkar og önnur gróin svæði sem þessar plöntur eru að leggja undir sig án vilja eigendanna á viðkomandi landi.

Girða hólfi um þær og skipuleggja sauðfjárbreit í þeim, girðingin er dýrasti þátturinn við hugmyndina en hana þarf bara að framkvæma í upphafi átakins. Anna Guðrún bendir á að erfitt gæti reynst að semja við bændur um beitarpening, það er rétt hjá henni, ég þekki það vandamál frá því ég var tilraunastjóri á Hesti. Einn möguleiki væri að leysa það með því að viðkomandi framkvæmdaraðili kaupi smáhrútlömb á haustin sem ekki eru í sláturhæfu ástandi af bændum og semji við þá um að láta gelda þau og ala þau síðan upp með sínum gemlingum

og afhendi þau eiganda í maílok. Í byrjun gróanda á að byrja að beita hólfin, en mikið atriði er að beita á nýgræðinginn og halda gróðrinum niðri fram yfir mitt sumar en eftir það ná þær ekki að þroska fræ en hólfin verða þá að fá frið svo gróðurinn fái tíma til að safna forða til vetrarkomu.

Til að leysa vetrarhirðinguna á sauðunum er best að semja við bændur sem eiga gömul ónotuð fjárhús að fódra þá, með því að láta þá liggja við opið. Þessi fóduraðferð kostar mjög litla vinnu og er heilsusamleg fyrir sauðina. Þegar þarf að endurnýja í stofninum er best að farga þeim 3ja vetra, þá er gott verð á þeim og skipta þá við bónda á sauð og framgengu geltu smálambi, þetta er beggja hagur og sjálfbær endurnýjun. Vandamálin eru að nota þessa aðferð inni á milli húsa í þéttbýli og á vegarköntum þar sem ekki er hægt að koma sláttuvél að.

Er ég var ungur maður og hafði

ekki land til umráða nálægt vinnu og dvalarstað en átti þá þegar mörg hross, tjóðraði ég þau hross sem ég var með í brúkun á smá blettum og vegköntum á Hvanneyri. Á ferðum mínum erlendis hef ég víða séð vegkanta nýtta á þennan hátt. Anna Guðrún bendir á að hrosseigandi einn sem vildi eyða lúpínu úr landi sínu beitti það svo hart að hrossin kröfsuðu upp rætur hennar og átu, ekki mæli ég með þessu, þetta getur ekki verið góð meðferð á hrossunum en aftur á móti myndi ég ráðleggja þessu fólki að fá sér grísi, en svín eru upplögð til þessa en það er eðli þeirra að grafa með trýninu eftir rótarávöxtum. Ég vann um tíma á stóru svínabúi í Danmörku þar sem bóndinn beitti gyltunum á meðgöngunni úti, þeim til heilsubóta og hafði sérstök beitarhólf til þessa brúks, þetta þótti gefast vel.

Syðra-Skórðugil 20. ágúst 2015.
Einar E. Gíslason.

Fljótafé til sýnis og sölu



Minnum á að Fljótamenn verða með opið hús á Helgustöðum í Austur-Fljótum **laugardaginn 3. október, kl. 13:30**. Þar verður hægt væri að kaupa kynbótalömb. Athugið að einungis má selja innan Tröllaskagahólfs að Svarfaðardal undanskildum.

Nokkrir punktar um nautgriparækt

Áður en ég held út um sveitir landsins til að skoða fallett sauðfé sem ég vænti að mæti mér víða á þessum haustdögum þá langar mig aðeins að víkja að örfáum atriðum sem varða nautgriparæktina.

Þetta kann að vísu að vera algert brot á þeim faguðu starfsferlum sem þroskast hafa hjá stofnun þeirri sem ég hef starfað hjá að hluta til síðustu misserin. Það verður þá bara að hafa það.

Nú eru að hefjast nýir búvörusamningar og þeir gefa ætíð tilefni til endurskoðunar á mörgum hlutum. Mér finnst samt sem umræða, ekki síst á meðal kúabænda sem óneitanlega eiga þarna mikilla hagsmuna að gæta, hafi verið hógvæð og hljóðlát. Mjólkurframleiðendur hafa síðustu misserin búið við mikla gósentíð að því leyti að þeir hafa verið óbundnir framleiðslutakmörkunum og geta framleitt það magn sem geta þeirra leyfði. Á sama tíma hafa þeir lesið sífelldar fréttir um lækkandi heimsmarkaðsverð mjólkur (ásamt fréttum af eignarhaldi mjólkurbúa í Austurlöndum fjar).

Það virðist nánast sama hvar gripíð er niður í skrif hjá mjólkurframleiðendum í nálægum löndum, verulegur brestur er í afkomunni, hin árabilsvissa gjaldprotahrina meðal danskra mjólkurframleiðenda og því miður í fleiri löndum blómstrar. Fáir virðast sjá sólskin fram undan í þessum efnum og því miður sýnist mér að það geti verið blákaldur veruleikinn. Við þessar aðstæður þegar beita verður upp í vindinn held ég andvaraleysi eigi ekki beint við.

Eðlilegt að stansa aðeins og spyrja spurninga

Á slíkum vegamótum er ef til vill eðlilegt að stansa aðeins og spyrja spurninga eins og þeirra hvort mögulega hafi skútuna eitthvað borið af rétttri leið. Sífelldar hagræðingar kröfur hafa óneitanlega hér á landi og víða um heim skilað umtalsverðu á undangengnum áratugum. Hagræðingin getur verið margs konar og margt af því sem þar trónir í mjólkurframleiðslunni má tengja tæknipróun og stækkun eininga mjög oft á kostnað aukinnar vatnsnotkunar og í sumum tilfellum einnig lands, þ.e. minni sjálfbærni. Erfitt er hins vegar að greina að stór hluti þessarar hagræðingar hafi skilað sér til þeirra sem þar starfa nema þá sem lægri tekjur og atvinnumissir. Annar aðili er hins vegar nokkuð dyggur förunautur þessar þróunar en það er fjármagn, ákaflega oft lánsfjármagn.

Það virðist hins vegar hafa fengið drjúgan hluta af hagræðingunni, jafnvel stundum meira en eðlilegan hlut. Mætti ekki líka skoða þessa hagræðingarþróun í ljósi alþjóðlegra upplýsinga um að 30–40% matvælaframleiðslu verði ýmiss konar soun að bráð á leiðinni frá jörð til borðs. Þetta eru feikimiklar tölur og þó að hagræðing skili enn verulegu eru þær tölur samt bláber í helvíti í þessum samanburði.

Halda vel aðgreindri dauðri og lifandi hagræðingu

Ég tek að það sé löngu komið að þeim tímamótum að menn verði í hugsun sinni að halda vel aðgreindri dauðri og lifandi hagræðingu. Fjármagnsfræk tæknipróun er dauð fjárfesting og reynsla ætti ef til vill að vera farin að kenna okkur hver nýtur afkasturs hennar.

Lifandi framleiðni tengist hins vegar bættri nýtingu hinna lifandi framleiðsluferla. Það gerum við m.a. með markvissu ræktunarstarfi sem skilar okkur lífeðlisfræðilega hæfari gróðri og gripum í framleiðslunni og aukin þekking á hinum lífrænu ferlum skilar okkur bættri nýtingu áburðar og fódurefna sem notuð eru í framleiðslunni. Á þann hátt einan eflum við til frambúðar það sem



Íslensk kýr á beit. Greinarhöfundur bendir m.a. á breyttar ræktunaráherslur í Noregi í samanburði við íslensku kýrnar.

Þeir sem höfnuðu innflutningi höfðuði mikið til þeirra miklu möguleika sem sérstaða íslenskrar mjólkur skapaði. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeim möguleikum. Hins vegar vil ég beinlínis saka þá sem þessum málflutningi héldu á lofti um að hafa sofði á verðinum.

við megum kalla landbúnað sem stendur undir nafni. Í seinni hluta greinarinnar velti ég fyrir nokkrum sundurlausum atriðum sem tengjast ræktunarstarfinu.

Örfá önnur stór mál búvörusamnings

Mér er ljóst að forysta bænda stendur frammi fyrir mörgum stórum vandamálum sem krefjast lagfæringa eða lausna í komandi samningum. Þar er ef til vill kvótakerfið sjálft stærsti Gordonshnúturinn. Mér sýnist að í núverandi stöðu sé það að óbreyttu í fjörbrotunum.

Það sem ef til er þar alvarlegast núna er að mínu viti að bændaforystan bindist bandalagi við kvótahafa í öðrum atvinnurekstri að semja um batnandi hag þeirra fjárfestinga. Því miður treysti ég hluta hennar dævel til að ganga þannig fyrir björg. Annað mál sem oftinnis kemur upp í þessari umræðu og ég held því miður að aðeins vaxi að alvarleika er endurnýjum starfsstéttar mjólkurframleiðenda. Í þeim efnum held ég að fjármagnspúkinn þrífist ágætlega.

Það má velta fyrir sér hvort allt eigi í auknum mæli að þróa af reglugerðarbundnum atriðum stjórnað af tommustokkum og líkum verkfærum. Að höfða til dómgreindar viðist horfið enda má vera að það sem einu sinni kallaðist það hafi að mestu verið drepið. Hugtökin réttlæti, jafnrétti, dómgreind og mennska virðast eiga fremur fáa formælendur þessa dagana.

Snúum okkur heldur að raunhæfara efni. Eftir að ég hætti að mestu störfum að nautgriparæktinni fyrir nær áratug játa ég að hafa tæpast fylgst sem skyldi nema ég hef reynt að halda við þekkingu minni í kynbótum.

Ending hjá mjólkurkúm

Þegar flett er erlendum tímaritum um nautgriparækt eru vaxandi umræður um endingu mjólkurkúu mjög áberandi. Öllum verður ljósara með hverju ári hvílíku meginhlutverki í hagkvæmni mjólkurframleiðslunnar gripir sem framleiða mikið um langa ævi hafa.

Í nýlegu dönsku nautgriparæktartímariti segja þeir frá mælikvarða sem notaður hefur verið í einhver ári í Þýskalandi sem þeir kalla meðal ævidagsnyt kúnna. Í skýrsluhaldi þarlendrar er þetta birt fyrir allar kýr við förgun. Þetta held ég að væri góður mælikvarði fyrir íslenska mjólkurframleiðendur vegna þess að hann sameinar afkastagetu og aldur kúnna

við fyrsta burð. Því miður fór aldur kvígnanna í hreina öfugþróun á alltof mörgum búum hér á landi og er víða ekki enn í því horfi sem ætti að vera.

Hér á landi eru ekki birtir árlega listar um mestar æviafurdur sem eru að verða jafn áberandi erlendis og skrár um afurðahæstu kýr. Þessu held ég mætti breyta hér og vekja þannig meiri athygli á þessum mikilvæga þætti.

Í þessu sama danska blaði eru sagðar fréttir af því sem þeir segja nýtt heimsmet mjólkurkúu í ævi-afurðum. Það var kanadísk kýr sem hét Gillete Smurf sem féll í sumar 18 ára gömul og hafði þá skilað 247.611 kg af mjólk. Íslandsmethafar í þessari grein ná því ekki að vera hálfdrættir í þessum efnum enda búast greinarhöfundar við að metið geti staðið um einhvern tíma.

Ending er undarlegur eiginleiki í ræktunarstarfi vegna þessa að hann mælist raunverulega ekki fyrir en kýrin fellur og því aldrei mögulegt að velja beint á grunni mælinga. Menn veltu þessum eiginleika lengi fyrir sér í ræktunarstarfinu en höndluðu hann aldrei af góðri íþrótt fyrir en franskur snillingur þróaði aðferðir til mats síðla á síðustu öld. Baldur Helgi tók síðan að sér að innleiða þessar aðferðir til notkunar í íslenski nautgriparækt um aldamótin og eru þær síðan þáttur í kynbótamatinu hér á landi.

Kynbótamat er að vísu aðeins reiknað fyrir nautin út frá upplýsingum um dætur þeirra en venjuleg BLUP módel falla ekki að þessu kynbótamati. Til gamans má geta þess að áður en þetta kom til höfðum við verið að fikta við að setja á nautkálfa undan kúm sem sýnt höfðu óvanalega mikla endingu. Þetta skilaði að sjálf-sögðu engu. „Einstaklingsmælingin“ er þarna fádæma ónákvæm og þessar kýr löngu úreltar í ræktunarstarfinu sökum aldurs.

Þegar menn höfnuðu innflutningi á öðru kúakyni

Aðeins langar mig að spinna þennan þráð áfram. Mögulega hef ég einhverju sinni á árum þegar innflutningsmál voru til umræðu látið í það skína að ending væri mögulega jákvæður eiginleiki íslensku kúnna. Hafi svo verið er mér í öllu falli ljóst að það var og er reginfirra. Jákvæður þáttur hjá íslenskum kúm í þessu samhengi er að þær eru léttar og fótavandamál því hverfandi í samanburði við kynsystur þeirra erlendis þar sem þetta er sívaxandi vandamál. En því miður eru annmarkar íslensku kúnna í slíkum samanburði það margir og

miklir að ending þeirra getur aldrei talist þeim til framdráttar.

Í þessu sambandi rifjast upp innflutningsumræðan um síðustu aldamót þegar íslenskir mjólkurframleiðendur höfnuðu boði Guðna Ágústssonar, sem þá var landbúnaðarráðherra, um leyfi til tilraunainnflutnings. Það var vafalítið rétt ákvörðun þar sem meirihlutinn vildi slíkt. Ég held að ekki sé erfitt að gera sér grein fyrir hvar íslensk nautgriparækt væri á vegi stödd hefði hin leiðin verið valin en það verður ekki rætt hér.

Þeir sem höfnuðu innflutningi höfðuði mikið til þeirra miklu möguleika sem sérstaða íslenskrar mjólkur skapaði. Ég vil alls ekki gera lítið úr þeim möguleikum. Hins vegar vil ég beinlínis saka þá sem þessum málflutningi héldu á lofti um að hafa sofði á verðinum.

Mér er með öllu ókunnugt um vinnu sem unnin hafi verið í þessum efnum á þeim tíma sem liðin er frá aldamótum. Árangur í þessum efnum fremur en flestu öðru í markaðsstarfi næst ekki nema með þrotlausu og markvissu starfi sem menn hafa fulla trú á sjálfir. Í fullri alvöru held ég að jafnvel megi alveg velta því fyrir sér hvort íslenskir „markaðsmenn“ hafi mögulega hent frá sér miklum möguleikum í þessum efnum í sambandi við markaðsstarf með skyr erlendis.

Breyttar ræktunaráherslur

Á þeim árum sem ég var að paufast við að stjórna ræktunarstarfinu í nautgriparækt þá býst ég við að flestum hafi verið ljóst að hugmyndir að því sem verið var að gera hverju sinni sótti ég oft til Noregs. Fyrir því voru fleiri ástæður. Ég hafði sótt mikið af minni menntun þangað og taldi mig þess vegna skilja flest að því sem þar var gert nokkurn veginn til fullnustu og til viðbótar þekkti ég persónulega á þeim árum flesta sem í þessu stafi stóðu þar. Til viðbótar voru framleiðsluskilyrði mjólkurframleiðslunnar hér á landi líklega líkari því sem gerðist í Noregi en í nokkru öðru landi. Ýmis atriði bar samt á milli sem gerðu að ekki var mögulegt að apa hluti beint eftir þeim.

Mestu skipti þar stærð ræktunarhópanna í löndunum tveim og hið öfluga sjúkdómaskráningakerfi sem Norðmenn byggð upp á áttunda áratugnum en okkur skorti að mestu enn. Þess vegna var ekki mögulegt að gera líkar kröfur til lágarfgengiseiginnleika, frjósemi og sjúkdóma og þar var gert. Áherslur ræktunarstarfsins endurspeglast í ræktunarmarkmiðum sem í flestum löndum taka vissum breytingum í áruna rás þó að þær muni litlar hér á landi allra síðustu árin.

Í nýlegu hefti af Buskap tímariti norskra nautgripabænda er birt ný endurskoðun á ræktunarmarkmiði þeirra. Þeir hafa minnkað áherslur á jógurbólgu í 18%. Þarna ber að

vísu að hafa í huga að megináhersla er á beina skráningu eiginleikans, frumtalan hefur aðeins 15% af vægi eiginleikans öfugt við hér þar sem hún er eina mælingin sem er notuð en við verðum að muna að þetta er aðeins óbein mæling jógurbólgu. Frjósemi hefur einnig 18% vægi í nýja ræktunarmarkmiðinu og hjá Norðmönnum er matið byggt á mælingum á fjölda frjósemismælikvarða sem sameinaðir eru í einn. Við látum okkur aðeins nægja mælingu á bili á milli burða.

Eins og fram kom í grein sem ég birti í blaðinu í vetur er það að vísu sá eiginleiki einn sem langflestar þjóðir nota sem mælingu hér um. Ég held að lán okkar sé að hið sterka neikvæða erfðasamband á milli afurðagetu og frjósemi er alls ekki jafn mikið hjá íslenskum kúm og í mörgum öðrum erfðahópum. Þetta samband hefur að vísu aldrei verið fyllilega metið hjá íslensku kúnum og væri tímabært að einhver mundi gera atögu að því á næstu misserum. Það sem vekur samt mesta athygli mína er að Norðmenn taka mjaltir alveg út úr ræktunarmarkmiðinu. Með því eru þeir að segja að mjaltir hjá NRF kúnum eru orðnar það góðar að ekki er réttlætanlegt að verja frekari vinnu eða fjármunum í þann eiginleika. Þetta er í raun alveg sama staða og við höfum fyrir marga erfðahópa af svartskjöldöttu kúnum víða um heim. Þó að mælitækni á þessu sviði hafi tekið heljarstökk á síðustu misserum er lítið um rannsóknir erlendis á þessu sviði. Gagnvart mjóltum vitum við að staða íslensku kýrinnar er því miður allt önnur og miklu verri.

Ofuráhersla á aukningu í skyldleikarækt?

Að síðustu langar mig að víkja örfáum orðum að áherslur á að halda uppi erfðabreytileika og forðast skyldleikarækt. Mér hefur vírst að þetta hafi verið viss fagnaðarboðskapur þeirra sem stýrt hafa ræktunarstarfinu síðustu misserin. Ég hef ætíð haft vissar efasemdir í þessum efnum og langar enn einu sinni að bera þær á borð.

Í fyrsta lagi er þekking mín á raunverulegri minnkun á erfðabreytileika hjá virkum ræktunarstofnum ákaflega af skornum skammti þó að aðrir viti þar eflaust betur og þætti mér forvitnilegt að sjá þær niðurstöður. Eina þekkt dæmið sem ég þekki er að vísu tengt íslensku kúnni en er ekki afleiðing ræktunarstarfsins heldur skýrist af ræktunarsögulegum atburðum.

Skyldleikahnignun í afurðum skoðuðum við Ágúst Sigurðsson fyrir meira en tveim áratugum og þær gáfu vísbendingar um að ef til vill væru þessi áhrif hlutfallslega ívið minni en í öðrum stofnum. Mér eru ekki aðrar rannsóknir í þessum efnum kunnar hér á landi.

Ég hef leitt ræktunarsöguleg rök að því að eðlilegt geti verið að skyldleikahnignun sé minni hjá íslensku búfé en öðru. Ég fæ ekki betur séð út frá aragrúa erfðamengisrannsókna á síðustu árum að þær styðji þessa ályktun mína. Enda eru erfðamengisrannsóknir í raun ekki annað en að lesa ræktunarsögu hópsins til baka í tíma. Í ljósi þessa leyfi ég mér vissar efasemdir um að eðlilegt sé að leggja eitthvað ofurkapp á þessa þætti í stað þess að beina kröftum að sem bestu úrvali fyrir veigamestu eiginleikana í framleiðslunni. Þar held ég að sé alveg nægjanleg verkefni og sum þegar nefnd. Eigi að leggja ofuráherslu á skyldleikaræktina ber þá að gera það á sem bestan hátt með nýtingu erfðatækni þar sem hún nýtist einmitt verulega vel til að skapa betri mynd af skyldleikaræktinni en mat út frá ætternisupplýsingum.

Læt þar með þessu rabbi lokið sem líklega er í vanþökk margra þó að ég vilji meina að ýmsir þeir þættir sem nefndir eru þarfnist jafnvel enn frekari skoðanaskipta.

Jón Viðar Jónmundsson
Ráðunautur hjá RML
jvj@bondi.is



ÖRYGGI – HEILSA – UMHVERFI

Mótorhjólamenn keppa í landi Ásgarðs í sátt við bændur

— talið hagur fyrir ferðapjónustuna á svæðinu og allar gróðurskemmdir eru græddar upp eftir keppni

Á hverju vori heldur Vélhjólaiþróttaklúbburinn stærstu akstursiþróttakeppni Íslands í landi Ásgarðs við Kirkjubæjarklaustur þar sem Eyþór Valdimarsson og Þórunna Harðardóttir búa.

Keppendur eru oftast nálægt 400 og er akstursbrautin yfir 14 km löng sem hlykkjast um ræktuð tún og óræktað land í landi Ásgarðs.

Keppnin sjálf stendur í sex klukkutíma og eru að jafnaði um tvö hundruð mótorhjól í brautinni í einu þessa sex tíma sem keppnin stendur. Að lokinni keppni er brautarstæðið eins og vel plægður akur fyrir sáðningu og ósléttur.

Mörgum sem sjá brautarstæðið fyrstu dagana eftir keppni finnst sárið ljótt og að ekki sé hægt að græða sárið í landinu nokkurn tímann upp, en svo er ekki.

Munurinn á landinu frá vori til hausts ótrúlegur

Um miðjan september fór ég á námskeið sem haldið var af Reykjavík Motor Center í landi Ásgarðs við Kirkjubæjarklaustur. Þar var kennt að aka stórum ferðamótorhjólum við erfiðar aðstæður.

Örlítill hluti námskeiðsins var í einni af brekkunum sem eru í keppnisbrautinni frá því síðasta vor, en að sjá brautina svona grasi vaxna fannst mér með ólíkindum hvað fallegt brautarstæðið var, en það eina sem benti til þess að þarna væri akstursbraut voru gulu stikurnar sem afmörkuðu brautina.

Öll brautin er grasi vaxin fallega grænu grasi sem nær manni upp undir hné. Við þessa sýn datt mér í hug að taka heimilisfólkið á Ásgarði tali um keppnina, uppgræðsluna og samskipti þeirra við torfærumótorhjólafólk.



Ásgarður í baksýn, en nemendur í ferðahjólaskóla æfa standandi akstur.

Mynd / HLJ



Mynd frá keppninni sem haldin er á vorin þar sem álag er mikið á gróður og land, en ekki er hægt að sjá annað en gular stikur í dag þar sem keppnisbrautin var.

Mynd / Halldór Sveinsson.

Aðeins gular stikurnar segja til um að þarna hafi verið akstursbraut.

Mynd / HLJ



Þórunna Harðardóttir og Eyþór Valdimarsson, bændur í Ásgarði.



Ferðahjólaskólinn fór allur fram í landi Ásgarðs.

Mynd / HLJ

Hjörtur L. Jónsson

liklegur@internet.is



Hitti heimilisfólkið fyrst í réttum

Mér fannst ég vera að stela af heimilisfólkinu dýrmætum tíma þar sem að daginn sem ég var þarna var réttardagur og þau öll í Skaftárrétt, en eftir réttir og að hafa ekið fénu heim á vagni gáfu þau sér tíma í lítið spjall.

Aðspurð um keppnina á vorin voru öll svör þeirra Eyþórs og Þórunnu mjög jákvæð í garð mótorhjólafólks og keppenda. Keppendur dásama skemmtilega braut og fara ánægðir héðan.

„Keppnin er mikill hagur fyrir ferðapjónustuna í sölu á gistingu og mat hér á svæðinu. Við fáum hluta af keppnisgjaldi sem keppendur greiða sem fer að stórum hluta í kostnað vegna keppninnar svo sem salernisaðstöðu, hlið á girðingar, fræ og áburð og tækjakostnað við að slétta braut og sá í hana. Fólk hefur býsnast yfir því að við séum að fara illa með landið með því að láta spóla og tæta það upp, en nú er öll brautin grasi gróin og fæstir sem sjá brautina í dag mundu trúa því hvernig brautin var fyrir þrem mánuðum.“

Gaman að heyra jákvæðar sögur

„Mótorhjólakeppnin er eins og hver önnur íþróttakeppni sem fær að mínu mati allt of litla umfjöllun í fjölmiðlum,“ sagði Eyþór, „og mín kynni af keppendum er góð. Mér finnst sjálfsagt að lána landið fyrir svona keppni og námskeið eins og er hér í dag. Allt þetta er bara jákvætt, ekki bara fyrir mig heldur sveitarfélagið allt.“

Kennarnarnir á námskeiðinu, sem komu frá Offroad Skills í Wales, voru afar ánægðir með landið og aðstæður á landinu, en það eina sem truflaði þá var falleg jöklasýn þegar sólin skein á Öræfajökul. Eyþór Örlýgsson, framkvæmdastjóri Reykjavík Motor Center, var mjög ánægður með námskeiðið í landi nafna síns á Ásgarði.

KROSSGÁTA Bændablaðsins

MYND: TIGERENTE (CC BY-SA 3.0)	22	KVARTA	ÁRSTÍÐ	SPILLA	SPRIKL	HVIÐA		KVK NAFN	HAPP-DRÆTTI	STEFNUR	SÁLDRA
	SVISS										
	FANGA						BRÚKA				
							ÁNÆGJU-BLOSSI				
	SIGAÐ				TÍUND						
					ASKJA						
	KÚSTUR							AÐ			
								NIDRA			
		STEFNA	FRÁ	BRESTIR			KRAFSA				
							SAMTÖK				
GEFA EFTIR					ÓHREINKA	VÆTU			GÓLA	BLÁSA	TVEIR EINS
						STAÐNA					
FLÉTTA				AUSTUR-ALFA			SAKLAUS				
				FRAMVEGIS			HEIÐUR				
EKKI			MESSING				ÁFORM				
			ÞÍÐA				GOSEFNI				
SVELGUR				SPOR			RUSL				GÖSLA
				SÖNG-LEIKUR			ÖFGA-FULLUR				
		YFIRGAF				LÍFFÆRI		ÓÐAGOT			
		SKOTT						SJÓ			
GÓMA					KEYRA			HVAÐ			SKELFING
					ANGAN						
HÆGLÆTI					NÖLDRA				BELTI		
					TÝIHLÓÐI				KRINGUM		
MJÖG				HÝRA				SPJÁTRUNG-UR			
ÁTT			VESÆLL				SKÁN				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði

MYND: SØRE (CC BY-SA 3.0)	21	KERASTA	BRÉF	FLÓN	FRIDUR	SLEMA		VETA	UPP	ÞVABRA	DUGNABUR
	FASTUR KAUPANDI	Á	S	K	R	I	F	A	N	D	I
	AÐRÉP	S	K	J	Ó	L		TEGUND	G	E	R
	SKÝRA FRÁ	T	J	Á		L	E	I	Ð	A	N
	MÁLUR RYK	M	A	N	G	A	N	ÁI	A	F	I
		ÖKYRÐ	ISSKÁPUR	K	Æ	L	I	R	UNDIRLAG Í RÚMI TVEIR EINS	D	Ý
BAKTAL	R	Ó	G	U	R			Á	L	I	T
TILRÆÐI	Á	R	Á	S		SEYTL	V	Æ	T	L	
ÞÓTT	Þ	Ó		K	R	O	T	A		S	N
STIGANDI	R	I	S		Á	L	L		G	E	G
	Ö		T	Ó	K		A	T	Ó	M	
SAM-SETNING	S	M	I	Ð	I		R	Á	N		E
ALITINN	T	A	L	I	N	N		L	A	N	D
ÁN	U	T	A	N	E	R	G		E	I	N
Í RÖÐ	R	S		N	Ö	T	R	A		S	K

Bændablaðið

Smáauglýsingar 56-30-300

Líf og lyst

BÆRINN OKKAR

Jósefína Hrafnhildur Pálmadóttir og Ingimar Skaftason stofnuðu nýbýlið Árholt og byggðu þar íbúðarhús ásamt útihúsum. Pálmi er fæddur og uppalinn í Árholti.

Árið 2001 komum við hjónin inn í búreksturinn og búið rekið saman með foreldrum Pálma, en árið 2005 tókum við svo formlega við öllu búinu. Síðan þá höfum við fjölgað í bústofninum, sérstaklega í nautaelði.

Býli: Árholt.

Staðsett í sveit: Í Húnavatnshreppi í Austur-Húnavatnssýslu.

Ábúendur: Janine Kemnitz og Pálmi Þór Ingimarsson.

Fjölskyldustærð (og gæludýra): Við eigum tvær dætur, Þórönnu Mörthu, 5 ára og Hrafnhildi Elsu, 2 ára. Gæludýrin eru Hlunkur sem er heimilishundur og barnapía og 3 fjósakettir, Gríma, Rósi og Snúlla.

Stærð jarðar? 120 ha og svo nýtum við góðar slægjur á tveimur öðrum jörðum.

Gerð bús? Kúabú, nautauppeldi og kindur sem eru aðaláhugamálið á bænum.



Fjöldi búfjár og tegundir? 27 mjólkandi kýr, 75 nautgripir (naut og kvígur á öllum aldri), 150 kindur, 2 svín, nokkrar hænur og 30 hross.

Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum? Dagurinn byrjar á því að koma dömumum í skólabílinn og svo taka fjósverkin við. Dagurinn endar svo líka á mjóltum. Verkin þar á milli eru bara mjög breytileg.

Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin? Sauðburður, heyskapur og líflambaskoðun eru skemmti-



legust. Þar fyrir utan finnst bóndanum frábært að keyra skít. Það er hins vegar ekki vinsælt hjá stelpunum þegar skít er dreift við bæinn í sunnanátt. Það er alltaf leiðinlegt þegar alvarleg veikindi koma upp hjá dýrunum og það þarf jafnvel að aflífa þau.

Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár? Vonandi fleiri nautgripir og líka kindur.

Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda? Þau eru í ágætis málum.

Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni? Vel, ef við höfum það íslenskt – já takk!

Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvara? Núna geta kúabændur framleitt skyr og lambakjöt.

Hvað er alltaf til í ísskápnum? Lýsi,

ostur, súrmjólk, gúrka og feit mjólk úr tanknum.

Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu? Hrísgrjónagrautur stendur upp úr hjá Þórönnu Mörthu og heimareykt nautatunga hjá Hrafnhildi Elsu. Lambalæri er svo alltaf vinsælt hjá fullorðna fólkinu.

Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin? Þegar graðhesturinn fór ofan í haughúsið og það þurfti að lyfta honum upp með dráttarvél.



MATARKRÓKURINN — BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

Rifið svínakjöt á flatböku og bragðgóðar bollakökur

Að þessu sinni bókum við ljúf-fenga pizzu með rifnu svínakjöti. Svokallað „pulled pork“ nýtur vaxandi vinsælda en þá er kjötið látið malla í ofni þar til það er orðið nær moðsoðið.

Kjötið er líka kjörið að nota í samlokur. Að lokum kynni ég ykkur fyrir bollakökum sem taka örfáar mínútur í undirbúningi. Hitta alltaf í mark.

Rifið svínakjöt á flatböku

- › 50 ml eplaedik
- › 100 ml tómatsósa
- › 50 g púðursykur
- › 1 msk. gult sinnep
- › 2 tsk. Worcestershire-sósa
- › 2 rif hakkaður hvítlaukur
- › 1/2 tsk. salt
- › 1/4 tsk. cayenne pipar
- › 1/4 tsk. ferskur malaður svartur pipar
- › 300 g „BBQ Pulled pork“ svínakjöt (sjá uppskrift á eftir)
- › 1/2 stk. lítill laukur, lauslega sneiddur
- › 200 g nýjar kartöflur sneiddar
- › Annað meðlæti að eigin vali ostur eða kryddjurtir

Aðferð

Í miðlungs pott, sameinið edik, tómatsósu, púðursykur, gult sinnep, Worcestershire, hvítlauk, salt, cayenne og svartan pipar. Látið suðuna koma upp, hrærið til að leysa upp sykurinn. Leyfið sósunni að krauma í 10 til 15 mínútur eða þar til hún hefur þykknað örlítið. Setjið til hliðar og leyfið að kólna.

Setjið pizzastein í ofninn (annars



þykkna stálbakka ef steinn er ekki til) og forhitið í 250 °C.

Stráðið um 2 til 3 matskeiðum af hveiti á borð og fletjið deigið út. Raðið þunnt skornum kartöflum á deigið (gott að velta þeim upp úr smjöri eða hvítlauksolíu).

Rennið pizzunni inn á heitan pizzasteininn eða bakkann og bakið í 10 til 12 mínútur eða þar til skorpan er stökk og gyllt. Látið svínakjötið í sósuna, setjið á pizzuna ásamt lauk-sneiðum og kryddjurtum úr garðinum. Dreifið osti jafnt yfir pizzuna.

Pizzadeig

- › 230 g (1 bolli) heitt vatn (50° C)
- › 20 g þurrger
- › 1 tsk. hunang
- › 2 matskeiðar extra Virgin ólífuolía
- › 400 g (3 bollar) hveiti
- › 1 tsk. salt

Í stóra skál, sameinið vatn, ger,

hunang og 1 msk. af olíu. Hrærið í gott deig. Látið hvíla í um það bil 5 mínútur.

Bætið helmingnum af hveitinu og salti, blandið með handafli þar til blandan er slétt. Haldið áfram að bæta restinni af hveitinu út í. Vinnið þar til deigið er slétt en samt örlítið klístrað. Setjið í skál með restinni af ólífuolíunni. Plastið með filmu og hvílið á heitum stað þar til deigið hefur tvöfaldast í stærð, um 1 1/2 klst.

Kýlið deigið niður og fletjið út í pizzu eftir þörfum.

„BBQ Pulled pork“ svínakjöt:

- › 1 biti svínakjöt, t.d. hnakki
- › 1 msk. salt
- › 1 tsk. cayenne pipar
- › Ferskur malaður pipar

Fjarlægjið svínakjötið úr kæli og látið það ná stofuhita áður en lengra er haldið.

Hitið ofninn í 160° C. Setjið kjötið



á pönnu, steikið vel á öllum hliðum. Kryddið með salti, pipar og cayenne pipar. Hyljið með álpappír og bakið í 4 klukkustundir.

Fjarlægjið svínakjöt úr ofninum, setjið til hliðar og kælið örlítið. Fjarlægjið alla umframfitu. Rifið niður með hjálp tveggja gaffla eða notið hreinar hendurnar. Tætið svínakjöt niður í litla bita, blandið í sósuna og framreiðið ofan á forbak-aða pizzuna.

Rauð bollakaka með vanillu-smjörkremin

- › 1 matskeið smjör, brætt
- › 1 stór egg
- › 1/2 tsk. vanilludropar
- › 3 matskeiðar sykur
- › 3 matskeiðar (1/4 bolli) hveiti
- › 1 tsk. lyftiduft
- › rauður matarlitur

Í skál eða bolla, sameinið öll innihaldsefni og hrærið þar til deigið er slétt (ekki þeyta um of). Setjið deigið í kaffibolla og bakið í örbylgjuofni á háum hita í 75 til 90 sekúndur, eða þar til kakan er bökuð. Látið kólna aðeins áður en kremið er sett á. Örbylgjukökur er best að borða nýbakaðar.

Vanillu-smjörkrem

- › 2 matskeið smjör, þeytt
- › 40 g 1/4 bolli flórsykur
- › 1/4 tsk. vanilludropar

Sameinið öll innihaldsefni í skál og þeytið saman. Bætið við bragðefni eða lit að eigin vali.



Súkkulaði- og hnetusmjörs-bollakaka

- › 3 matskeiðar hveiti
- › 2 matskeiðar sykur
- › 1 1/2 msk. kakó duft
- › 1/4 tsk. lyftiduft
- › klípa af salti
- › 3 matskeiðar mjólk
- › 1 1/2 msk. jurtaolía
- › 1 msk. hnetusmjör eða Nutela hnetukrem

Í stóru kaffimáli eða skál, hrærið saman þurru hráefni (hveiti, sykur, kakó duft, lyftiduft og salt). Bætið í mjólk, olíu og hnetusmjöri (Nutela). Hrærið þar til deigið er slétt.

Eldið í örbylgjuofni á háum hita í um 1 mínútu og 10 sekúndur. Berið fram strax! Þetta verður mjög ljúffengt!

Heklaðir ugluvettlingar

Til þess að ná fram uglunni í þessari uppskrift eru heklaðir kaðlar.

Í fyrstu getur það virst flókið að hekla kaðla en í raun er það mjög einfalt. Ítarlegri leiðbeiningar að þessum vettlingum er að finna á síðunni okkar, www.garn.is.

Garn:

Kartopu Ketenli, 1 dokka.

Heklunál:

4,5 mm.

Heklfesta:

17 stuðlar x 10 umferðir = 10 x 10 cm

Stærð:

Breidasti hluti vettlingsins er 13 cm og vettlingurinn er 20 cm á lengd. Til þess að lengja vettlinginn má bæta við auka umferð eftir 20. umferð. Einnig má stækka eða minnka vettlinginn með því að nota stærri eða minni heklnál.

Skammstafanir:

Sl. = sleppa, L = lykkja, LL = loftlykkja, KL = keðju-lykkja, ST = stuðull, FBST = frambrugðinn stuðull, FBTST = frambrugðinn tvöfaldur stuðull, OST = opin stuðull (úrtaka).

Lesist áður en byrjað er að hekla!

Hver umferð byrjar á 2 loftlykkjum og teljast þær sem fyrsti stuðull umferðarinnar. Hver stuðull er alltaf heklaður í næstu lykkju nema annað sé tekið fram. Öllum umferðum er lokað með keðjulykkju.

Hægri vettlingur:

Fitjið upp 32 LL, tengið saman í hring með KL.

1.-5. umf: Heklið 2 LL, 31 ST. (32 ST)

6. umf: Heklið 2 LL, 24 ST, 2 ST í næstu 2 L (aukið út fyrir þumli), 5 ST. (34 ST)

7. umf: Heklið 2 LL, 11 ST, 8 FBST, 6 ST, 2 ST í næstu 2 L, 6 ST. (36 ST)

8. umf: Heklið 2 LL, 11 ST, sl. 2 L, 2 FBTST, 2 FBST í lykkjurnar sem var sleppt á undan (heklað aftur fyrir FBTST), sl. 2 L, 2 FBST, 2 FBTST í lykkjurnar sem var sleppt á undan (heklað fram fyrir FBST), 7 ST, 2 ST í næstu 2 L, 7 ST. (38 ST)

9. umf: Heklið 2 LL, 11 ST, 2 FBST, 4 ST, 2 FBST, 8 ST, 2 ST í næstu 2 L, 8 ST. (40 ST)

10. umf: Heklið 2 LL, 11 ST, 8 FBST, 9 ST, 2 ST í næstu 2 L, 9 ST. (42 ST)



11. umf: Heklið 2 LL, 11 ST, 8 FBST, 10 ST, 2 ST í næstu 2 L, 10 ST. (44 ST)

